


FLE

AFMÆLISBLAÐ



Félag löggiltra
endurskoðenda
1935 - 2010

75 ára

Júlí 2010

2. tölublað
32. árgangur

Endurskoðun á tímamótum?

Alltaf á leiðinni heim

Fagstétt móttast

Hvar eru félagar FLE 2010?



Viðhorf

Tímatal 1935 - 2010

Formannspjall

Fjölskyldubönd



Útg: Félag löggiltra endurskoðenda ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð kynningarnefndar FLE. Afmælisblaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarréttshafa. Mynd á forsiðu birt með leyfi Hótel Borgar.

Vinnsla blaðsins:

Kynningarnefnd FLE:

Sighvatur Halldórsson, formaður
Auðunn Guðjónsson
Helga Erla Albertsdóttir
Guðrún Torfhildur Gísladóttir

Prófarkalestur: Dýri Guðmundsson
Umsjón, myndir og viðtöl: Hrafnhildur Hreinsdóttir
Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja
Júlí, 2010 32. árgangur 2. tölublað



Skrifstofa FLE, helstu upplýsingar

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15.
Sími: 568 8118
Tölvupóstfang: fle@fle.is
Vefsíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu FLE:

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri
sigurdur@fle.is
Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri
fle@fle.is

Fylgt úr hlaði

Frá kynningarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Félag löggiltra endurskoðenda var stofnað 16. júlí 1935 og verður því 75 ára á þessu ári. Stjórn félagsins og afmælisnefnd ákváðu á þessu ári að gefið yrði út afmælisblað í tilefni afmælisins og yrði það á könnu kynningarnefndar. Fyrir á þessu ári var FLE blaðið gefið út þar sem m.a. voru greinar á sviði reikningsskila, endurskoðunar, viðtöl við ýmsa félagsmenn ásamt ýmsu öðru efni. Við vinnslu á afmælisblaðinu leitaði kynningarnefnd víða fanga við efnistösk. Blaðið er helgað afmælisári félagsins og sögu þess þar sem meðal annars er gerð grein fyrir myndun fagstéttarinnar, helstu viðburðum á undanförunum 75 árum og þróun endurskoðunar. Kynningarnefnd hefur jafnan lagt mikið upp úr því að eiga viðtöl við félagsmenn og er innihald þessa blaðs engin undantekning. Nefndarmenn

áttu nokkur fróðleg og skemmtileg viðtöl m.a. hópviðtal við nokkra fyrrverandi formenn félagsins og einnig nokkra endurskoðendur sem tengjast fjölskylduböndum. Einn félagi okkar hefur um langt árabíl starfað víðs vegar um heiminn á vegum Sameinuðu þjóðanna og var hann fenginn til að skrifa fróðlega grein um starf sitt. Kynningarnefnd vonar að félagsmenn og aðrir hafi ánægju og gagn af lestri þessa blaðs og það veiti nokkra innsýn í starf og sögu félagsins. Nefndin vill færa öllum þeim sem hafa komið að gerð blaðsins bestu þakkir fyrir framlag þeirra.

Júlí 2010

Sighvatur Halldórsson formaður, Auðunn Guðjónsson, Helga Erla Albertsdóttir, Guðrún Torfhildur Gísladóttir

Efni blaðsins:

Fylgt úr hlaði.....	2
FLE 75 ára. Þórir Ólafsson	4
Fagstétt móttast. Kristján Sveinsson.....	5
Formannaspjall. Viðtal Kynningarnefndar við nokkra fyrrverandi formenn	15
Tímatal Félags löggiltra endurskoðenda 1935-2010.....	19
Viðburðir á afmælisári. Símon Á. Gunnarsson.....	25
Alltaf á leiðinni heim. Theodór Lúðvíksson	26
Fjölskyldubönd	30
Birirnir tveir, bræðurnir Friðbjörn og Ásbjörn Björnssynir.....	30
Endurskoðendahjónin, Hrefna og Kristján	31
Endurskoðandi eins og pabbi - feðgarnir Einar og Friðrik	32
Hvar eru félagar í FLE árið 2010? Eymundur Sveinn Einarsson.....	34
Formannamyndir.....	36
Viðhorf yngri félagsmanna	38
Endurskoðun á tímamótum? Ólafur B. Kristjánsson.....	40
Úr félagslífinu	43



Kynningarnefnd: Auðunn, Helga Erla, Guðrún Torfhildur og Sighvatur.



FLE 75 ára

Þórir Ólafsson er formaður FLE og löggiltur endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers hf

Í ár eru liðin 75 ár frá því átta manna hópur endurskoðenda kom saman til að stofna með sér félagsskap, Félag löggilta endurskoðenda. Þetta voru allir þeir sem þá voru löggiltir endurskoðendur á Íslandi, þeir Björn E. Árnason, Jón Guðmundsson, Jón Sívertsen, Georg Nielsen, Franz Albert Andersen, Niels Manscher og Ari Torlacius en umboð lá frammi frá Birni Steffenssen. Hópurinn var ekki stór en þá strax samtaka um að stofna „til samstarfs um hagsmuna- og menningarmál stéttarinnar“ eins og segir í lögum félagsins við stofnun þess. Er þessara heiðursmanna minnst með hlýhug á þessum tímamótum.

FLE hefur frá stofnun haft sömu mál í forgangi og hefur þeim nú verið deilt meira upp og eru þau rekin í nokkrum nefndum, skipulögðum námskeiðum og fundum á vegum félagsins. Skipulag félagsins hefur mótast af tíðarandanum hverju sinni. Nú eru starfandi innan félagsins 8 fastanefndir, endurskoðunarnefnd, reikningsskilanefnd, skattanefnd, álitsnefnd, gæðanefnd, siðanefnd, kynningarnefnd og menntunarnefnd auk þriggja stjórnskipaðra nefnda. Hjá félaginu starfa nú tveir starfsmenn í fullu starfi, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri. Auk þess er fjöldi manna sem vinna í nefndum og stjórnun en sú vinna er öll án þess að greiðslur komi fyrir. Samtals eru því vel yfir 40 manns sem vinna með einum eða öðrum hætti á vegum félagsins.

Skipulagið

Á þeim 75 árum sem liðin eru frá stofnun FLE hefur margt breyst. Í upphafi voru allir starfandi endurskoðendur félagsmenn og er svo orðið aftur nú þar sem skylduáðild er að félaginu. Hlutverk félagsins er að hluta mótað með lögum frá Alþingi og er m.a. nafn félagsins fastsett með lögum en starfsemin var framan af mótuð innan félagsins. Lög um löggilta endurskoðendur voru fyrst sett 1926 og síðan endurnýjuð 1953, 1976 og 1997. Gaman er að geta þess að í byrjun voru tilvik að því að menn fengju staðbundna löggildingu á afmörkuðum svæðum úti á landi en ég þekki ekki hvort þar voru sérstakar reikningsskilareglur sem giltu aðrar en almennt. Núgildandi lög voru sett árið 2008 og tóku gildi 1. janúar 2009. Í nýju lögunum eru nokkur nýmæli, m.a. að alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eru lögteknir, reyndar í bráðabirgðaákvæði þar sem þeir hafa ekki verið þýddir, gæðamál sett í fastari skorður, menntunarmál innrömmuð, Endurskoðendaráð sett á og áskilnaður er um að félagið setji félagsmönnum siðareglur. Siðareglur IFAC voru þýddar og hafa þar með fengið ígildi laga en endurskoðendum hefur borið að fara eftir þeim engu að síður vegna aðildar FLE að IFAC. Öll umgjörð um endurskoðunarstörf er orðin mótaðri

og formsettari og ber endurskoðendum að starfa eftir stöðlum við alla endurskoðunarvinnu sína.

Á árinu 1966 keypti félagið húsnæði sem var notað sem félagsheimili þess fram til ársins 1989. Söluandvirði þess var að hluta sett í að stofna námsstyrkjasjóð FLE á árinu 2003 sem hefur það markmið að styðja við eflingu bóklegs náms í endurskoðun. Enn hefur ekki verið veitt fé til þeirra mála úr sjóðnum en það stendur vonandi til bóta.

Árið 1975 hlaut fyrsta konan, Guðríður Kristófersdóttir, löggildingu til endurskoðunarstarfa en síðan hefur vegur kvenna innan stéttarinnar vaxið jafnt og þétt. Árið 2007 tók Margret Flóvenz við sem formaður félagsins og var hún fyrst kvenna til að gegna því embætti og vonandi eigum við eftir að sjá fleiri konur í þeirri stöðu.

Hlutverkið

Verulegar breytingar hafa gengið yfir samfélagið frá stofnun FLE fyrir 75 árum. Þrátt fyrir það þá er eitt sem lítið eða ekkert hefur breyst, hefur e.t.v. frekar sannað sig og fest í sessi. Það eru þeir kostir sem þrýða góðan endurskoðanda. Vil ég þar helst nefna heilindi, óhæði og traust. Hlutverk endurskoðenda hefur verið og er enn það að bæta trausti og trúverðugleika við þær upplýsingar sem unnið er hverju sinni með á fjármáلامarkaði og víðar og mikilsverðar ákvarðanir eru byggðar á. Nefndir kostir góðs endurskoðanda eru þar nauðsyn og forsenda hlutverks hans. Fjárhagsupplýsingar sem fyrirtæki miðla til markaðarins þurfa að vera gagnsæjar og áreiðanlegar. Þar sem þær eru settar fram af viðkomandi fyrirtæki þá er alltaf sú áhætta til staðar að þær geti dregið taum fyrirtækisins fram yfir fjárfestinn. Þar kemur til hlutverk hins óháða endurskoðanda. Viðurkennt er og einhugur um að traust og trúverðugleiki fjárhagsupplýsinga verði aðeins grundvallaður á því að óháður utanaðkomandi aðili komi til og veiti það. Í því kristallast mikilvægi endurskoðenda. Endurskoðendum ber því að rækja þann starfa sinn af alúð, samvirkusemi og heilindum og er tilvist stéttarinnar að veði.

Undanfarna áratugi hefur hlutverk endurskoðenda víkkað út frá því að vera í meginatriðum endurskoðun og er orðið að ýmsum aðgreinanlegum tegundum staðfestingarvinnu. Í ensku er hugtakið „assurance“ notað um alla staðfestingarvinnu sem svo skiptist í endurskoðun (audit), könnun (review) og ýmsa aðra staðfestingarvinnu (agreed upon procedure) hvers eðli er sérgreint í ráðningarbréfi hverju sinni. Sérstakir staðlar eru um þessa aðgreindu þætti staðfestingarvinnu endurskoðenda, sér staðlar gilda um endurskoðun, aðrir um könnun og svo enn aðrir um aðra staðfestingarvinnu. Í hugum margra nær

hugtakið endurskoðun yfir allt sem endurskoðendur gera enda var það þannig til að byrja með. Við í stéttinni teljum það aðeins ná til endurskoðunarinnar sjálfar en könnunarvinna fjárhagsupplýsinga og ýmis önnur staðfestingarvinna sé aðgreind þar frá og hafi oft annan tilgang og markmið en endurskoðun. Hvert form staðfestingarvinnu hefur svo mismunandi áritanir sem sýnishorn eru gefin af í viðkomandi stöðlum. Þar fyrir utan gegna endurskoðendur alls kyns ráðgjafarvinnu svo sem við rekstur, skattamál o.fl. sem ekki fellur undir staðfestingarvinnu þá sem getið er hér að framan og eru þeir þar oft að miðla af þekkingu sinni og reynslu. Í lögum um endurskoðendur er hugtakið „endurskoðun“ látið ná yfir alla staðfestingarvinnu, þ.e. þá vinnu að afla gagna og meta þau með óháðum og kerfisbundnum hætti í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu. Af fyrrgreindu má sjá að það er nokkur þörf á að huga að hugtökum og hugtakanotkun fagsins í tengslum við þróun þess undangengin ár til að það valdi ekki misskilningi.

Þróun og framtíð

Mikil þróun hefur orðið í viðskiptalífi undanfarin misseri með aukinni tækni. Því samfara er ljóst að hlutverk endurskoðenda mun áfram þróast frá því sem nú er eða verið hefur. Við stofnun FLE fyrir 75 árum var verðbréfamarkaður héraendis lítt þróaður og hlutverk endurskoðenda að votta um réttmæti fjárhagsupplýsinga líkt og enn er, auk þess að halda utan um þá þekkingu sem laut að reikningsskilum. Með síauknum kröfum til lífsgæða í nútíma samfélagi ríður á að aðgengi sé stöðugt að traustum upplýsingum til ákvarðanatöku þegar verið er að beina aðföngum í þann farveg sem mesta hagsæld skapar. Þörf fyrir hraða í flæði upplýsinga hefur aldrei verið meiri en nú er og sýnist fara vaxandi. Traust og trúverðugleiki upplýsinganna mun þó ávallt byggja á heilindum þeirra persóna sem þær staðfesta. Það er og verður hlutverk endurskoðenda. Með tæknivæðingu undanfarinna ára hefur upplýsingaflæði

færst meira yfir á rafrænt form, þ.e. búið er að rafvæða pappírinn sem áður var notaður til að dreifa upplýsingum. Ákvarðanatöku grundvallast nú á mun víðtækari upplýsingum en þeim sem eru eingöngu fjárhagslegs eðlis. Má hér nefna upplýsingar um stjórnhætti, þ.e. hvort og hvernig er tekið á vandamálum sem upp koma í rekstri, nýtingu aðfanga, áhættugreiningu, skipulagningu og virkni innra eftirlits, fylgni við lög og reglur, umhverfismál o.fl. Þessar upplýsingar eru ekki eingöngu notaðar af fjárfestum í fjárfestingahugleiðingum heldur einnig fyrirtækjum sem eru að velja sér viðskiptavini eða samstarfsaðila og fólki á vinnumarkaði sem er að velja sér farveg fyrir krafta sína og vill tryggja bestan árangur, svo dæmi séu nefnd. Fyrirsjáanlegt er að þessi þróun mun halda áfram og þurfa endurskoðendur að forma aðkomu sína að staðfestingum þessara upplýsinga og birtingarleiða þeirra staðfestinga. Um það mun framtíðin snúast.

Afmælisverkefni

Í tengslum við afmælisár félagsins er nú unnið að útgáfu félagatals sem nær yfir alla þá aðila sem hlotið hafa löggildingu til endurskoðunarstarfa auk þess sem í gangi er ritun á sögu félagsins sem tengist einnig sögu endurskoðunar á Íslandi. Afmælisnefnd félagsins sem skipuð var í tilefni 75 ára afmælisins hefur haft veg og vanda þessara verka með aðstoð sérfræðinga á hvoru sviði fyrir sig.

Á þessum tímamótum færi ég öllum þeim sem komið hafa að starfsemi FLE hinar bestu þakkir fyrir fórnfúst starf í þágu félagsins. Kynningarnefnd færi ég bestu þakkir fyrir þeirra framlag til þessarar útgáfu og vona að blað þetta verði félagsmönnum og öðrum fróðleg og skemmtileg lesning.

Þórir Ólafsson



Fagstétt mótast

Kristján Sveinsson, er sagnfræðingur og vinnur að söguritun FLE

Löggilding, próf og prófleysi löggiltra endurskoðenda 1926–1953

Hinn 15. júní 1926 setti Alþingi í fyrsta sinn lög um löggilta endurskoðendur. Þremur árum síðar var sett reglugerð um próf löggiltra endurskoðenda og á næstu árum og áratugum mótuðust starfshættir um löggildingu og þær kröfur sem

gerðar voru til þeirra sem hana hlutu.

Allt síðan Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) var stofnað í Reykjavík sumarið 1935 hefur félagið haft afskipti af menntunarmálum endurskoðenda og meiri en gerst hefur um margar aðrar fagmenntaðar starfsstéttir. Það á sér þá skýringu helsta að allt síðan endurskoðun varð löggilt starfsgrein á




Íslandi með staðfestingu Alþingis og konungs á lögum nr. 9 frá 15. júní árið 1926 hefur sú skipan haldist í meginatriðum að einungis þeir einstaklingar sem staðust sérstök próf gætu hlotið löggildingu til endurskoðunarstarfa.

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda hefur starfað frá árinu 1929 að sett var reglugerð um „próf löggiltra endurskoðenda, verkswið þeirra o.fl.“ nr. 18/1929. Meginverkefni hennar hefur verið að halda löggildingarpróf í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma. Löggiltir endurskoðendur hafa jafnan setið í nefndinni og hefur þar gefist tækifæri til að hafa áhrif á þær menntunarkröfur sem gerðar hafa verið til löggiltra endurskoðenda og fylgja þeim eftir. Starfstími undir leiðsögn löggilts endurskoðanda hefur allt frá árinu 1953 verið ein forsenda þess að endurskoðunarnemi hlyti heimild til að þreyta löggildingarpróf. Starfandi endurskoðendur hafa því átt ríkan þátt í námi og mótun nýrra liðsmanna í starfsstéttinni.

Í þessari grein verður athyglinni beint að mennta- og löggildingarmálum endurskoðenda á tímabilinu 1929–1953. Gerð er grein fyrir því í meginatriðum hvernig menntun endurskoðenda fyrir löggildingarpróf var háttað á þessum árum, helstu breytingum sem menntamál starfsstéttarinnar tóku og áhrifavöldum og gerendum sem þar voru að verki. En áður en að því kemur skal hugað að tímabilaskiptingu í menntunarsögu löggiltra endurskoðenda og forsendum hennar.

Fjögur megin skeið

Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi og kennari við Viðskiptadeild Háskóla Íslands til fjölda ára, hefur skipt menntunarsögu löggiltra endurskoðenda í þrjú megin skeið sem afmarkast af breytingum á þeim formlegu kröfum sem endurskoðunarnemi hefur þurft að uppfylla til að öðlast heimild



Stefán Svavarsson

til að þreyta löggildingarpróf. Þessi tímabilaskipting markast af lagasetningu um löggilta endurskoðendur og er hentug til að draga fram meginlínurnar í menntasögu fagstéttarinnar. Hún verður því notuð hér með nokkrum breytingum, en innan hvers skeiðs urðu að sjálfsgöðu ýmsar breytingar og þróun sem einnig verðskulda athygli.

Fyrsta tímabilið spannar árin 1929–1953. Upphaf þess markast af gildistöku reglugerðar um próf löggiltra endurskoðenda í júní 1929 og lok þess af gildistöku laga nr. 89 frá 29. des. 1953 og reglugerðar um löggilta endurskoðendur nr. 217 frá 30. des. það ár. Á þessu skeiði voru ekki gerðar kröfur um sérstakt nám löggiltra endurskoðenda, en löggildingarprófi þurftu þeir alla jafna að ljúka. Þó kom fyrir að ráðherra viki frá þeirri kröfu og veitti einstaklingum, sem ekki höfðu lokið löggildingarprófi, löggildingu til staðbundinna endurskoðunarstarfa. Sú ráðstöfun var vart í anda laga og reglugerðar, þó ekki væri nema fyrir það að í 9. grein reglugerðarinnar var mælt svo fyrir að löggiltur endurskoðandi mætti rækja starf sitt hvar sem væri á landinu. Löggilding ráðherra á einstaklingum sem ekki höfðu sannað kunnáttu sína með prófi mæltust ávallt illa fyrir meðal löggiltra endurskoðenda og urðu, ásamt öðru, til þess að breytingar voru gerðar á undirbúningskröfum fyrir löggildingu.

Annað skeiðið tekur yfir árabilið 1954–1976. Það hófst þar sem hið fyrra endar og því lauk með gildistöku nýrra laga um löggilta endurskoðendur nr. 67 frá 31. maí 1976. Á þessu tímabili var þess krafist að próftaki hefði starfað í þrjú ár undir stjórn löggilts endurskoðanda áður en hann spreytti sig á löggildingarprófum, sem bæði voru bókleg og verkleg. Lögin veittu ráðherra ennfremur heimild til að efna til námskeiða í hinum bóklegu greinum námsins fyrir þá sem bjuggu sig undir prófin. Þar var um að ræða staðfestingu á tilhögun sem komist hafði á nokkrum árum áður þegar kennarar við Háskóla Íslands tóku að veita endurskoðunarnemum fræðslu fyrir löggildingarpróf.

Upphaf þriðja tímarskeiðsins, 1976–1997, markast af fyrrnefndri lagasetningu og gildistöku reglugerðar nr. 208 frá 4. maí 1979 um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa, en lok þess við gildistöku laga nr. 18/1997. Með lögum nr. 67/1976 voru gerðar veigamiklar breytingar á námskröfum til löggildingar til endurskoðunarstarfa og tilhögun námsins. Brottfararpróf frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands var gert að skilyrði fyrir því að geta hafið nám í endurskoðun og var þess einnig krafist að nám hefði verið stundað á endurskoðunarkjörsviði sem veitti sérþekkingu á endurskoðun. Sem fyrr þurftu endurskoðunarnemar að starfa í þrjú ár undir stjórn löggilts endurskoðanda áður en þeim gafst kostur á að þreyta löggildingarprófin. Með þessum breytingum hafði nám löggiltra endurskoðenda verið fært á háskólastig og þegar við bættust þriggja ára starfstími og löggildingarpróf gat námstími að loknu stúdentsprófi vart orðið styttri en 7 ár. Löggiltir endurskoðendur, sem hafa tileinkað sér fræði sín frá því að þessi breyting var gerð, hafa því langt sérnám að baki.

Fjórða skeiðið, 1997–, hófst þegar ný lög um löggilta endurskoðendur nr. 18/1997 tóku gildi. Helsta tilefni þeirrar lagasetningar var aðlögun að Evrópska efnahagssvæðinu,

EES-samningnum svonefnda, og viðeigandi tilskipunum og ákvörðunum. Í hinum nýju lögum voru ákvæði um endurmenntun starfandi endurskoðenda sem þeim ber skylda til að afla sér til þess að halda löggildingu sinni og starfsréttindum. Endurskoðendur höfðu vissulega orðið sér úti um nýja þekkingu og færni með skipulegum námskeiðum og fræðslufundum áður en þessi lög tóku gildi, en með þeim var endurmenntun fest í lög og tengd starfsleyfi löggilta endurskoðenda. Því marka þessi lög nýtt skeið í menntamálum fagstéttarinnar.

Ákvæði um menntun löggilta endurskoðenda mótuð 1928–1929

Fyrstu íslensku lögin um endurskoðendur frá sumrinu 1926 voru helst til fátíð um það hvaða undirbúnings væri krafist til þess að hljóta löggildingu. Áskilið var að menn hefðu náð lögaldri, væru fjárráða og hefðu óflekkað mannorð og ekki máttu löggiltir endurskoðendur stunda atvinnu sem ekki samræmdist endurskoðunarstarfinu að mati ráðherra. Um



Björn E. Árnason í hópi endurskoðenda 1966

menntun þeirra og annan undirbúning var það eitt í lögnum að endurskoðandi skyldi: „... sanna fyrir ráðuneytinu, eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiptum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugjörð sem ráðherra setur.“

Málefnum löggilta endurskoðenda var komið fyrir í atvinnumálaráðuneytinu með fyrrgreindum lögum. Nokkur tími leið frá gildistöku þeirra þar til embættismenn ráðuneytisins tóku að undirbúa reglugerðina sem boðuð var í lögnum, en sumarið 1928 var kominn skriður á það verk. Atvinnumálaráðuneytið leitaði til Jóns Þ. Sívertsen, skólastjóra Verslunarskóla Íslands, um aðstoð við reglugerðarsmiðina og lagði hann fram all ítarlega greinargerð um stöðu endurskoðenda í nokkrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum og kröfur sem þeir þyrftu að uppfylla til að hljóta löggildingu, þar sem um hana var að ræða. Var greinargerð Jóns sýnilega að miklu leyti unnin upp úr athugun sem gerð hafði verið í Danmörku þegar lög um löggilta endurskoðendur þar í landi voru undirbúin veturinn 1908–1909. Í bréfi til ráðuneytisins lýsti Jón þeirri skoðun sinni að lög um

löggilta endurskoðendur væru helst til ófullkomin samborið við sambærileg lög nágrannalandanna, Danmerkur og Noregs, og reglugerðardrög ráðuneytisins einnig. Í sama streng tók Verslunarráð Íslands sem lagði til að lögnum yrði breytt áður en lengra væri haldið og færð nær dönskum lögum um sama efni en gert hafði verið.

Hvorki Jón Þ. Sívertsen né Verslunarráðið gerðu nákvæma grein fyrir því í hverju þeim þætti lögum um löggilta endurskoðendur einkum áfátt. Björn E. Árnason, lögfræðingur og endurskoðandi, lét það hins vegar skýrt uppi þegar atvinnumálaráðuneytið leitaði álits hans að hann teldi þær kröfur sem lögin gerðu um þekkingu og reynslu endurskoðenda ganga allt of skammt. Vildi Björn því að í reglugerðinni yrðu ítarleg ákvæði um tilhögun prófa þannig að tryggt yrði að þau skæru úr um það hvort verkleg reynsla og þekking prófmanns væri nægileg til þess að hann verðskuldaði löggildingu. Þessu var Jón Þ. Sívertsen ósammála og taldi að betur færi á því að væntanleg prófnefnd mótaði slíkar reglur heldur en að þær væru hluti reglugerðar.

Skömmu fyrir júl árið 1928 skipaði atvinnumálaráðuneytið Jón Þ. Sívertsen, Björn E. Árnason og Jón Guðmundsson endurskoðanda í prófnefnd löggilta endurskoðenda og var þeim jafnframt falið að gera lokatillögu að reglugerð um löggilta endurskoðendur. Þremenningarnir luku því verki í mars árið eftir og afhentu ráðuneytinu afrakstur verka sinna. Reglugerðin tók gildi nokkrum dögum síðar og ber það með sér að Björn hafði náð nokkrum árangri í þeirri viðleitni sinni að tryggja að í reglugerðinni væru fyrirmæli um tilhögun og markmið löggildingarprófa. Þó verður að segjast að útkoman var allfjarri því sem hann hafði ritað um verkleg próf í einu bréfa sinna til atvinnumálaráðuneytisins er hann komst svo að orði:

Jeg skal taka það fram, að jeg tel að starf það, sem hjer er að ræða um löggildingu til, mikið ábyrgðarstarf, og því mjög mikilsvarðandi, að til þess veljist ekki aðrir menn en þeir, sem sýna að þeir sjeu starfinu fyllilega vaxnir. Hefi jeg því reynt að haga ákvæðunum um prófið þannig, að full vissa fáist um hæfileika umsækjandans til starfsins, og legg sjerstaka áherslu á, að verkleg þekking og reynsla viðkomandi sje fullomin. Tel jeg að hverjum þeim, sem á annað borð er trúandi fyrir löggildingu, sje vorkunnarlaust að leysa af hendi prófið á þann hátt, sem ráðgert er í uppkasti mínu, sem sniðið er að nokkru eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda í Danmörku um þetta efni.

Samkvæmt 5. grein reglugerðarinnar skyldu próf vera í tvennu lagi; bóklegt og verklegt. Bóklega prófið var bæði munnlegt og skriflegt og skyldi prófað í almennri viðskiptafræði, verslunarrétti og verslunarreikningi. Var nánar til tekið í reglugerðinni hvaða þekkingu leitað skyldi eftir með prófunum. Undanþegnir prófskyldu í bóklegum prófum voru einstaklingar sem höfðu lokið laga- eða hagfræðinámi. Verklega prófið gegndi því hlutverki að leiða í ljós hvort prófmenn hefðu „... nauðsynlega verklega þekkingu í bókhaldi og endurskoðun“. Prófið var þannig upp byggt að umsækjandi um löggildingu skyldi senda prófnefnd „... a.m.k. 4 skýrslur um atriði snertandi bókhald og endurskoðun, sem komið hafa fyrir hann í praktísku lífi við




starf hans” og var nánar tiltekið hver umfjöllunarefni slíkra skýrslna gætu verið. Krafist var yfirlýsingar manna um að þeir hefðu sjálfir samið skýrslurnar og ákvæði var um að prófmaður skyldi hafa starfað að endurskoðun í a.m.k. þrjú ár. Prófnefnd var heimilt að krefja prófmann útskýringa á úrlausnum hans og einnig skyldi hann „... munnlega svara fyrir nefndinni þeim spurningum, sem hún telur nauðsyn á að leggja fyrir hann, til að reyna þekkingu hans í verklegri framkvæmd endurskoðunar og bókhalds.” Þá var nefndinni heimilt að krefja prófmann um að leysa skriflegt próf ef hún taldi það nauðsynlegt.

Þrír inni, þrír úti

Á hvaða forsendum átti að löggilda fyrstu endurskoðendurna? Var ástæða til að atvinnumálaráðuneytið efndi til löggildingarprófs sem starfandi endurskoðendur ættu þess kost að gangast undir eða var unnt að veita starfandi endurskoðendum löggildingu án prófs? Úr slíkum spurningum þurfti Tryggvi Þórhallsson forsætis- og atvinnumálaráðherra að leysa ásamt embættismönnum atvinnumálaráðuneytisins áður en fyrsta reglugerðin um löggilta endurskoðendur tæki gildi.

Þegar þremmenningarnir, Jón Þ. Sívertsen, Björn E. Árnason og Jón Guðmundsson, unnu að því að semja reglugerðina voru starfandi í Reykjavík 6 karlar sem höfðu endurskoðun að aðalstarfi. Ekki munu fagmenntaðir endurskoðendur hafa



Endurskoðendur á skólabekk

verið að störfum annars staðar á landinu. Sexmenningarnir höfðu allir sinnt endurskoðunarstörfum um nokkurt árabíl og hlotið tilsögn í faginu. Verslunarráð Íslands lagði það til við atvinnumálaráðuneytið að það veitti þeim mönnum sem höfðu starfað að endurskoðun í þrjú ár fyrir gildistöku reglugerðarinnar löggildingu án prófs og ennfremur að tveir úr þeim hópi yrðu skipaðir í prófnefnd ásamt einum lögfræðingi. Ekki fór ráðherra að þessum tillögum nema að því leyti að hann skipaði Jón Þ. Sívertsen, Björn E. Árnason og Jón Guðmundsson í fyrstu prófnefnd löggiltra endurskoðenda í desember 1928 um leið og þeim var falið að gera tillögur að reglugerð um próf löggiltra endurskoðenda. Löggildingu hlutu þeir ekki að svo komnu en hún mun hafa tekið gildi um leið og reglugerðin og undir lok ársins 1930 óskuðu þremmenningarnir eftir löggildingarskírteini frá atvinnumálaráðuneytinu.

Fyrstir til að ganga undir löggildingarpróf endurskoðenda

urðu þeir Georg Emil Nielsen og Franz Albert Andersen, sem báðir lögðu fram vottorð um störf sín að endurskoðun árið 1931. Hinn 11. mars árið 1933 urðu svo þau tímamót að 5 löggiltir endurskoðendur undirrituðu drengskaparheiti sín, í samræmi við 7. grein reglugerðar um próf löggiltra endurskoðenda nr. 18/1929. Þetta voru prófnefndarmennirnir þrír og prófmennirnir Georg Emil Nielsen og Franz A. Andersen.

Með þessum gerningi var fagstétt löggiltra endurskoðenda orðin að veruleika, þótt vissulega væri hún fámenn. Þeir endurskoðendur, sem starfandi voru í Reykjavík við gildistöku reglugerðarinnar um próf löggiltra endurskoðenda, aðrir en Franz A. Andersen og Georg Emil Nielsen, undu því illa að vera gert að þreyta próf til að öðlast löggildingu. Tveir þeirra, Björn Steffensen og Ari O. Thorlacius, rituðu atvinnumálaráðherra haustið 1934 og fóru fram á að hljóta löggildingu án undangengins prófs. Bentu þeir á að það væri venja:

„... bæði hjer og í öðrum löndum, að þegar sambærileg löggjöf um rjettindi stjetta nær fyrst fram að ganga, eru í henni ákvæði um að allir þeir er þá uppfylla ákveðin skilyrði, svo sem hafa stundað atvinnu stjettarinnar um ákveðið árabíl o.s.frv., skuli öðlast fullkomin rjettindi án þess að undirgangast próf.“

Ráðuneytið bar þessa málaleitan undir prófnefnd sem hafnaði erindinu á þeim grundvelli að hvorki í lögum né reglugerð væri heimild til að víkja frá ákvæðum um próf og töldu að varhugavert væri að gera „... nokkrar undanþágur er gefið geti fordæmi síðar meir, enda þótt hún telji umrædda umsækjendur eflaust þeim hæfileikum og reynslu búna, er rjettmæti löggildingu að fyrirskipuðu prófi loknu.“

Ráðuneytið tilkynnti Birni og Ara litlu síðar að ekki yrði orðið við beiðni þeirra um löggildingu án prófs. Þeir gáfust þó ekki upp við svo búið en ítrekuðu beiðni sína við ráðuneytið nokkrum vikum síðar og hafði þá þriðji endurskoðandinn, Niels N. Mancher, bæst í hópinn. Erindinu var vísað til prófnefndar sem fyrr. Þar fengust þau svör að umsækjendurnir hefðu sýnt það með störfum sínum að þeir væru færir um að leysa verklegt löggildingarpróf, en nefndarmenn kváðust ekki hafa nægilega vitneskju um bóklega þekkingu þremmenningana til að meta hvort þeir uppfylltu ákvæði reglugerðarinnar um þekkingu á því sviði. Þegar þessi svör lágu fyrir löggilti atvinnumálaráðherra þremmenningana sem endurskoðendur og undirrituðu þeir drengskaparheit sín þann 19. nóvember 1934.

Þar með voru löggiltir endurskoðendur orðnir 8 talsins og höfðu einungis tveir þeirra öðlast löggildinguna með prófum.

Sautján vottorð — en ekkert próf

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda markaði sér frá upphafi þá stefnu að halda fast við bókstaf laga og reglugerða og mæla gegn því að löggilding yrði veitt nema að undangengnu prófi. Ennfremur vildi nefndin halda fast við að kröfum um undirbúning fyrir próf væri framfylgt. Varðveitt gögn sýna að það kom fyrir að prófnefnd og atvinnumálaráðuneyti væru ekki á sama máli þegar að því kom að meta hæfi manna til að undirgangast próf og réði þá úrskurður ráðuneytisins.

Þótt atvinnumálaráðuneytið túlkaði ákvæði laga og



FLE vex fiskur um hrygg - frá 25 ára afmæli FLE í hátíðarsal HÍ

reglugerðar jafnan nokkuð víðar en prófnefnd, einkum hvað snerti forkröfur fyrir löggildingarpróf, voru löggildingarmál endurskoðanda komin í fastan farveg í samstarfi prófnefndar og atvinnumálaráðuneytisins í upphafi fimmta áratugs 20. aldar og löggilding endurskoðanda án prófs virtist úr sögunni. En þá tóku að gerast atburðir sem í senn voru óvæntir og óheillavænlegir fyrir menntunarmál löggiltra endurskoðanda.

Í hinu opinbera kerfi hófst þessi atburðarás sumarið 1942 þegar Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður og útgerðarmaður í Vestmannaeyjum sendi atvinnumálaráðuneytinu bréf þar sem hann mælti með því að Vestmannaeyingnum Óskari Sigurðssyni yrði veitt löggilding til endurskoðunarstarfa í Vestmannaeyjum. Með fylgdi umsókn Óskars sjálfs þar sem hann fór þess á leit að öðlast löggildinguna á grundvelli „... þeirrar margháttuðu reynslu í verslun og viðskiftum og stöðugar æfingar við endurskoðun“ sem hann hefði aflað sér á starfsævi sinni. Óskar benti á það, beiðni sinni til stuðnings, að örðugt væri fyrir sig fjárhagslega, og einnig hvað tíma snerti, að þreyta próf í Reykjavík, en í Vestmannaeyjum væri á hinn bóginn brýn þörf fyrir þjónustu löggilts endurskoðanda. Einnig fylgdu með afrit af prófskírteini hans frá Verzlunarskóla Íslands og 13 vottorð forráðamanna ýmissa stofnana og fyrirtækja í Vestmannaeyjum um verslunarstörf Óskars, endurskoðunar- og bókhaldsstörf auk kennslu í Vestmannaeyjum.

Atvinnumálaráðuneytið sendi prófnefnd löggiltra endurskoðanda erindi Óskars Sigurðssonar til umsagnar skömmu eftir að það barst ráðuneytinu. Ekki er að sjá að prófnefndin hafi svarað erindinu skriflega en ofan við meginmál ráðuneytisbréfsins er rituð með blýanti þessi klausa, sem dagsett er þann 28. nóv. 1944: „J. G. segir að prófnefndin telji mann þenna ekki uppfylla skilyrði til að ganga undir próf.“ Munu upphafsstafirnir merkja nafn Jóns Guðmundssonar, skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og formanns prófnefndar.

Hefði mátt ætla að þetta eindregna afsvar við málaleitan Óskars yrði til þess að hann gæfi það upp á bátinn að hljóta löggildinguna þar sem hann ætti þess ekki einu sinni kost að þreyta löggildingarpróf, hvað þá að hljóta hana próflaust, en svo var ekki. Annað erindi, sama efnis, barst frá honum haustið 1944 og fylgdu nú 17 vottorð um atgervi hans og starfsferil. Prófnefnd löggiltra endurskoðanda tók það til formlegrar afgreiðslu seint í janúar 1945. Var afstaða hennar til löggildingar

án prófs óbreytt, en nú kom það fram að Óskari gæfist kostur á að þreyta löggildingarpróf ef hann óskaði þess.

Óskari var tilkynnt um úrskurð prófnefndar og færðist nú vaxandi þungi í málið sem virðist hafa breytt um eðli um þetta leyti og orðið að baráttu- og metnaðarmáli forystumanna í atvinnu- og stjórnámálum í Vestmannaeyjum í stað þess að vera einvörðungu keppikefli Óskars, sem var sem fyrr öldungis fráhverfur því að þreyta löggildingarpróf. Jóhann Þ. Jósefsson veitti Óskari lið með bréfi til atvinnumálaráðuneytisins þar sem hann vakti athygli á hinum ágætu meðmælum er honum höfðu verið gefin, og lagði jafnframt fram samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja, þar sem skorað var á ráðherra að löggilda Óskar sem endurskoðanda í Vestmannaeyjum, og ennfremur áskorun Jóns Eiríkssonar skattstjóra í Eyjum sama efnis. Var af þeim að sjá sem framtíð og heill atvinnustarfsemi í Vestmannaeyjum ylti á því að þar væri löggiltur endurskoðandi að störfum og að sá maður yrði Óskar Sigurðsson.

Jóhann Þ. Jósefsson var sem fyrr ötulasti liðsmaður Óskars í viðureign hans við stjórnarráðið og prófnefnd löggiltra endurskoðanda og lagði málaleitan hans fyrir atvinnumálaráðuneytið á nýjan leik um miðjan apríl 1945. Jóhann taldi sig þá hafa vilýrði Áka Jakobssonar atvinnumálaráðherra fyrir því að Óskari yrði veitt löggildingin og brást ókvæða við þegar synjun ráðuneytisins á erindinu barst skömmu síðar. Áleit Jóhann að ráðuneytismenn hefðu afgreitt málið án atbeina ráðherrans og fór fram á það við Áka að hann léti málið til sín taka og efndi loforð sitt. Ráðherrann brást við áskoruninni með því að tilkynna Óskari það bréflaga, hinn 11. maí 1945, að honum hefði verið veitt löggilding til endurskoðunarstarfa í Vestmannaeyjum og undirritaði Óskar eiðstaf þar að lútandi viku síðar.

Tveir sporgöngumenn Óskars Vestmannaeyings

Eftir að Óskar Sigurðsson hafði hlotið löggildinguna sem endurskoðandi með þeim hætti og á þeim forsendum sem raun var á varð þess skammt að biða að fleiri sæktu eftir því að hljóta slík starfsréttindi úr hendi ráðherra án þess að hafa áður lokið löggildingarprófum.

Jón Grímsson, fyrrverandi kaupmaður á Ísafirði, lagði beiðni um löggildinguna sem endurskoðandi fyrir atvinnumálaráðuneytið haustið 1946 ásamt ýmsum skilríkjum og vottorðum um störf sín á sviði útgerðar, málafærslu, verslunar, bókhalds og endurskoðunar. Embættismenn ráðuneytisins leituðu umsagnar prófnefndar löggiltra endurskoðanda um erindi Jóns, en þess sjást ekki merki í varðveittum skjölum að nefndin hafi svarað erindinu. Jóni Grímssyni var hins vegar tilkynnt að hann hefði hlotið löggildinguna ráðherra til endurskoðunarstarfa um það bil þremur vikum eftir að hann lagði erindi sitt fyrir ráðuneytið. Má því með sanni segja að löggilding til endurskoðunarstarfa hafi verið honum auðsótt mál og mun vandfundinn einstaklingur hér á landi sem farið hafi skemmri leið að þeim starfsréttindum en hann.

Braut Akureyringsins Baldurs Guðlaugssonar að löggildinguna var ekki alveg eins greið, en hann komst þó að lokum á leiðarenda. Baldur sótti um löggildinguna til atvinnumálaráðuneytisins



síðsumars 1948. Þar var þá í ráðherrastóli Jóhann Þ. Jósefsson, sá sem ötulast hafði barist fyrir málstað Óskars Sigurðssonar þremur árum áður. Ráðuneytið leitaði umsagnar prófnefndar löggiltra endurskoðenda sem fór yfir umsókn Baldurs og fylgigögn með henni áður en hún komst að þeirri niðurstöðu að engar forsendur væru til að veita honum löggildingu án prófs og notaði tækifærið til að beina þeirri áskorun til ráðuneytisins að löggilda engan mann framvegis nema sá hinn sami hefði áður staðist löggildingarpróf. Enda þótt prófnefndarmenn álitu að Baldur skorti mjög reynslu af endurskoðunarstörfum féllust þeir á að heimila honum að þreyta löggildingarpróf og um miðjan desember 1948 tilkynnti atvinnumálaráðuneytið Baldri að löggildingu fengi hann ekki, en ætti þess kost að reyna sig við prófin.

Þegar verkleg löggildingarpróf voru haldin í Reykjavík dagana 13. til 15. janúar 1950 var Baldur Guðlaugsson meðal prófmanna, en á síðasta degi prófanna greindi hann prófnefnd bréflega frá því að hann gengi frá prófi. Voru úrlausnir hans því ekki metnar til einkunna. Þótt svona tækist til við löggildingarprófin var Baldur Guðlaugsson enn á því að öðlast löggildingu sem endurskoðandi og um haustið endurnýjaði hann málaleitan sína við stjórnarráðið í tveimur bréfum. Að þessu sinni voru undirtektir atvinnumálaráðuneytisins jákvæðar og ekki var leitað umsagnar prófnefndar löggiltra endurskoðenda, svo séð verði, enda lá álit hennar á málefnum Baldurs fyrir. Efst á síðara umsóknarbréf hans er ritað með bláu bleki: „Sp. staðbundna löggildingu á Akureyri og í Eyjafj. sýslu. BBen.“ Sá sem þar ritaði mun hafa verið Bjarni Benediktsson, sem fjallaði um málið enda þótt hann gegndi embætti utaríkis- og dómsmálaráðherra í þeirri ríkisstjórn sem þá starfaði. Baldri Guðlaugssyni var send formleg tilkynning ráðuneytisins um löggildingu hans nokkrum dögum síðar.

Eftir því sem næst verður komist varð Baldur Guðlaugsson síðastur manna til að hljóta löggildingu sem endurskoðandi án þess að hafa lokið a.m.k. verklegu löggildingarprófi. Þrír einstaklingar, allir búsettir á Akureyri, sóttu eftir slíkri löggildingu atvinnumálaráðuneytisins árin 1952–1953, en umsóknum þeirra var hafnað.

Á þröskuldi Háskólans

Löggildingarpróf og málefni þeim tengd hvíldu að sjálfsgöðu mest á prófnefnd löggiltra endurskoðenda og atvinnumálaráðuneytinu en FLE lét þessi mál einnig til sín taka, enda heildarhagsmunir félagsmanna í húfi. Ekki fer á milli mála að forystu FLE þótti mjög miður farið þegar ráðherrar tóku að löggilda sem endurskoðendur einstaklinga sem ekki höfðu lokið tilskildum prófum. Skipti þá engu þótt löggildingin væri þeim takmörkunum háð að þeir sem hana hlutu höfðu einungis heimild til að rækja endurskoðunarstöfin á afmörkuðum landsvæðum.

Þegar árið eftir að FLE var stofnað tóku félagsmenn að huga að því að koma til leiðar breytingum á lögum um löggilta endurskoðendur. Í lok árs 1936 var fært inn í fundargerðabók FLE uppkast að frumvarpi til nýrra laga um löggilta endurskoðendur sem félagsmenn höfðu komið sér saman um,

en Björn E. Árnason, formaður félagsins og prófnefndarmaður, mun hafa átt drýgstan þátt í samningu þess. Áhrifamestu breytingarnar sem félagsmenn FLE töldu á árunum 1936–1937 að gera þyrfti á lögum um löggilta endurskoðendur lutu að menntun þeirra og undirbúningi fyrir löggildingarpróf. Var þeim



Framsýni hefur einkennt stjórn FLE í gegnum tíðina

vel ljóst að lögum og reglugerð væri áfátt hvað þetta snerti og möguleikar prófnefndar til að gera viðhlítandi kröfur um menntun endurskoðenda væru helst til takmarkaðir. Við þessu vildu FLE-félagar bregðast með því að festa í lög að þriggja ára starfstími hjá löggiltum endurskoðanda yrði forsenda þess að geta gengið undir löggildingarpróf og að ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að hljóta löggildingu sem endurskoðandi yrði að standast lágmarkskröfur í löggildingarprófum. Með því var að sjálfsgöðu ætlunin að girða fyrir það að ráðherra veitti öðrum löggildingu en þeim sem sannað höfðu hæfni sína og kunnáttu með prófi. Frumvarpsuppkastinu, sem í raun var fullsamið frumvarp, var komið á framfæri við allsherjarnefnd Alþingis í því skyni að það yrði grundvöllur lagafrumvarps sem flutt yrði á þinginu að tilhlutan nefndarinnar, en því hafnaði allsherjarnefnd í mars 1937 og benti á atvinnumálaráðherra sem réttan aðila til slíkra verka.

Næstu árin var hljótt um menntamál endurskoðenda á vettvangi FLE, enda virtist sem það sjónarmið hefði hlotið fulla viðurkenningu allra hlutaðeigandi aðila að lögum og reglum yrði fylgt í hvívetna við undirbúning og framkvæmd löggildingarprófs og löggilding ekki veitt öðrum en þeim sem hefðu staðist próf. En jafn skjótt og líkur virtust á að breyting yrði á framkvæmd löggildingar vöknudur um menntamál fagstéttarinnar á nýjan leik.

Sem fyrr var Björn E. Árnason í forystu á þessum vettvangi, en hann hafði verið manna áhugasamastur um að gerðar yrðu viðhlítandi menntunarkröfur til löggiltra endurskoðenda, allt frá því að hann átti hlut að því að semja fyrstu reglugerðina um próf þeirra og verksvið.

Haustið 1944, þegar umsókn Óskars Sigurðssonar um löggildingu án prófs var til umfjöllunar hjá prófnefnd og atvinnumálaráðuneyti, greindi Björn frá því á aðalfundi FLE að hann hefði, að gefnu tilefni, átt viðræður við Gylfa Þ. Gíslason, dósent við Laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, um það hvort unnt væri að koma því til leiðar að Háskólinn annaðist

kennslu fyrir endurskoðunarnema, en þar taldi Björn að hún ætti best heima og lagði fyrir fundinn uppkast að erindi til Háskólans þessa efnis, sem fundarmenn samþykktu.

Nokkurn tíma tók að koma námi endurskoðenda inn fyrir dyr Háskóla Íslands, en sumarið 1947 gat Björn E. Árnason greint frá því á félagsfundum í FLE að vonir stæðu til að unnt yrði að hefja kennslu um haustið. Gylfi Þ. Gíslason mætti síðan á FLE-fund síðsumars þar sem hann kynnti drög að kennsluskra væntanlegs tveggja vetra námskeiðs fyrir endurskoðunarnema sem samín var beinlínis fyrir atbeina FLE.

Undirbúningsnámskeið við Háskóla Íslands fyrir verðandi endurskoðendur hlaut að teljast ágætur áfangi í viðleitni löggiltra endurskoðenda til að bæta menntun fagstéttarinnar. En í gildandi lögum og reglugerð voru engin ákvæði sem skylduðu menn til að sækja slík námskeið og dæmi voru um að stjórnvöld löggiltu menn sem ekki höfðu lokið prófi. Það átti vissulega við um meiri hluta stofnfélaga í FLE og hlýtur það að hafa gert félaginu nokkuð erfitt fyrir í baráttu sinni fyrsta kastið og erfitt um andmæli þegar ráðherrar tóku aðra kosti en prófnefnd hafði mælt með.

Blátt blek og blýantspár

Lagabreyting var mikilvæg forsenda þess að tekist gæti að koma fram haldbærum breytingum á námskröfum til löggiltra endurskoðenda og hindra að aðrir hlytu löggildinguna en þeir sem staðist höfðu löggildingarpróf. Haustið 1945 skipaði FLE þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur. Í henni sátu Ragnar Ólafsson, Jón Guðmundsson og Ari O. Thorlacius. Sumarið 1947 lagði nefndin fram frumvarpsuppkast ásamt greinargerð og var þessum gögnum dreift meðal félagsmanna til þess að efni þeirra hlyti umsögn þeirra. Um haustið lauk nefndin störfum sínum og lagði uppkast að lagafrumvarpi fyrir félagsfund í FLE. Þar voru gerðar á því lítilsháttar breytingar og stjórn félagsins falið að senda atvinnuáráðuneytinu það með ósk um að það yrði flutt á Alþingi.

Það kom í hlut Björns E. Árnasonar að fylgja málinu eftir við atvinnuáráðuneytið. Af einhverjum ástæðum hófst hann handa með því að reyna að koma fram breytingum á reglugerð um próf löggiltra endurskoðenda fremur en stuðla að setningu nýrra laga. Hann lagði fram í atvinnuáráðuneytinu tillögu að reglugerð og lét fylgja all ítarlega greinargerð um þær breytingar sem í tillögunni fólust og forsendum þeirra. Björn benti þar á að allt frá því að prófnefnd löggiltra endurskoðenda hóf að rækja störf sín hefði hún átt í erfiðleikum með að framkvæma hinn bóklega hluta löggildingarprófsins eins og vert væri sökum þess að hvergi var boðið upp á kennslu í fræðum endurskoðenda. Af þeirri ástæðu hafði mun meiri áhersla verið lögð á hinn verklega hluta löggildingarprófsins en þann fræðilega. Björn kvað prófnefnd áforma að halda þeirri stefnu óbreyttri en jafnframt væri nauðsynlegt að auka fræðilega þekkingu endurskoðenda með auknu bóknámi. Hann vakti athygli ráðuneytisins á námskeiðunum sem félagsmenn í FLE hefðu efnt til í samstarfi við Háskóla Íslands „... fyrir þá pílta sem ynnu á skrifstofum þeirra og byggju sig undir löggildinguna

sem endurskoðendur“ og kvað undirbúning þeirra hafa gert endurskoðendum ljóst að ástæða væri til að miða kröfur um nám íslenskra endurskoðenda við sambærilegar kröfur sem gerðar væru um endurskoðendanám á Norðurlöndum, einkum í Danmörku.

Afdrif málsins getur að líta í tveimur klausum sem ritaðar eru á greinargerð Björns E. Árnasonar. Þar stendur á spássíu, ritað með blýanti: „Ég bað formann prófnefndarinnar um þessa greinargerð. Samkvæmt henni virðast færð gild rök fyrir því að nauðsyn beri til að breyta reglugerðinni eins og hjálaga frumvarp gerir ráð fyrir.“ Munu þetta vera orð Gunnlaugs Briem skrifstofustjóra atvinnuáráðuneytisins og vélritað handrit að breytingum á reglugerð nr. 18/1929, sem fylgir þessum skjölum, er undirritað af honum þann 8. janúar 1948. Ofan við þessi orð stendur skráð með bláu bleki: „Tel ekki ástæðu til nýrrar reglugj. að sinni. BBen.“ Þetta var úrskurður Bjarna Benediktssonar utanríkis- og dómsmálaráðherra, sem einnig fór með verzlunarmálefni í ríkisstjórninni, sem var undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar og því gjarnan auknefnd Stefanía. Ríkti hin bláa skrift vitaskuld ofar blýantspári skrifstofustjórans og varð ekki af reglugerðarbreytingum að svo komnu.

Eftir þetta var tíðindalaust um mennta- og réttindamál löggiltra endurskoðenda fram til haustsins 1951. Þá ákvað stjórn FLE að óska eftir viðtali við ráðherra um breytingar á lögum um löggilta endurskoðendur og áréttta það jafnframt við hann að ekki yrðu aðrir löggiltir sem endurskoðendur en þeir sem hefðu lokið löggildingarprófi. Í framhaldi af þessu var tekið fram lagafrumvarpið sem samið hafði verið árið 1947. Var því breytt lítillega og síðan afhent Gunnlaugi Briem skrifstofustjóra til meðferðar ráðuneytis og ráðherra.

Björn Steffensen, þáverandi formaður FLE, átti fund með Bjarna Benediktssyni utanríkis- og dómsmálaráðherra semma í janúar 1953 þar sem hann reifaði málefni löggiltra endurskoðenda og freistaði þess að sannfæra ráðherrann um nauðsyn þess að breyta lögum og reglugerð um fagstéttina. Þegar hér var komið gætti orðið talsverðar óþolinmæði meðal endurskoðenda með það hversu hægt gekk að koma fram lagabreytingum. Stafaði það ekki síst af því að endurskoðunarnemum hafði verið beint á námskeiðin sem haldin voru í Háskóla Íslands og þau í raun gerð að skyldugum undirbúningi fyrir löggildingarpróf. Var þessu námi hagað samkvæmt þeirri tillögu endurskoðenda að reglugerðarbreytingum sem ráðherra hafði áður hafnað. Prófnefnd hafði hins vegar lýst því yfir að ekki kæmi til greina að prófa á neinum öðrum grundvelli en þeim sem gildandi reglugerð markaði. Hafði því verið brugðið á það ráð að fresta bóklegum prófum sem halda átti í lok árs 1952 til næsta vetrar, en þá áttu verkleg próf að fara fram. Var bent á það af hálfu FLE að ef reglugerð yrði ekki breytt áður en að þeim prófum kæmi væru öll þessi mál í uppnámi.

Bjarni Benediktsson átt sem fyrr penna með bláu bleki sem hann notaði að þessu sinni til að rita fyrir mæli til ráðuneytisins um að hefja undirbúning að frumvarpi til laga um löggilta endurskoðendur er lagt yrði fyrir næsta reglulega Alþingi. Skyldi hafa samráð við Félag löggiltra endurskoðenda en



félagsmönnum jafnframt tilkynnt að þeir gætu ekki vænst þess að frumvarpstíllögum þeirra yrði fylgt einhliða.

Eftir að Bjarni Benediktsson hafði tekið ákvörðun um að heimila breytingar á lögum og reglugerð um löggilta endurskoðendur gengu þær greitt fyrir sig. Ráðuneytið fékk Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómara til að semja frumvarp að lögum og reglugerð í samráði við stjórn FLE og prófnefnd löggiltra endurskoðenda og voru danskir lagareglur hafðar að fyrirmynd. Ráðherrann hafði vakandi auga með framvindunni og uppköst og minnismiðar sem fylgja gögnum um reglugerðarverkið bera þess vott að hann greip til lagaþekkingar sinnar og leiðrétti kúrsinn ef honum þótti orðalag óljóst eða tvírætt.

Frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur var lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp í byrjun nóvember 1953 og mælti Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra sjálfur fyrir því. Í athugasemdum með frumvarpinu sagði að markmið þess væri m.a. að tryggja það, að einungis hæfir menn fengju löggilding til endurskoðunar og að þeir sem hana hlutu nyttu réttinda og bæru skyldur í samræmi við það sem eðlilegt gæti talist. Ýmsar breytingar voru gerðar frá eldri lögum til að þjóna þessu yfirlýsta markmiði, en hvað mennta- og réttindamál snerti skipti mestu að tekin voru af öll tvímæli um það að löggildingarpróf

þekkingarskilyrða.“ Nú hafði Bjarni sjálfur ástundað slíka óhollustu með því að veita eina af þeim þremur löggildingum sem mest ögruðu löggiltum endurskoðendum og það var líklega til að svara gagnrýni þeirra sem hann varði mestum hluta framsöguræðu sinnar í umfjöllun um þau mál og ýmsar hliðar þeirra. En svo kann líka að vera að hann hafi einfaldlega verið að stríða endurskoðendum dálítið með því hversu ofur hátíðlega þeir áttu til að taka sjálfa sig. Meðal þess sem þeir höfðu lagt áherslu á var að starfsheitið löggiltur endurskoðandi yrði verndað í lögum. Þetta tókst sbr. 5. grein laga nr. 89/1953 og var mönnum jafnframt bannað að nota starfsheiti sem gæti gefið það til kynna að þeir væru löggiltir endurskoðendur ef þeir voru það ekki, en í þingræðu sinni erti Bjarni hina löggiltu með því að benda á að menn gætu „... kallað sig endurskoðendur, þótt þeir fái ekki þessa löggilding, og starfað að endurskoðun þrátt fyrir það.“

Það var einnig mikilvægt atriði fyrir menntunarmál löggiltra endurskoðenda að ráðherra var veitt heimild til að standa fyrir námskeiðum fyrir endurskoðunarnema. Í því fólst ótvíræð staðfesting á því að námskeið þau sem FLE hafði haft forystu um að haldin voru við Háskóla Íslands væru hluti af námi endurskoðenda. Þessi nýskipan hafði einnig fjárhagslega þýðingu fyrir félagsmenn í FLE og endurskoðunarnema, sem höfðu greitt kostnað vegna námskeiðanna, sem upp frá þessu féll á ríkissjóð.

Það er af lagafrumvarpinu að segja að það rann greitt í gegnum þingið, án umræðna eða athugasemda frá þingnefndum, og varð að lögum hinn 29. desember 1953. Reglugerð tók gildi degi síðar.

Að lokum

Eins og hér hefur verið rakið bar ýmislegt athyglisvert til á fyrsta mótnarskeiði fagstéttar löggiltra endurskoðenda og um skeið virtist sem löggilding til endurskoðunarstarfa myndi þróast í þá átt að verða bitlingur sem pólitískt kjörnir embættismenn gætu veitt eftir sínum hentugleikum.

Þegar litið er yfir atburðarás fyrstu árána og þá málavexti sem að baki henni lágu er ljóst að óheppilega var af stað farið þegar ákveðið var að veita einungis prófnefndarmönnum löggilding um án prófs í stað þess að láta eitt ganga yfir þann fámenna hóp manna sem hafði aflað sér þekkingar á endurskoðun og hafði hana að aðalstarfi þegar fyrstu lög og reglugerð um fagstéttina tóku gildi. Með því móti hefði jafnræðis verið gætt og unnt hefði verið að byggja upp fagstéttina með þeim hætti sem gert var ráð fyrir. Tillögur Verslunarráðs sýna það að hugmyndir í þessa veru komu fram hjá málsmetandi aðilum, en fyrirbyggjandi vitneskja veitir engin ótvíræð svör við því hversvegna þessi leið var ekki farin.

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda markaði sér frá upphafi þá stefnu að fylgja lögum og reglugerð bókstaflega og hvika í engu frá kröfum um löggildingarpróf og undirbúning þeirra. Af hennar hálfu var löggildingarpróf ófrávikjanleg forsenda löggildingar og nefndin gekk einatt eins langt og fært var í því að krefjast viðhlítandi undirbúnings af prófmönnum, en átti óhægt um vik þar sem engin formleg fræðsla var í boði fyrir



Starfsleyfi endurskoðenda 2010

væru forsenda löggildingar til endurskoðunarstarfa og ráðherra var heimilað að efna til námskeiða fyrir þá sem hugðust þreyta löggildingarpróf.

Fyrri atriðið, löggilding endurskoðenda án prófs, hafði verið sem fleinn í holdi löggiltra endurskoðenda allt frá því að Óskari Sigurðssyni var veitt slík nafnbót vorið 1945. Það var því ekki að ófyrirsynju sem Bjarni Benediktsson vék að því í framsöguræðu sinni að með frumvarpinu væri „... mjög þrengdur réttur ráðherra til þess að veita þeim, er hann telur hæfa til þess að vera löggiltir endurskoðendur þann titil.“ Benti Bjarni á að þetta hefði verið gert þegar í hlut áttu staðir utan Reykjavíkur „... vegna þess að talin var þörf á, að góðir og áreiðanlegir menn væru þar til staðar, sem hægt væri að taka trúanlega sem endurskoðendur, og þeim því fengin þessi viðurkenning“ en kvaðst jafnframt játa að til frambúðar væri þetta slæm tilhögun því það væri „... ekki hollt, að ráðherra hafi þetta svo í hendi sér, án þess að hann þurfi að taka tillit til ákveðinna



Útskriftarhópur löggiltra endurskoðenda 2008

endurskoðunarnema önnur en sú sem þeir hlutu hjá starfandi endurskoðendum.

Stefna prófnefndar beið sitt fyrsta skipbrot þegar þrír starfandi endurskoðendur hlutu löggildinguna atvinnumálaráðuneytisins án

Stjórnartíðindi 1926, A. Rvk. 1926, bls. 13–14.

Stjórnartíðindi 1929, B. Rvk. 1929, bls. 49–53.

Stefán Svavarsson: „Erindi flutt af Stefáni Svavarssyni lektor, í telfni af 50 ára afmæli FLE“, Tímarit um endurskoðun og reikningshald 1.–2. tbl., 15. árg. (1985), bls. 34–35.

Stjórnartíðindi 1953, A, bls. 275–77.

Stjórnartíðindi 1953, B, bls. 479–83.

Stjórnartíðindi 1976, A. Rvk. 1976, bls. 175–78.

Sbr. 32. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Stjórnartíðindi 1926, A, bls. 13.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Ódagsett greinargerð Jóns Þ. Sívertsen til atvinnumálaráðuneytis. Fylgir gögnum frá árinu 1928 er varða undirbúning að reglugerð um löggilta endurskoðendur.

Tillæg A til Rígsdagstíðindis. Forelagte Lovforslag m.m. 61de ordentlige Samling 1908–09 II. Kaupmannahöfn 1909, dálkur 4153–58.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Jón Þ. Sívertsen til atvinnumálaráðuneytis 18. apríl 1928. Verslunarráð Íslands til atvinnumálaráðuneytis 8. sept. 1928, bréfið undirritað af Ólafi Johnson.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Björn E. Árnason til atvinnumálaráðuneytis 25. sept. 1928.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Jón Þ. Sívertsen til atvinnumálaráðuneytis 4. des. 1928.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Atvinnumálaráðuneyti til Jóns Þ. Sívertsen, Björns E. Árnasonar og Jóns Guðmundssonar 21. des. 1928.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Jón Þ. Sívertsen, Jón Guðmundsson og Björn E. Árnason til atvinnumálaráðuneytis 22. mars 1929.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Björn E. Árnason til atvinnumálaráðuneytis 25. sept. 1928.

Stjórnartíðindi 1929, B, bls. 50–51.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Björn Steffensen og Ari O. Thorlacius til atvinnumálaráðuneytis 6. sept. 1934.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Verslunarráð Íslands til atvinnumálaráðuneytis 8. sept. 1928.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Uppkast að bréfi atvinnumálaráðuneytis til Jóns Þ. Sívertsen, Björns E. Árnasonar og Jóns Guðmundssonar 21. des. 1928.

Sigurður Tómasson: „Fyrstu ár endurskoðunar og menntamálin.“ Afmælisrit

prófs haustið 1934. Með því var ráðuneytið vafalaust að gera það sem það hefði átt að gera þegar í upphafi ef jafnræðis hefði verið gætt, en þarna var veitt óheppilegt fordæmi fyrir löggildinguna án prófs sem varð til þess að setja löggildingarmál endurskoðenda í ógöngur síðar.

Ótvírætt er að Félag löggiltra endurskoðenda gegndi mikilvægu hlutverki við að vinna ofan af því ólagi sem komst á löggildingarmál endurskoðenda á 5. áratug 20. aldar. Félagið efndi þá til námskeiða fyrir endurskoðunarnema og beitti áhrifum sínum til að koma því til leiðar að lögfestar voru reglur um námskröfur og próf sem komu í veg fyrir að löggilding yrði veitt öðrum en þeim sem staðist höfðu próf.

Tilvísanir

Þ.Í. merkir Þjóðskjalasafn Íslands. Skjalas. FLE merkir Skjalasafn Félags löggiltra endurskoðenda.

Kristján Sveinsson

Félags löggiltra endurskoðenda 1935–1995. Rvk. 1995, bls. 48.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 10. des. 1930.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Skattstofa Reykjavíkur. Vottorð undirritað af Eysteini Jónssyni 9. sept. 1931. Franz A. Andersen til prófnefndar löggiltra endurskoðenda 15. okt. 1931. Endurskoðunarskrifstofa N. Mancher til atvinnumálaráðuneytis 11. des. 1931.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Drengskaparheiti 5 löggiltra endurskoðenda, dags. 11. mars 1933.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Björn Steffensen og Ari O. Thorlacius til atvinnumálaráðuneytis 6. sept. 1934.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 19. sept. 1934.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Uppkast að bréfi atvinnumálaráðuneytis til Björns Steffensen og Ara O. Thorlacius 27. sept. 1934.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Niels N. Mancher, Björn Steffensen og Ari Thorlacius til atvinnumálaráðuneytis 1. nóv. 1934. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 13. nóv. 1934. Uppkast að bréfi atvinnumálaráðuneytis til Nielsar Mancher, Björns Steffensen og Ara O. Thorlacius 16. nóv. 1934. Drengskaparheiti Nielsar Mancher, Björns Steffensen og Ara O. Thorlacius, dags. 19. nóv. 1934.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Árni Björnsson til atvinnumálaráðherra 5. febr. 1937. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 11. febr. 1937. Atvinnumálaráðuneyti til Árna Björnssonar og prófnefndar löggiltra endurskoðenda 19. apríl 1937. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 12. ágúst 1938.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Bréf Jóhanns Þ. Jósefssonar til atvinnumálaráðuneytis 30. júlí 1942 og ódagsett bréf Óskars Sigurðssonar til atvinnumálaráðuneytis.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Atvinnumálaráðuneytið til prófnefndar löggiltra endurskoðenda 4. ágúst 1942.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Uppkast að bréfi atvinnumálaráðuneytis til prófnefndar löggiltra endurskoðenda 16. jan. 1945. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 25. jan. 1945.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Atvinnumálaráðuneytið til Óskars Sigurðssonar 26. jan. 1945.



Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Jón Eiríksson skattstjóri til bæjarstjórnar Vestmannaeyja 7. mars 1945. Útskrift úr gjörðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 16. mars 1945. Jóhann Þ. Jósefsson til atvinnumálaráðuneytis 16. apríl 1945.

Áki Jakobsson gegndi embætti atvinnumálaráðherra í svonefndri Nýsköpunarstjórn, 21. október til 4. febrúar 1947. Á starfstíma Nýsköpunarstjórnarinnar var unnið að skiptingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og gekk hún í gildi þann 1. júlí 1947 er samgöngumálum var komið fyrir í sérstöku ráðuneyti. Óformleg skipting hafði þó átt sér stað fyrr. Þannig var Emil Jónsson ráðherra samgöngumála allt frá því að Nýsköpunarstjórnin tók við völdum en önnur mál atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins heyrðu undir Áka, þ.á.m. löggilding endurskoðenda. Sjá Agnar Kl. Jónsson: Stjórnarráð Íslands 1904–1964 I. Rvk. 1969, bls. 256, 360–61.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Jóhann Þ. Jósefsson til atvinnumálaráðherra 28. apríl 1945.

Þ.Í. Stj. Ísl. II. Db. 14, nr. 127. Uppkast að bréfi atvinnumálaráðuneytis til Óskars Sigurðssonar 11. maí 1945. Eiddastafur Óskars Sigurðssonar dags. 18. maí 1945.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Jón Grímsson til Stjórnarráðs Íslands 10. sept. 1946.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Atvinnumálaráðuneyti til prófnefndar löggiltra endurskoðenda 18. sept. 1946.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Atvinnumálaráðuneytið til sýslumanns Ísafjarðarsýslu 27. nóv. 1946. Drengskaparheiti Jóns Grímssonar, sem hann undirritaði á skrifstofu sýslumanns Ísafjarðarsýslu, er dagsett 7. okt. 1946.

Agnar Kl. Jónsson: Stjórnarráð Íslands 1904–1964 I, bls. 269.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 3. des. 1948.

Atvinnumálaráðuneytið til Baldurs Guðlaugssonar 17. des. 1948.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Prófnefnd löggiltra endurskoðenda til atvinnumálaráðuneytis 10. jan. 1950.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Baldur Guðlaugsson til atvinnumálaráðuneytis 22. nóv. 1950 og 23. nóv. 1950.

Atvinnumálaráðuneytið til Baldurs Guðlaugssonar 27. nóv. 1950.

Skjalas. FLE. Fundargerðabók FLE 16. júlí 1935–2. okt. 1952, fundargerðir dags. 14. jan., 13. júní, 25. júní, 30. okt. og 12. des. 1936, ennfremur 24. mars 1937.

Skjalas. FLE. Fundargerðabók FLE 16. júlí 1935–2. okt. 1952, fundargerðir dags. 27. okt. 1944, 13. júní 1947 og 4. sept. 1947.

Skjalas. FLE. Fundargerðabók FLE 16. júlí 1935–2. okt. 1952, fundargerðir dags. 1. sept. 1945, 13. júní 1947 og 22. sept. 1947.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Ódagsett greinargerð Björns E. Árnasonar til atvinnumálaráðuneytis, síðla árs 1947 eða snemma árs 1948. Vérlitað handrit að „Reglugerð um breyting á reglugjörð um próf löggiltra endurskoðenda, verksvið þeirra o.fl. nr. 18, 27. mars 1929“ undirritað af Gunnlaugi Briem 8. jan. 1948.

Skjalas. FLE. Fundargerðabók FLE 16. júlí 1935–2. okt. 1952, fundargerð aðalfundar dags. 12. mars 1949. Greint frá því að ráðherra hafi hafnað því að staðfesta reglugerðarbreytingar.

Skjalas. FLE. Fundargerðabók FLE 16. júlí 1935–2. okt. 1952, fundargerð dags. 9. okt. 1951.

Skjalas. FLE. Fundargerðabók FLE 28. nóv. 1952–5. des. 1961, fundargerð dags. 28. nóv. 1952.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Félag löggiltra endurskoðenda til Bjarna Benediktssonar 10. febr. 1953. Afgreiðsla ráðherra rituð á bréfið, ódagsett.

Skjalas. FLE. Fundargerðabók FLE 28. nóv. 1952–5. des. 1961, fundargerð dags. 22. jan. 1954. — Alþingistiðindi 1953, B. Rvk. 1955, dálkur 650.

Alþingistiðindi 1953, B, dálkur 648–49.

Alþingistiðindi 1953, A. Rvk. 1954, bls. 396.

Alþingistiðindi 1953, B, dálkur 649.

Stjórnartíðindi 1953, A. Rvk. 1953, bls. 276.

Alþingistiðindi 1953, B, dálkur 649.

Þ.Í. Skjalas. landbúnaðarráðuneytis 1998 BA/68 1, 1946–1955. Félag löggiltra endurskoðenda til Bjarna Benediktssonar 10. febr. 1953.

Alþingistiðindi 1953, A, bls. 394–97, 476, 745, 840. — Stjórnartíðindi 1953, A, bls. 275–77. — Stjórnartíðindi 1953, B. Rvk. 1953, bls. 479–83.

Úr félagslífinu



Stundum væri gott að hafa fleiri hendur.



Menn eru bara rólegir í biðröðinni.

Formannaspjall

Um miðjan maí mættu nokkrir fyrrverandi formenn FLE í spjall með Kynningarnefndinni. Það voru þau: Geir Geirsson (formaður 1975 – 1977); Þorsteinn Haraldsson (formaður 1993-1995); Þorvarður Gunnarsson (formaður 1997-1999) og Margret G. Flóvenz (formaður 2007-2009).

Að hálfu Kynningarnefndar sátu fundinn þau Sighvatur Halldórsson formaður nefndarinnar, Auðunn Guðjónsson, Helga Erla Albertsdóttir og Guðrún Torfhildur Gísladóttir. Sighvatur bauð formennina velkomna og varpaði fram fyrstu spurningunni:

Hvert var umfang félagsins í formannstíð ykkar?

Margret: Það eru ekki miklar breytingar frá því að ég fór úr þessu sæti, þetta var svipað og er núna. Í minni tíð varð hins vegar mikil breyting á innra starfi en tekin var ákvörðun um að fá tvo starfsmenn í fullt starf. Hugsunin að baki því er tvíþætt: annars vegar að félagsmenn haldi þétt utan um menntunarmálin en það er mikil vinna í því; hins vegar að draga úr vinnu formannsins, en það var farið að gæta ákveðinnar tregðu á að fólk vildi taka formennsku að sér. Fyrir tíð Gunnars hvíldi svo stór hluti félagsins á formanninum.

Þorvarður : „Það eru 11 ár síðan ég hætti sem formaður og félagið hefur náttúrlega bæði stækkað og þróast síðan. Þá var einn starfsmaður í 60% starfi og meira af faglegu vinnunni sem lenti á formanninum. Það var töluverð vinna og félagið bara með einn starfsmann í 60% starfi. Samskiptin voru öðru vísi. Á mínum formannstíma var gerð heimasíða og hún opnuð á aðalfundinum 1999. Gífurleg þróun hefur orðið, skrifstofan orðin öflugri og auðveldara verk fyrir formanninn að stýra félaginu. Ég held líka að áhrifin hafi orðið mikil á félagslega þáttinn í þessu og kannski endurmenntunina líka. Endurskoðunarfyrirtækin hafa breyst, orðið stærri og félagsstarfið sem var mikið hjá félaginu hefur flust að hluta til yfir til þeirra. Endurmenntunin líka en stóru stofurnar halda mikið af námskeiðum.“

Þorsteinn: Í samanburði get ég ekki sagt neitt um það því ég veit ekki nóg um það sem gert er í dag. Þegar ég var formaður þá var einn starfsmaður, Bryndís Helgadóttir, sem vann frá 9-13. Hún sat fundi í fastanefndum og í þeim var mikið fundað. Tölvupóstur og heimasíða kom seinna, en félagsmenn komu eða hringdu. Hlutverk félagsins þá snérist meira um þarfir einyrkja og lítilla stofa. Þær stærri sáu um sig sjálfar.

Geir: Þegar ég var í þessu embætti þá var meiri áhersla á félagslega hlutverkið, sósíalþáttinn, en starfið snérist óskaplega mikið um sumarráðstefnur sem litið var á sem skemmtiprógramm og upplýftingu.

Þorsteinn: Sumarráðstefnur voru með afbrigðum skemmtilegar. Endurskoðendur frá ýmsum stofum kynntust vel, fóru á trúnað og hvaðeina. Þegar sumarráðstefnurnar duttu upp fyrir þá kom jólaboð fyrir fyrrum formenn sem oft eru í samkeppni og í forystu fyrirtækjanna. Það að hittast yfir góðum mat, eykur á samkennd og samstöðu þeirra sem fagmanna á vettvangi Félags löggiltra endurskoðenda. Þeir geta svo keppt í óskyldum



Formennirnir frá vinstri: Þorsteinn, Margret, Geir og Þorvarður

liðum á daginn. Til formannskvöldverðar (Past Presidents dinner) vorum við hjónin boðin í Svíþjóð og ég vissi áður en ég var búinn með súpuna, að þessari hugmynd myndi ég stela.

Margret: „Með breyttu samfélagi hefur orðið rosaleg breyting á félaginu. Það urðu vatnaskil þegar þáverandi formaður félagsins þurfti að hringja í forsætisráðherra sem átti að vera heiðursgestur á árhátíð og tilkynna að hætta yrði við vegna lélegrar þátttöku. Ég held að enginn hafi þorað að efna til árhátíðar síðan þá.

Þorsteinn: „Ég man ekki eftir því að formannsstarfið hvíldi þungt á mér. Ég man bara eftir því hvað það var skemmtilegt. Við settum niður dagsetningar fyrir skattadag, haustráðstefnu og fleira. Við settum niður fasta liði strax í upphafi starfsárs til að auðvelda skipulagið og framkvæmdina. Við Tryggvi, varaformaður, áttum fundi með formönnum nefnda, og buðum þeim einum og einum á Pasta Basta, en þangað er víst ekki hægt að fara lengur. Ég man eftir hádegisverði með Ólafi Kristinssyni. Þá setti hann fram hugmyndina um að halda endurskoðunardag 30. apríl. Þá kom hingað Primrose McCabe og talaði um afnám endurskoðunarskyldu lítilla fyrirtækja. Primrose var þá nýtekin við formennsku í Skoska endurskoðendafélaginu sem er hið elsta í heiminum, stofnað 1854. Félagið var 140 ára þegar hún kom og hún var fyrsta konan til að gegna formennskunni. Þegar skipulag fyrir starfsárið var komið niður á blað, verkefni og markmið, þá var svo létt fyrir alla að hlýða og var bara ótrúlega skemmtilegt. Við breyttum fleiru því í stað þess að leita að mörgum félagsmönnum í stjórn og nefndir fyrir aðalfund, þá var tekin upp sú regla að kjósa varamenn til eins árs og aðalmenn til þriggja ára, einn á hverju ári. Það er svo miklu auðveldara að veiða menn til starfa sem varamenn. Menn öðlast reynslu á varamannabekknunum og koma svo inná þegar elsti aðalmaður fer af velli

Þorvarður: „Þetta virkaði mjög vel og ég hélt þessu áfram og verklagið er algerlega í gangi ennþá. Það sem Þorsteinn kom með varð að hefðum sem við höfum haldið í ennþá. Eins og formannskvöldverðurinn sem er skemmtilegt tilefni og svo fagdagarnir. Síðan leiddi þetta af sér að sumarráðstefnan hikstaði og breyttist í haustráðstefnu.



Frá vinstri: Þorsteinn, Helga Erla, Sighvatur formaður
Kynningarnefndar og Geir

Hvað varð til þess að þið tókuð þetta að ykkur?

Geir: „Það eru yfir 30 ár síðan ég var formaður en ég datt inn í þetta úr varaformannssætinu. Ég kom þarna inn í stjórnina þegar Atli Hauksson var formaður og var svo gerður varaformaður blautur á bak við eyrun. Það lá ekki endilega ljóst fyrir í upphafi, að ég myndi verða formaður. Menn töldu það svo sjálfsagt þannig að hefðin var byrjuð að mótast.

Þorsteinn: „Ég hafði brennandi áhuga og titraði að metnaði. Ég tók ekki beinlínis að mér formannsembættið heldur tók ég að mér varaformannsembættið. Það var létt að játast boði um þá vegtyllu. Af því leiddi, samkvæmt venju, formannsembættið og þegar á hólminn var komið, kom ekki til greina að hafna því.“

Þorvarður: „Auðvitað gerðist þetta með sama hætti hjá mér að ég tók að mér varaformennsku. Það fylgdi því að verða svo formaður. Mér fannst það bæði áhugavert verkefni og áskorun að gerast formaður þessa merkilega félags.

Margret: „Þegar ég tók við sem varaformaður vissi ég að það yrði formannsembættið tveimur árum seinna. Allt frá því að ég kom inn í þetta félag og Þorsteinn setti mig í skemmtinefnd hefur mér alltaf fundist þetta félag svo sérstakt. Menn voru svo nálægt hver öðrum, var svona þétt félag. Mér fannst þetta ótrúlega spennandi viðfangsefni. Það er alltaf gaman að taka að sér öðru vísi verkefni en maður er að sinna alla daga. Ég þældi svo sem ekkert mikið í því hvort formaður væri karl eða kona. En ég man eftir því að það var kostur hve fáar konur voru í félaginu hér áður fyrr, af því að það var aldrei biðröð á kvennaklósettinu, en það hefur alveg gjörbreyst.

Hvernig hefur reynslan nýst ykkur í daglegu starfi?

Þorsteinn: „Reynslan nýtist á öllum vettvangi lífsins; sérstaklega í starfi. Það veitir mikinn styrk að vera inni í umræðunni og inni í þeim málefnum sem eru til umfjöllunar hjá NRF og á alþjóðavettvangi. Það að vera í sambandi við erlenda forystumenn endurskoðenda og funda með þeim, veitir styrk og öryggi. Kemur inn alhliða, alveg eins og ef maður púlar í ræktinni, en þá er erfitt að segja hvort styrkurinn komi frá þessari eða hinni æfingunni.

Þorvarður: „Kannski þó reynslan nýtist ekki í starfi sem

endurskoðandi þá nýtist hún í persónuleg samskipti og persónuleg tengsl. Maður lærir ýmislegt eins og að stjórna fundum og taka þátt í verkefnum og umræðum. Einnig það að kynna þessum erlendu kollegum og uppgötva að vandamálin eru þau sömu í raun. Þetta nýtist vel í samskiptum við fólk. **Margret:** „Og víkkar sjóndeildarhringinn sem er alltaf til gagns hvar sem maður fer, bæði í vinnunni og alls staðar. Manni hættir auðvitað til, sérstaklega ef maður vinnur mjög lengi á sama stað og í sama starfinu, að sjá ekki út fyrir sinn innsta hring. Það víkkar hann mikið að fara í svona. **Geir:** „Ég tek undir þetta allt saman, þetta var góð reynsla.

Hvaða burði þurfa menn að hafa í svona starf og mynduð þið mæla með þessu við kollega ykkar?

Þorvarður: „Fyrst og fremst að hafa viljann til að gera þetta og hafa gaman af samskiptum við fólk.

Þorsteinn: „Ég mæli ekki með þessu við aðra, ég skal bara gera þetta“ segir hann og vekur almennan hlátur í hópnum. „Það er alveg frábært að vera formaður, en auðvitað verða menn að hafa áhuga og ekki bara metorðagirnd heldur líka metnað, einhverja sýn á þetta. Mönnum gefst líka tími til að búa sig undir þetta í varaformannssætinu.

Þorvarður: „Það kerfi virkar mjög vel.

Geir: „Fólk þarf að gera sér grein fyrir því að þetta er krefjandi, tekur bæði tíma og undirbúning.

Þorvarður: „Menn sjá líka fyrir endann á þessu en þetta eru fjögur ár, tvö í varaformann og tvö sem formaður svo menn sjá fyrir endann þá þessu.

Margret: „Mér finnst þetta passlega langt tímabil. Fólk spurði mig, hvort um eftirsjá eða létti væri að ræða þegar ég hætti en í mínum huga fann ég fyrir hvorugu. Þetta var verkefni sem ég tók að mér, tók talsverðan tíma en var skemmtilegt.

Þorvarður: „Það var ákveðinn léttir að hætta en líka eftirsjá. Mann vantaði samt ekki verkefni, það leggst alltaf eitthvað til. Ég fór í að byggja sumarþústað sumarið eftir.

Geir: „Maður hafði gert sér grein fyrir að þessi tími myndi líða. Ég held að mér hefði ekki liðið sérstaklega vel með það að vera lengur í þessu.

Hvað voru helstu málin í endurskoðunarheiminum þegar þið voruð formenn?

Geir: „Þetta voru fyrstu ár alþjóðareikningssskilanefndarinnar. Við vorum ekki stofnfélagar þar en ég man að á fundi sem ég mætti á, kom formaður nefndarinnar með kort sem merkt voru inn á þau lönd sem höfðu þá gengið til þessa samstarfs. Hann var mjög áhugasamur um að fá Ísland inn í hópinn því þá gat hann litað áberandi blett á kortinu rauðann. Það varð úr að árið eftir gengum við inn í þetta. Af innlendum vettvangi man ég eftir að það voru í undirbúningi ný hlutafélagslög og það fór svolítill tími í það.

Margret: Það hrundi víst heilt efnahagskerfi á minni vakt. Auðvitað markaði það dálítið þennan tíma og kallaði á meiri samskipti við fjölmiðla en maður hafði gert ráð fyrir og margt sem hékk á spýttunni. Spjót hafa auðvitað beinst að okkar stétt, sum með réttu og önnur með röngu. Það

auðvitað einkenni þetta tímabil. Þá tóku gildi ný lög um endurskoðendur, sem markaði starfið mikið því það þurfti að gera tilteknar breytingar á félaginu og kynna hvaða áhrif þetta hefði á dagleg störf félagsmanna. Auðvitað er það þessar gríðarlegu umbýltingar sem höfðu mest áhrif.

Porvarður: Í raun og veru hafa þetta verið svipuð mál og eru núna: gæðamál og ný löggjöf um endurmenntun sem við hjálpuðum ráðuneytinu að búa til. Við settum á fót fyrstu siðanefndina hjá félaginu til að endurskoða samskiptareglurnar. Menntun skoðuðu alþjóða siðareglurnar en þóttu þær vera heldur viðamiklar til að fara í þær á þeim tíma. Nú erum við að innleiða nýju siðareglurnar sem er mjög gott mál að klára. Vandamálin voru svipuð, gekk líka út á samskipti við skattfyrirvöld, löggjafavaldið og fleiri.

Porsteinn: „Nýr endurskoðunarstaðall sá dagsins ljós. Ég var viðstaddur merkilegan fund í París, vorið 1994, þegar staðallinn var samþykktur. Þegar ég var búinn að hlusta á kallana tala, fannst mér að nú væri alþjóðlegur endurskoðunarstaðall kominn í sína endanlegu mynd og myndi aldrei framar þarfnast endurskoðunar. Á sama tíma var mikil umræða um hlutverk endurskoðandans. Gjaldþrot BCCI bankans var mál mála á þeim tíma. Skiptastjórnar BCCI, Deloitte & Touche, stefndu PricewaterhouseCoopers hf og Ernst & Young, endurskoðendum bankans, málinu lauk með sátt. Endurskoðendurnir greiddu 175 milljónir dollara árið 1998. Ég er stoltastur af því, að þegar FEE lét frá sér forútgáfu af greinargerð um ábyrgð á reikningsskilum fyrirtækja þá létum við þýða hana á íslensku. Þegar endanlega skýrslan kom svo, þá tók það bara fjóra daga að ganga frá henni á íslensku og hún kom út aðeins viku seinna en enska skýrslan. Skýrslan heitir Greinargerð um ábyrgð á reikningsskilum fyrirtækja. Varðandi norrænu fundina, þá fóru þeir fram á dönsku og ég man bara það sem sagt var í upphafi funda ... menn verða bara að fyrirgefa það. Ég man fundi þar sem menn voru dálítið fyrirferðamiklir. Þá gekk allt útá að koma endurskoðendum inn á uppgripasvæði lögmanna við uppgjör dánarbúa. Það fór mikill skaphiti og orka í þetta. En það var svo seint á fundinum sem umræðunni lauk, svo ég veit ekki hver niðurstaðan varð“ segir Þorsteinn og glottir.

Hvað varð til að þið völduð þennan starfsvettvang?

Porvarður: „Það var laus vinna hjá frænda mínum og ég fór til hans og fékk vinnu með skólanum. Þannig þróaðist þetta. Greinilega komið í genin því sonurinn er kominn í félagið. Verð að fara að þjálfra upp barnabarnið. Þetta var bara tilviljun.

Margret: „Ég veit ekki hvernig ég lenti í þessu, veit ekki einu sinni af hverju ég fór í viðskiptafræði. Ég hefði getað farið í hvað annað. Mér finnst ég ekki út úr karakter sem endurskoðandi, hafði samt aldrei neinn sérstakan áhuga á viðskiptum þegar ég var 21 árs og þurfti að velja.

Geir: Ég man ekki til að það væri einbeittur vilji, ég meira leiddist út í þetta. Hef kunnað ágætlega við starfið, er ekki viss um að annað hefði verið betra

Porsteinn: Það var hringt í pabba á sunnudagsmorgni vegna þess að það hafði brotnað rúða í kjallaranum í Heiðargerði 30. Viðgerð var áriðandi og pabbi spurður hvort hann gæti

komið á sunnudegi og sett í nýja rúðu? Húseigandinn var endurskoðandi og þegar hann ætlaði að borga sagðist pabbi ekki taka neina peninga fyrir viðgerðina en endurskoðandinn yrði að taka strákinn í nám þegar hann hefði aldur til.



Frá vinstri: Auðunn, Margret, Guðrún Torfhildur og Porvarður

Væntingar til starfsins – stóð það undir væntingum þegar til kom?

Porvarður: Ég held að maður hafi ekki vitað hvað maður var að fara út í. Auðvitað er starfið fjölbreytt og skemmtilegt og býður upp á mikið, sama hvað þú ætlar þér. Maður hefur verið praktiserandi endurskoðandi allt sitt líf en ég held að námið og starfið sé góður grunnur fyrir hvað sem maður vill taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Margret: Maður vissi ekki neitt óskaplega mikið út í hvað maður var að fara en þetta er miklu skemmtilegra en maður átti von á. Mér hefur alltaf fundist þetta mjög skemmtilegt starf því það er svo fjölbreytt öfugt við það sem ímyndin af okkur segir.

Oft í þessu ati, hugsar maður hvort ekki væri gott að vinna bara fyrir einn aðila á einhverju einum stað, en ég yrði biluð ef ég gæti ekki unnið fyrir marga aðila á hverjum degi, hugsa ég.

Geir: Ég tek alveg undir þetta, starfið fór umfram væntingar varðandi fjölbreytni og samskipti.

Porsteinn: Ég tek undir. Starfið býður uppá mikla fjölbreytni og mannleg samskipti. Þetta er bara alveg frábært starf, ekki hægt að orða það öðru vísi.

Hverjir eru helstu kostir og gallar í þessu starfsumhverfi?

Porvarður: „Það væri synd að segja að vinnuálagið hafi verið lítið, en oft hefur verið erfitt að samræma vinnu og einkalíf. Það hefur þó gengið betur seinni árin.

Geir: „Þetta frjálstræði í vinnubrögðum, þó það sé að vissu leyti mótsögn í því þar sem gilda strangar reglur en maður upplifir það að vera svo mikill sjálfs síns herra í því sem maður er að gera.

Margret: „Varðandi vinnuálag þá fer það eftir því hvenær maður er spurður. Stundum óbærilega mikið og svo léttir á og þá man maður það ekki lengur. Ég er búin að koma upp 4 börnum á þessu tímabili og ég held að það sé bara allt í lagi með þau. Það fylgir þessu starfi gríðarleg ábyrgð, kannski



erum við líka að sækjast efir því. Þetta er þannig hlutverk. **Þorsteinn:** „Ég gæti setið og kvartað yfir ýmsu sem maður hefur orðið að þola í þessu stafi. Oft hefur maður misst ráð og völd. Ég þurfti meðal annars að hætta við að fara til Kína af því að einhver kúnni þurfti á mér að halda, gott ef ekki plastpokamaður. En í hvaða starfi er það ekki, slökkviliðsmaður gæti verið kallaður út í frítíma í stórbruna og flugmaður á leið til Keflavíkur gæti þurft breyta um stefnu og fara til Akureyrar. Ég þekki líka endurskoðendur sem kunna ekki smáorðið „nei“. Oft er hægt að segja: veldur hver á heldur. Ég stýri mínu lífi Þótt margir aðrir hafi áhrif á það hvernig líf mitt stýrist. Staðalímynd endurskoðenda er sú að þeir séu alltaf í vinnunni. Mér finnst að við eigum að reyna að vinna gegn henni bæði í ásýnd, og reynd –þar sem þess er þörf.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur endurskoðendur framtíðarinnar? Hverju þarf að breyta til að uppfylla það.

Þorvarður: Erfið spurning að svara núna þegar endurskoðendur eru undir smásjánni og mikilli gagnrýni, það eru erfiðir tímar. Kannski þarf að skoða betur þetta væntingabil sem talað er um. Þó menn eigi að vita hvað endurskoðendur eigi að gera þá bara vita menn það ekki. Mér finnst það vera svolítið hlutverk félagsins okkar að vinna í því að brúa þetta bil og koma þessu

betur til skila. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig hægt sé að gera þetta en það er ekki auðvelt. Við erum að ganga í gegnum erfitt tímabil varðandi ímynd endurskoðenda og það þarf að vinna í því og kafa ofan í það. Fór eitthvað úrskeiðis sem við getum lagað í stað þess að fara í einhverja varnarstöðu og vinna okkur út úr því með góða ímynd á endanum.

Margret: „Við töluðum áðan um umræðuna sem var ofarlega í gangi þegar Þorsteinn var formaður um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda. Við förum í gegnum umræðuna með einhverju millibili. Ekki bara hér heldur er alls staðar þessi umræða. Umræðan er holl, hún segir okkur að hvorki ímynd okkar né staðsetning yfirleitt sé óbreytanlegur fasti. Við þurfum ekki bara að upplýsa aðra um til hvers við erum heldur þurfum við að vera viss um þetta sjálf. Þurfum að fara í gegnum það hvað við viljum vera, viljum við breyta þessu starfi, taka að okkur eitthvað annað hlutverk eða hvað? Við hljótum að fara í gegnum þetta með reglubundnum hætti. Allir þurfa að spyrja sig öðru hvoru hver er ég og hver vil ég vera.

Geir: „Þetta var mjög gott innlegg hjá Margréti sem ég tek heils hugar undir.

Með þessum orðum lýkur formannspjalli Kynningarnefndar.

Úr félagslífinu



Ekki alveg komnar í gang svona snemma en kaffið hjálpar.



Ekki veitir af því að vera með margar kaffikönnur í gangi.

Tímatal Félags löggiltra endurskoðenda 1935-2010

Í tilefni 75 ára afmælis félagsins er hér birt yfirlit um nokkur atriði sem þykja áhugaverð úr sögu félagsins. Um er að ræða yfirlit sem byggt er á upplýsingum úr fundargerðum og öðrum gögnum félagsins. Upplýsingar vegna árána 1935 - 1995 byggja að mestu leyti á tímatali sem birt var í afmælisriti FLE sem var gefið út í tilefni 60 ára afmælis félagsins. Eðli máls samkvæmt er yfirlit þetta langt frá því að vera tæmandi um starfsemi félagsins í 75 ára sögu þess, en gefur þó innsýn í viðfangsefni þess á hverjum tíma.

1935

Á fundi nokkurra endurskoðenda á Hótel Borg var ákveðið að stofna félagsskap þeirra sem löggildingu höfðu fengið sem endurskoðendur. Félag löggiltra endurskoðenda var stofnað 16. júlí á skrifstofu Nielsar Manscher. Stofnendur voru átta og Björn E. Árnason kjörinn fyrsti formaður félagsins. Fyrsti stjórnarfundur eftir stofnfund var haldinn 24. júlí.



Á Hótel Borg var ákveðið að stofna FLE

1936

Fyrsti aðalfundur eftir stofnfund var haldinn 25. júní að Hótel Borg.

1939

Á félagsfundi í janúar var samþykkt að félagið gerðist meðlimur í Det Skandinaviske Revisorssekretariat sem var samband norrænna endurskoðendafélaga. Fulltrúi félagsins tók í fyrsta skipti þátt í fundi norrænna endurskoðenda, en það var Árni S. Björnsson.



Aðalfundur haldinn á Bingvöllum

1944

Aðalfundur félagsins samþykkti að leitað verði til Háskóla Íslands um nám þeirra manna sem búa sig undir endurskoðendanám.

1945

Aðalfundur félagsins var haldinn á Bingvöllum í tilefni 10 ára afmælis félagsins „og sitja félagsmenn borðhald að fundi loknum með konum sínum“.

1947

Námskeið í bóklegum fræðum fyrir væntanlega endurskoðendur hófust við Háskóla Íslands.

1953

Ný lög um endurskoðendur, lög nr. 89 voru sett í desember.

1955

Aðalfundur félagsins samþykkti ný lög fyrir félagið, en fram til þessa höfðu samþykktir félagsins frá stofnfundi verið óbreyttar. Fyrsta fastanefnd félagsins var stofnuð „Nefndin“ og var hlutverk hennar „að láta uppi fyrir félagsins hönd rökstutt álit um hverskonar fyrirspurnir varðandi grundvallaratriði reikningslegs og endurskoðunarlegs eðlis, sem fyrir félagið kynni að verða lögð af Alþingi, framkvæmdavaldi ríkisins, dómstólum og einstökum félagsmönnum.“ Á aðalfundi voru tekin til umræðu samskipti milli félagsmanna og eru það fyrstu merki um mótun samskiptareglna félagsmanna

1956

Nafni samtaka norrænna félaga löggiltra endurskoðenda var breytt í Det Nordiska Revisorsforbundet (NRF). Tryggingasjóður löggiltra endurskoðenda var stofnaður. Aðalfundur samþykkti að reikningsár félagsins verði frá 1. september til 31. ágúst og hefur það alla tíð síðan verið reikningsár félagsins.



NRF, merki sambandsins

1958

Aðalfundur samþykkti „Reglur um samskipti félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðenda“. Samskiptareglurnar verða þar með hluti félagslaga.

1960

Félagið hélt afmælishátíð 16. júlí í tilefni 25 ára afmælis félagsins. Hátíðarfundur var haldinn í Háskóla Íslands og kvöldveisla í Oddfellowhúsinu í Reykjavík. Fundur NRF var haldinn í fyrsta sinn á Íslandi í tengslum við 25 ára afmæli félagsins.

1961

Í janúar var haldinn hádegisverðarfundur félagsmanna með utanaðkomandi fyrirlesara og er það fyrsta skráða heimild um slíkan fund á vegum félagsins.

1964

Fyrsta sumarráðstefna félagsins var haldin að Bifröst í



Föngulegur hópur endurskoðenda og maka á Bifröst

Borgarfirði.

1965

Félagsfundur samþykkti að félagsmenn komi saman einu sinni í mánuði, nema yfir sumarmánuðina til hádegisverðar „hvort sem sérstakt tilefni væri til eða ekki“. Þessi siður hefur haldist síðan og er jafnan reynt að fá utanaðkomandi aðila eða félagsmann til að halda fræðandi erindi á þessum fundum. Aðalfundur kaus Björn E. Árnason fyrsta heiðursfélaga félagsins.

1966

Félagið keypti hlut í húseigninni Hverfisgötu 106A í Reykjavík og framkvæmdir hófust við nauðsynlegar breytingar til að gera húsnæðið að félagsheimili.

1967

Stjórnarfundur var haldinn í fyrsta sinn í eigin húsnæði félagsins í apríl, en formleg opnum félagsheimilisins var í september. Á aðalfundi var gerð lagabreyting og kosin þriggja manna fræðslunefnd. Verkefni nefndarinnar var „að sjá um fræðslustarfsemi innan félagsins í samræði við stjórn þess, svo og umsjón með skjalasafni, bókasafni og húsnæði félagsins.“ Fræðslunefnd var síðar felld niður og stjórn yfirtók verkefni nefndarinnar til ársins 1978 þegar stjórnin skipaði sérstaka endurmenntunarnefnd.



Svavar Pálsson
verður formaður NRF

1968

Svavar Pálsson var tilnefndur af félaginu til að taka við formannsstarfi í Norræna endurskoðunarsambandinu til tveggja ára. Hádegisverðarfundur var haldinn í fyrsta skipti í félagsheimilinu við Hverfisgötu í nóvember.

1969

Félagsfundur í mars samþykkti að félagið skyldi ganga í Evrópusamband endurskoðenda, UEC (Union Européenne Des Experts Comptables Economiques et Financiers). Af mörgum erlendum velunnurum félagsins voru sérstaklega nefndir til sögu þeir Jakob A. Kittelsen, ritari NRF og Bjarne Niemann Olsen, framkvæmdastjóri danska endurskoðendafélagsins. Þessir tveir menn áttu mikinn þátt í að aðstoða félagið í fyrstu sporum þess í erlendu samstarfi og fyrir þann þátt var þeim báðum veitt heiðursmerki hinnar íslensku Fálkaorðu. Á stjórnarfundum var rætt um hvort tímabært sé orðið að félagið fái starfmann sem vinni að undirbúningi mála fyrir stjórnina o.fl. Aðalfundur samþykkti að kjósa nefnd til að athuga hvort möguleiki sé fyrir því að félagið beiti sér fyrir útgáfu tímarits er fjalli um málefni stéttarinnar.



Yfirlit yfir tímaritaútgáfu FLE

1970

Tímarit Félags löggiltra endurskoðenda kom út í fyrsta sinn.

1973

Stjórn félagsins setti á stofn umræðuhópa um fagleg mál sem síðar reyndist vera undanfari tveggja fastanefnda félagsins. Umræðuhóparnir fjölluðu um:

- 1 Endurskoðun og endurskoðunarvenjur
- 2 Bókhald og reikningsskil
- 3 Skattamál.



Guðríður Kristófersdóttir, fyrsta konan sem fékk löggildingu

1975

Fyrsta konan fékk löggildingu sem endurskoðandi á Íslandi, Guðríður Kristófersdóttir. Tvær konur fengu löggildingu árið 1976 og í framhaldi af því urðu fyrstu konurnar félagsmenn í FLE. Félagið réði sérstakan starfsmann í hlutastarf, en allt starf félagsins hafði fram til þessa verið unnið af félagsmönnum sjálfum. Á aðalfundi var í fyrsta sinn kosið í tvær nýjar fastanefndir á vegum félagsins. Annars vegar endurskoðunarnefnd sem skyldi gera tillögur að leiðbeinandi reglum um framkvæmd endurskoðunar og hins vegar reikningsskilanefnd sem skyldi gera tillögur að leiðbeinandi reglum um gerð ársreikningsins. Þær tillögur nefndanna sem hljóta samþykki $\frac{3}{4}$ hluta félagsmanna á aðalfundi skulu kynntar sem álit félagsins.

1976

Ný lög um löggilta endurskoðendur nr. 67 voru sett í maí. Þing norrænna endurskoðenda var haldið í Reykjavík í júlí. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkt þing er haldið á Íslandi og fjölmennasta þing norrænna endurskoðenda sem haldið hafði verið á þeim tíma. Komu til landsins á sjöunda hundrað norrænna gesta, þar af um 300 endurskoðendur. Fimmtíu og fimm íslenskir endurskoðendur sátu þingið. Þingforseti var Halldór V. Sigurðsson, en auk hans voru í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar Bergur Tómasson, Atli Hauksson og Ólafur Nilsson. Tveir félagsmenn voru kjörnir heiðursfélagar félagsins á aðalfundi, Ari Ó Thorlacius og Björn Steffensen.



Geir Geirsson undirritar stofnskrá IFAC

1977

Alþjóðasamband endurskoðenda, IFAC (International Federation of Accountants) var stofnað í München. Formaður FLE undirritaði stofnskrá IFAC, en stjórnarfundur félagsins hafði ákveðið að FLE gerðist aðili að alþjóðasambandinu. Halldór V. Sigurðsson var tilnefndur af hálfu FLE til að gegna formennsku í NRF til tveggja ára og varð þannig annar félagsmaður FLE sem gegndi því embætti.

1978


FLE fréttir komu út í fyrsta sinn. Áður höfðu félagsmenn fengið sendar fréttir og tilkynningar í bréfformi um tveggja ára skeið. Félagið hóf útgáfu á lausblaða handbókum. Skattahandbókin kom fyrst út en síðan fylgdu Handbók FLE (1979), Reikningsskilahandbókin (1980) og Endurskoðunarhandbókin (1982).

1979

Fyrsti staðall FLE „Leiðbeinandi reglur um grundvallaratriði endurskoðunar á ársreikningum hlutafélaga“ var samþykktur á framhaldsaðalfundi félagsins.

1980

Félagsmerki var kynnt og samþykkt. Tryggingasjóður löggiltra endurskoðenda (stofnaður 1956) var lagður niður. Inneignir



Merki FLE kynnt og samþykkt.

félagsmanna í séreignarsjóðum voru eftir atvikum færðar í aðra sjóði eða greiddar út.



Fyrsta konan í stjórn FLE Erna B. Halldórsdóttir

1982

Með nýjum samþykktum var menntunarnefnd gerð að fastanefnd. Fyrsta Meistaramót FLE í golfi fór fram á Grafarholtsvelli í Reykjavík. Frá þessum tíma hefur mótið verið árviss viðburður. Fyrsta konan tók sæti í stjórn félagsins, Erna Bryndís Halldórsdóttir.

1984

Með sérstöku samkomulagi við Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC) og Alþjóða Reikningsskilanefndina (IASC) voru tengsl þessara tveggja samtaka gerð nánari og öll aðildarfélög IFAC, þar á meðal FLE, urðu sjálfkrafa aðilar að IASC. Þetta fól m.a. í sér að aðildarfélög gefa út, kynna og styðja reikningsskilastaðla útgefna af IFAC.



Þorvaldur tekur á móti silfurkeðju

1985

FLE hélt 50 ára afmælishátíð sína með hátíðarfundum í hátíðarsal Háskóla Íslands og afmælishófi að Hótel Sögu. Erlendir gestir hátíðarinnar voru alls 28 og meðal góðra gjafa var silfurkeðja með inngreyptum norrænum myntum, formannskeðja félagsins. Í tengslum við hátíðina var haldinn hér formannafundur NRF.

1986

Evrópusamband endurskoðenda (UEC) var lagt niður og jafnframt stofnað nýtt Evrópusamband, Fédération des Experts Comptables Européens (FEE). Formaður FLE var meðal þeirra sem undirrituðu stofnskrá hins nýja sambands.

1987

Forseti FEE var heiðursgestur á sumarráðstefnu félagsins. Söluskattur (10%) var lagður á þjónustu löggiltra endurskoðenda. Stjórn félagsins bar fram mótmæli gegn þessari ráðagerð.

1988

Framhaldsaðalfundur samþykkti „Leiðbeinandi reglur um áritanir á endurskoðuð reikningsskil“ og „Leiðbeinandi reglur um gerð óendurskoðaðra reikningsskila og áritanir á þau“. Tímarit félagsins um endurskoðun og reikningsskil fékk nýtt nafn – Álit, en tímaritið kom fyrst út árið 1970. Hausráðstefna félagsins var haldin á Akureyri.



Hverfisgatan, félagsheimili FLE

1989

Félagsheimili félagsins var selt og andvirði sett í spariskírteini ríkissjóðs. Í október hélt FLE í fyrsta sinn námskeið erlendis. Stjórn félagsins og menntunarnefnd skipulögðu námskeiðið sem haldið var í Edinborg í samráði við Félag endurskoðenda í Skotlandi. Á annað hundrað manns, félagsmenn og makar, tóku þátt.

1990


Gunnar Sigurðsson var tilnefndur af FLE til að gegna formennsku í NRF um tveggja ára skeið. Gunnar var þriðji félagsmaður FLE til að gegna þessu embætti. Aðalfundur samþykkti áform stjórnar FLE um gæðaeftirlit með frjálsri þátttöku félagsmanna. Reikningsskilanefnd félagsins var falin framkvæmd samþykktarinnar sem fékk vinnuheiðið „Athugun á samræmi í gerð reikningsskila.“ Hugmynd kom fram um stofnun menntunar- og rannsóknarsjóðs FLE.

1991

Alþingi samþykkti í desember lög um Reikningsskilaráð. Félagið tilnefndi einn mann af fimm í ráðið. Hausráðstefna var haldin á Akureyri. Námskeið var skipulagt af endurmenntunarnefnd Félags breskra endurskoðenda í samráði við menntunarnefnd FLE.

1992

Menntunarnefnd félagsins skipulagði heimsókn í höfuðstöðvar Efnahagsbandalagsins í Brussel. Ferðin verður í minnum höfð af þeim 56 félagsmönnum og mökum sem þátt tóku.



Íðorðaskráin kom út

1993

Orðanefnd félagsins, sem var skipuð af félagsstjórn á árinu 1990, gaf út „Íðorðaskrá til nota við þýðingar á reikningsskilum“. Félagið hóf samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um námskeiðahald. Félagið gaf út kynningarbæklinginn „Endurskoðun og áritun á reikningsskil“.

1994

Fyrsta konan Primrose McCabe valin til að gegna embætti forseta í elsta starfandi félagi löggiltra endurskoðenda í heiminum, Félagi skoskra endurskoðenda, ICAS (stofnað 1854) var gestur FLE á ráðstefnu í apríl. Félagið gaf út Handbók endurskoðenda.



Frá 60 ára afmæli FLE

1995

Félagið hélt upp á 60 ára afmæli sitt með pomp og prakt. Gefið var út veglegt afmælisrit. Fram til þessa tíma höfðu 265 einstaklingar öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa.

1996

Í ársbyrjun var skipuð nefnd til að semja nýtt frumvarp til laga um endurskoðendur.

1997

Ríkisskattstjóri tók í notkun nýtt tölvuvætt framtalsforrit fyrir rekstaraðila. Ný lög um endurskoðendur tóku gildi í júlí 1997. Þá var sett sú regla að endurskoðendum sé skylt að viðhalda menntun sinni. Stjórn FLE skipaði á árinu sérstaka gæðanefnd til að koma á virku gæðaeftirliti með starfsemi endurskoðenda hérlendis. Stofnuð var ný laganefnd til að endurskoða samþykktir FLE og samskiptareglur FLE. Reglugerð var sett um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda. Hausráðstefna FLE var haldin í New York. Fulltrúi frá FLE sótti heimsráðstefnu endurskoðenda í París.

1998

Haldið var málþing með Lögmannafélagi Íslands í janúar og var yfirskrift þingsins „Gjaldið keisaranum það sem keisarans er ...“. Útgáfu Álits var hætt tímabundið en útgáfa FLE fréttar var aukin þess í stað. Skipaður var starfshópur til að skoða menntunarmál endurskoðenda. Embætti ríkisskattstjóra opnaði vefsíðu sína www.rsk.is.

1999


Fyrstu tillögur gæðanefndar um reglur um gæðaeftirlit voru lagðar fram. Árni Tómasson var kjörinn formaður NRF. Félagsmenn FLE þurftu í fyrsta sinn að skila inn endurmenntunareiningum. Formleg opnun á heimasíðu FLE - www.fle.is.

2000

Lagðar voru fram leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun. Stjórn



FLE samþykkti að skipa þriggja manna siðanefnd. Aðalfundur Norræna endurskoðendasambandsins NRF, var haldinn í Reykjavík. Kynningarrit FLE var gefið út sem bar heitið „Framtíðin í endurskoðun“.



Endurskoðandinn, hlutverk og ábyrgð kom út

2001

Gefinn var út ný bæklingur um störf endurskoðenda sem bar nafnið "Endurskoðandinn, hlutverk og ábyrgð". Lagt var fram frumvarp um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, ársreikningalögum og fleiri lögum sem meðal annars miða að því að fella niður verðleiðréttingar reikningsskila og skattskila. Haustráðstefna FLE var haldin í London í október.

2002

Ný lög voru sett nr. 87/2001 um grænt bókhald. Undirbúningur að innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IFRS, hófst af fullum þunga.

2003

Námsstyrkjasjóður FLE var stofnaður í júní. Breyting á reglugerð um endurmenntun löggiltra endurskoðenda tók gildi í árslok. Kynningarrit FLE var gefið út „Fjölbreytni í endurskoðun“.

2004

Tvö frumvörp voru lögð fram til breytinga á ársreikningalögum. Annars vegar frumvarp sem fól í sér breytingar á svokallaðri „fair value“ tilskipun Evrópusambandsins og hins vegar frumvarp sem fól í sér reglur um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla við gerð reikningsskila félaga. Endurnýjun fór fram á heimasíðu FLE.



Félagsmenn í blíðviðri í Stokkhólmi

2005

Haustráðstefna FLE var haldin í Stokkhólmi. Gæðæftirlit í

samræmi við gæðareglur FLE fór fram í fyrsta sinn á árinu. Fyrsti faglegi framkvæmdastjóri FLE, Gunnar Sigurðsson, var ráðinn í febrúar. Meistaránám í endurskoðun hófst í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Innleiðing IFRS í reikningsskilum fór fram á árinu hjá mörgum fyrirtækjum. Félag kvenna í endurskoðun (FKE) var stofnað í janúar.

2006

Krístún Helga Ingólfssdóttir var skipuð í menntunarnefnd á vegum IFAC en hún var fyrsti Íslendingurinn til að sitja í nefnd á vegum IFAC.



Fyrsta konan kosin formaður: Margret G. Flóvenz

2007

Stjórnarfundur alþjóðasambands endurskoðenda IFAC var haldinn í Reykjavík í júní. Fundur norrænu endurskoðunarnefndarinnar NRK var haldinn á Íslandi í ágúst. Margret G. Flóvenz var kosin formaður félagsins, fyrst kvenna.

2008

Ný lög um endurskoðendur voru samþykkt í maí en tóku gildi í ársbyrjun 2009.

2009

Breytingar voru gerðar á skipulagi félagsins og tveir starfsmenn ráðnir í fullt starf. Siðareglur endurskoðenda voru samþykktar á aðalfundi FLE. Endurskoðendaráð var skipað í apríl. Margret G. Flóvenz var kjörin forseti NRF. Vinna við söguritun FLE og félagatal hófst á árinu.

2010



Afmælismerki FLE

75 ára afmæli félagsins.

Viðburðir á afmælisári

Simon Á. Gunnarsson er formaður afmælisnefndar og löggiltur endurskoðandi hjá KPMG hf

Á árinu 2007 ákvað stjórn FLE að minnst 75 ára afmælis félagsins með ýmsum hætti. Skipuð var afmælisnefnd til að annast þau verkefni sem ráðist yrði í og hefur hún starfað frá apríl 2007.

Viðamestu verkefni nefndarinnar hafa verið að sjá um útgáfu á tveimur bókum, annars vegar með æviskrám endurskoðenda og hins vegar með sögu endurskoðunar hér á landi og þar með sögu félagsins í 75 ár. Teknar hafa verið saman æviskrár allra þeirra sem fengið hafa löggildinu til endurskoðunarstarfa hér á landi allt frá árinu 1929 til afmælisársins. Gunnlaugur



Afmælisnefnd frá vinstri: Hrefna, Ólafur Viggó, Símon og Þorsteinn.

Haraldsson, þjóðháttapræðingur, var ráðinn til að hafa umsjón með þessu viðamikla verkefni og hefur hann unnið að því að afla upplýsinga frá endurskoðendum á undanförunum misserum. Jafnframt hefur hann aflað upplýsinga um látna endurskoðendur og þá sem ekki hafa sinnt beiðnum um að gefa upplýsingar. Vinnsla æviskránna er nú á lokastigi og er stefnt að útgáfu bókarinnar í september næstkomandi.

Kristján Sveinsson sagnfræðingur var ráðinn til að skrá sögu félagsins og jafnframt sögu endurskoðunar hér á landi. Tók hann við því verkefni á árinu 2009 þegar samningi var slitið við fyrri söguritara sem ráðinn hafði verið til verksins. Vegna þessa tefst útkoma þessa seinna bindis í bókaútgáfu félagsins á afmælisárinu fram á vormánuði 2011. Hugmyndin er að bækurnar myndi eina heild og verði settar í almenna sölu á

næsta ári auk þess sem sala til félagsmanna og annarra hefst strax við útgáfu hvorrar bókar um sig.

Til að minnst afmælisins gefur FLE jafnframt út þetta afmælisblað og einnig hefur heimasíða félagsins verið notuð til að rifja upp mola úr sögunni.

Ákveðið var að á afmælisdaginn sjálfan, 16. júlí, verði haldið boð á Hótel Borg þar sem stofnun félagsins var ákveðin á sínum tíma. Er boðið einkum ætlað félagsmönnum og mökum þeirra. Afmælisráðstefna verður síðan haldin þann 24. september og verður hún opin almenningi. Forsvarsmönnum systurfélaga FLE á Norðurlöndunum hefur verið boðið til ráðstefnunnar. Auk þess munu forseti FEE, Hans van Damme, og varaforseti IFAC, Göran Tidström, verða gestir félagsins á þessari ráðstefnu og munu þeir báðir flytja erindi. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Embracing the future – learning from the past“, sem lagt hefur verið út sem „Á vit framtíðar – með reynslu fortíðar“. Auk erlendu gestanna munu nokkrir félagsmenn flytja erindi.

Auk framangreindra viðburða er vænst til þess að félagið geti minnst 75 ára afmælisins með því að úthluta styrk úr Námsstyrkjasjóði FLE, en hann var stofnaður á árinu 2003 til að styrkja framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum. Horfur eru á því að doktorsnám í reikningsskilum og endurskoðun fari af stað á komandi haustmánuðum undir handleiðslu Háskólans í Reykjavík. Með breytingum sem gerðar voru á skipulagsskrá Námsstyrkjasjóðsins í vor kemur til greina að hann styrki skólann við þetta mikilvæga skref í menntunarmálum endurskoðenda. Rétt er þó að undirstrika að þegar þetta er ritað hafa endanlegar ákvarðanir ekki verið teknar í þessum efnum.

Í afmælisnefnd FLE eru, auk undirritaðs, Hrefna Gunnarsdóttir, Ólafur Viggó Sigurbergsson og Þorsteinn Haraldsson. Auk þeirra var Sigurður Tómasson í nefndinni fyrstu tvö árin.

Simon Á. Gunnarsson



Alltaf á leiðinni heim

Theódór Lúðvíksson starfaði sem löggiltur endurskoðandi hjá SP og býr erlendis

Eftir sjö ára starf á virðulegri lítilli endurskoðunarskrifstofu við Tjörnina í Reykjavík langaði mig að breyta til. Ég vann mest við bókhald og skattauppgjör og aðrar skyldur viðskiptavina við opinbera aðila. Á áttunda áratugnum fór svo aðeins að bera á virkilegri endurskoðunarvinnu fyrir framsæknustu fyrirtækin. Árin sjö liðu hratt og vinnan varð að rútínu. Það var gaman að vinna með góðum bókurum og góðum stjórnendum. Og það gat verið krefjandi að vinna fyrir skussana sem komu með plastpokana sína á síðasta degi og fengu þjónustu. Það gat verið snúið að púsla saman trúlegri frásögn fyrir menn sem voru hirðulausir og höfðu auk þess lélegt minni.

Eftir löggildingarprófin 1978 fór ég í starfsviðtal í kaptún á norðausturlandi. Þar var ég veðurtepptur milli jóla og nýárs. Ári seinna sótti ég um vinnu hjá Sameinuðu Þjóðunum og tók tilboði um starf í innri endurskoðunardeild í aðalstöðvunum í New York. Fyrsti vinnudagur minn var mánudagurinn 5. nóvember 1979.

Dvölin í New York

Vinnan fór hægt af stað. Ég las doðranta, fjármálareglur samtakanna með skýringum og reglugerðum og starfsmannareglurnar sem voru yfirgripsmiklar. Það tók tíma að venjast þurru og samanþjöppuðu ritmálinu sem var ólíkt málfari spennusagnanna sem ég las til að skerpa á enskukunnáttunni áður en ég fluttist út. Ég vann fyrst í þeirri undirdeild endurskoðunarinnar sem sinnti aðalstöðvunum. Önnur deild sá um verkefni út um allan heim og endurskoðendur í þeirri deild voru stundum í burtu mánuðum saman. Einn félagi minna hitti ég fyrst hálfu ári eftir að ég byrjaði.

Þessi vinna mín var hrein endurskoðun á bókhaldi og undirgögnum ásamt viðtækri skoðun á afmörkuðum rekstrareiningum aðallega til að staðfesta virkni laga og reglna, efla innra eftirlit, draga úr kostnaði eða auka tekjur. Bókhaldið var aðgengilegt í margra kílóa doðröntum og nokkur þúsund blaðsíður voru prentaðar mánaðarlega. Það lærðist fljótt að vinna aðeins með síðustu keyrslu hvers mánaðar.

Þar sem tekjur SP eru fjárframlög aðildarríkjanna var kostnaðarbókhaldið mikilvægast. Tekjunum átti að eyða í samræmi við kostnaðaráætlanir. Ég gat aldrei vanist því þegar kollegar mínir litu á það sem vandamál ef öllum fjármuninum var ekki eytt fyrir árslok. Að vísu var peningunum skilað aftur til aðildarríkjanna en ég leit ekki á það sem tap. Það voru venjulega ytri aðstæður eða ófullkomnar áætlanir sem skekktu útkomuna.

Ég kom til New York í kalda stríðinu. Daglega voru háðar orrustur milli heimsveldanna hjá Sameinuðu þjóðunum ekki

bara í þingsölunum heldur var öll starfsemin undirlögð. Margir starfsmenn voru bara í því að sinna þessari pólitík sem var meira áb erandi meðal Rússanna og nággranna þeirra austantjalds því þeir voru alltaf í varnarstöðu. Hjá báðum fylkingum var allt einsleitt, rautt eða blátt, austur eða vestur, vinátta eða hatur. Allir vildu vita hvorum hópnum ég tilheyrði. Ég mátti ekki vera á hliðarlínunni, enda hvorki Svíi né Svisslendingur. Ég vorkenndi Rússunum. Þeirra var vel gætt þar sem þeir bjuggu í vernduðu blokkahverfi innan girðinga.

Sérstakar rútur fluttu austurevrópsku starfsmennina úr og í vinnu. Aðeins þeir hæst settu máttu eiga bíla og nota þá í New York. Yfirmaður minn var einn þeirra. Hann réði mestu um verkefnaval deildarinnar og það var stundum líkt og hann hefði ákveðna útkomu í huga. Þá átti að nota skýrslurnar gegn einhverjum. Á þessum árum gat endurskoðunardeildin orðið bitbein í kalda stríðinu, því endurskoðendur áttu að hafa aðgang að öllum gögnum, líka viðkvæmum upplýsingum.

Það tók langan tíma og pólitískt þras að velja fólk í yfirmannastöður og vinnan var ekki alltaf fagmannleg á þessum árum, en það breyttist til batnaðar þegar fram liðu stundir. Aðildarríki vildu hafa áhrif á vinnu okkar þegar þau töldu að pólitísk „tískumál“ í þeirra heimalöndum ættu erindi við SP. Og margir mánuðir fóru í að leita uppi þjónustubætti sem átti að koma fyrir kattarnef því einhver taldi þá betur leysta á frjálsum markaði. En SP hafa alltaf verið í fjársveldi og ekki mikið hægt að spara. Við fundum gamlar prentvélar sem máttu missa sig, en fátt annað.

Allir muna ringulreiðina eftir Enron og svindlið sem komst upp. Endurskoðendur fóru þá að vinna eftir „COSO“ og áhættumeta allt mögulegt og reyna að stemma stigu við óreiðu og uppfærslu á mati eigna. Nokkur ríki kröfðust þess að SP notuðu þessar aðferðir, sem var svo sem ágætt, en svo mikil áhersla var lögð á þetta að það kostaði stórfé í kaupum á sérfræðiþjónustu.

Ég nefni ekki tímaeyðslu í ráðstefnur og fundi og þann toll sem það tók frá hefðbundinni endurskoðunarvinnu. Flestir sérfræðingar og leiðbeinendur á námskeiðum komu úr einkageiranum. Margir einblíndu bara á bókfært verðmæti hlutabréfa og hagnað eigenda og launapakka stjórnenda fyrirtækja sem hafði ekkert að gera með SP sem eru kostaðar með framlögum aðildarríkjanna.

Árin í Afríku

Eftir rúmt ár í New York stóð mér til boða að flytjast til Kenya. Það hafði staðið til í nokkurn tíma að opna undirskrifstofu frá endurskoðunardeildinni í Afríku, en undirbúningur tók langan

tíma. Svo loksins þegar fjármunir voru í sjónmáli fyrir þrjár stöður endurskoðenda og planið á borðinu þá gekk ekki vel að manna þær. Margir sýndu áhuga á að flytjast, en fjölskyldubönd og öruggt líf í New York héldu í fólk. Þetta átti ekki síst við um fólk frá þróunarlöndunum, sem var oft að bíða eftir að fá „græna kortið“. Fídjeyingur, af indverskum uppruna, var tilvonandi yfirmaður skrifstofunnar í Nairobi, en gagnaði þegar hann frétti af óöryggi sem minnihlutahópar frá Indlandi og Pakistan bjuggu við í Austur-Afríku.

Skrifstofan var opnuð í janúar 1982 og ég mætti fyrstur á staðinn. Annar kollegi frá New York kom svo óvænt í mars. Hann entist ekki árið, lenti í útistöðum við yfirvöldin og var sendur til baka. Vandræði hans voru persónuleg, en hann var af indverskum uppruna og mjög óruggur með sig og fjölskyldu sína. Ótti hans náði hámarki þegar uppreisnartilraun var gerð 1. ágúst 1982 og margir af asískum uppruna urðu fórnarlömb átakanna.

Yfirmaður minn kom til Nairobi um vorið. Hann var einn mesti „séntilmaður“ sem ég hef kynnst. Hann var Líberíumaður og hafði unnið í endurskoðunardeildinni í New York, en fluttist heim um 1975 til að taka við starfi ríkisendurskoðanda. Ég er viss um að hann skilaði starfi sínu vel, en hann var hnepptur í fangelsi þegar Samuel Doe rændi völdum. Kollegi minn vildi ekki tala um árið í fangelsinu, en sagði að það eina sem þeir sóttust eftir voru peningar eða eignir. Svo þegar sannreynt var að hann átti enga falda peninga var honum sleppt. Ári seinna fékk hann þessa stöðu í Nairobi. Hann fór aldrei aftur til Líberíu. Jafnvel þegar faðir hans dó, var hann ekki við útförina.



Fjölskyldan í Nairobi

Upphaflega stóð til að ég yrði tvö ár í Kenya, en fjölskyldunni leið vel, börnin voru ung og með einfaldar þarfir. Engin vandamál. Eftir rúm þrjú ár fór ég að líta í kringum mig. Við fluttumst að heiman til að vera eitt til tvö ár í New York. Nú var komið að því að snúa aftur. Mér stóð til boða starf í Genf í Sviss, á Evrópuskrifstofu SP. Okkur þótti í lagi að stoppa þar, í ár eða svo, á leiðinni heim. Við fluttumst frá Nairobi í júlí 1985.

Ferðasögur

Í Genf var allt í föstum skorðum uppá Svissneska vísu. Engin lausung, ókláruð mál og óvissa; ekki ósvaraðar spurningar eins og í Afríku. Yfirmaður minn var frá Austurríki og gamall í hettunni. Hann var skemmtilegur og góður innan við skelina. Við náðum vel saman og lentum í ýmsu. Einu sinni vorum við á ferð í Senegal, nærri landamærum Malí. Við höfðum hrossast í Toyota Pickup hundruð kílómetra á lélegum vegum í steikjandi hita og vorum þreyttir eftir langan dag. Þegar við komum á hótelið var bara eitt herbergi laust með einu rúmi, sem við urðum að deila. Í Genf endurskoðaði ég aðallega verkefni Flóttamannahjálparinnar (UNHCR). Verkefni þeirra voru um allan heim og mikil ferðalög fylgdu þessu. Ég fór í allar heimsálfur, nema Mið- og Suður Ameríku. Starfið í þessum ferðum var að sannreyna bókhald og uppgjör í aðal- og undirskrifstofum og ekki síst á stöðu mála í flóttamannabúðum.

Stærsta verkefni Flóttamannahjálparinnar var að fjármagna og leiða starf alþjóðlegra og innlendra hjálparsamtaka. Staða mín veitti aðgang að bókhaldi hjálparsamtaka, sem Flóttamannahjálpin hafði fjármagnað. Það var stundum skrautleg nálgun við endurskoðun. Ég skoðaði fyrst það sem til var með því hugarfarar að allt væri í lagi. Það var ekki alltaf svo, og þá breyttist vinnuaðferðin í að leita bara að einhverju haldbæru.

Oft höfðu innfæddir starfsmenn lítilla hjálparstofnana verið ráðnir í vinnu vegna enskukunnáttu eingöngu. Ég hitti til dæmis bókara sem var dýralæknir og túlkurinn hans var efnafræðingur. Það reyndi oft á þolinmæðina, en frosið brosið hjálpaði alltaf. Langmenntaða starfsmenn hitti ég helst í gömlu Júgóslavíu, Rússlandi og austurblokkinni. Þeir áttu yfirleitt erfitt með að skilja orðið „endurskoðandi“ en túlkarnir notuðu orðið „skattalöggregla“ og þá skildu allir hversu alvarleg málin voru. Þjóðerni mitt var hjálplegt á ferðalögum. Fyrsta ferð mín til Írans kom til af því að við vorum bara tveir á skrifstofunni í Genf sem gátum gert okkur vonir um að fá vegabréfsáritun þangað. Ég þurfti reyndar að fá nýjan passa því ekki máttu sjást áritanir til Íraks og Bandaríkjanna. Venjulega, þegar sótt var um áritun til múslimaríkis, þurfti að gefa upp fullt nafn, og líka föður og föðurafa. Þetta voru nöfn sem ég hafði sjaldan þurft að skrifa á ævinni. Í fyrstu ferð minni til Írans í byrjun júní 1989 dó Ayatollah Khomeini. Sama dag féllu kínverskir mótmælendur á torgi hins himneska friðar og heimurinn nötraði í nokkra daga. Þetta voru erfiðir dagar í Teheran. Allir bjuggust við að við yrðum að flýja land, en loks tókst að jarða klerkinn, og ástandið róaðist. Í anddyri hótels míns hafði bandaríski fáninn verið málaður á gólfid og enginn komst inn eða út úr byggingunni án þess að traðka á honum.

Erfiðustu vinnuverkefni voru í löndum og á svæðum þar sem stríð höfðu geislað. Ég kynntist því að allt það versta sem til er í mannskepnunni kemur fram í stríði. Ég var stundum fluttur á milli í brynvörðum bílum eða þyrlu, klæddur í skothelt vesti og með hjálm, spyrjandi svo um bókhald og einhverja pappíra með óbyggjandi undirskriftum. Verstu tilfelli sem ég lenti í voru í Júgóslavíu, Afghanistan, Líberíu og Sri Lanka. Að sjá hörmungarnar í Afríku og Asíu snertu mig mun minna en þegar



ég kom til Júgóslavíu, þar sem fólkíð, menning og allt umhverfi var ekki ósvipað og "heima" í Frakklandi.

Dýrasta hótél sem ég hef gíst á, hafði ekki upp á mikið að bjóða. Þetta var í Sarajevo á meðan stríðið geisaði. Stór hluti af Holiday Inn hótelinu var í rúst en ég fékk óskemmt herbergi á fjórðu hæð í álmu sem var minna löskuð. Lyfturnar virkuðu ekki og vatn þurfti ég að bera sjálfur í fötu úr garðslöngukrana sem var leiddur inn í anddyrið. Morgunmatur var gamalt þurrt brauð með smjörliki og vatnsdjús (eins og efnagerðin Valur framleiddi í gamla daga). "Kaffið" var ódrekkandi. Eitt skipti í Bosníu fylgdi ég eftir fjárframlögum sem flóttamannahjálpin hafði



Sláturtíð hjá Bosníumönnum í Serbíu

veitt tilteknu friðargæsluliði til að aðstoða flóttamenn á svæði sem gæsluliðarnir einir komust um. Óbreyttum hermanni hafði verið skipað að sjá um bókhaldið og hann notaði það tölvuforrit sem hann kunnir best á - það var gagnagrunnur til að kortleggja jarðsprengjur, sem nýttist bara bærilega í bókhaldinu.

Ég var tvisvar í Írak, meðan stríð við Íran geisaði, fyrri ferðin var 1987. Maður fann svo sem ekki mikið fyrir stríðsrekstrinum, nema hvað Íranar áttu eldflaugar sem drógu til Baghdad. Nákvæmni var víst engin eftir svo langa leið og tilviljun ein réði hvar þær féllu til jarðar. Í Baghdad vann ég við Efnahags og þróunarstofnun Vestur Asíu, sem hafði stuttu áður hrökklast frá Beirút vegna hernaðaráttaka við Ísrael. Starfsmaður þar sagði mér að þeir hefðu verið miklu öruggari í Beirút því þar gátu þeir treyst Ísraelum með skothittni á hernaðarlega mikilvæg skotmörk.

Ég var á Sri Lanka 1999 og þurfti að ferðast til svæða Tamíla í norðri. Þar var ömurlegt ástand, skortur á öllu og heilu íbúðahverfin í rúst. Ferðir SP starfsmanna voru takmarkaðar. Til að komast til Jaffna, höfuðvægis Tamíla, fékk ég far með stórum dráttarbát, nokkuð svipuðum og Bretar notuðu í landhelgisstríðinu. Rauði Krossinn gerði út þetta skip sem var með áhöfn frá Filipseyjum. Við þurftum að sigla fyrst beint 50 mílur út frá Trincomalee í norð-austurhlutanum, og síðan í norð-vestur fyrir eyjuna áður en stefnan var tekin beint inn til Jaffna. Ferðin tók um einn og hálfan sólarhring.

Um borð var mikið til af myndbandsspólum og flestir horfðu á myndir sér til afþreyingar. Ég skoðaði bókasafn skipsins, og

af sjö bókum þar var ein íslensk, sem mér þótti gott hlutfall. Þetta var reyndar einhver "róman" í kiljuútgáfu sem ég entist ekki til að lesa, en ég var verulega kátur að finna þetta. Ég geri ráð fyrir að íslensk hjúkrunarkona frá Rauða Krossinum hafi skilið bókina eftir.

Allt var myrkvað á Tamílasvæðunum og biða varð sólarupprásar til að vinna. Í rökkrunu á kvöldin gat ég spjallað við SP starfsmennina. Samkvæmt öryggisreglum voru rammgerð niðurgrafin byrgi sem við áttum að hlaupa inn ef sprengjuregn hæfist. Í trúnaði var mér sagt að í byrgjunum væru sporðrekar og snákar, og betra væri að finna annað skjól. Þarna var



Á dráttarbát Rauða Krossins við Sri Lanka.

elliheimili sem flóttamannahjálpin studdi, og ég skoðaði. Það var umgirt háum veggjum, en innan þeirra í þessu stríðshrjáða landi var „aldingarðurinn Eden“ og himneskur friður. Blóm og runnar og lækjarspræna sem rann um garðinn. Gamla fólkíð vann við handavinnu, þeir sem sáu vel lásu fyrir hina og allir voru sælir með sitt.



Með Tamílum á Sri Lanka

Það gekk yfirleitt vel að vinna með túlkum, en gat líka verið erfitt. Og ég ruglaðist oft þegar ég skoðaði verkefni sem tóku yfir nokkur ár, í löndum sem nota annað tímatal. Mörg múslimaríki nota annað tímatal og þar er nú er árið 1430. Í



Með bókurum hjá UNHCR í Jalalabad, við hlið mér, annar frá vinstri, er sá sem bar börnin og bókhaldið á bakinu til Pakistan.

Buddah-ríkjum, svo sem í Thailand, er nú árið 2553. Og oft þurfti ég að umreikna gallon í lítra og mílur og fet í metrakerfið. Svo voru lönd þar sem alltaf var erfitt að vinna þar sem þjófðarsálin var neikvæð og mér fannst allt gert til að gera vinnuna erfiða.



Með rannsóknarhóp frá ESB og fleirum í Angóla

Þó að ég hafi oft verið að fiska eftir upplýsingum og merkjum um misferli, sá ég oftast að fólk reyndi sitt besta og lagði sig fram. Einum bókará man ég eftir í Afghanistan sem hafði flúið í skyndi til Pakistan undan Talibönum. Hann hafði gengið yfir fjallaskarð með fjölskyldu sína (stóran barnahóp eins og títt er þar um slóðir), en líka með bókhaldið og tékkhefti í poka á bakinu. Pokanum skilaði hann til skrifstofunnar í Pakistan.

Í einni af fyrstu vinnuferðunum, endurskoðaði ég lítið verkefni í Sómalíu sem var fjármagnað af umhverfisstofnun SP. Það tók tvo daga að finna verkefnisstjórnann sem var prófessor við háskólann í Mogadishu. Hann var mjög jákvæður þegar ég loksins hafði upp á honum og sagðist vera með bókhaldið á hreinu. Daginn eftir kom hann með skókassa, fullan af nótum, reikningum og pappírnum en engin önnur bókhaldsgögn. Ég sat sveittur yfir þessu í einn dag og handskrifaði þetta upp



Fundur í Sierra Leone

á einfaldan hátt. Öllum peningunum hafði verið eytt, en það vantaði einhverjar nótur, því upphæð styrksins hafði verið hærri en heildarupphæð reikninganna. Ég fékk svo engar skýringar og verkefnisstjórnann fann ég ekki aftur.

Yfirmaður Þróunarhjálparrinnar í Sómalíu ráðlagði mér að



Með öldungaráði Afghana í Austur Iran

snúa aftur til Nairobi, og þar var ég kallaður á teppið; forseti Sómalíu hafði kvartað yfir þessum endurskoðanda sem væri að hnýsast í mál sem honum kæmu ekki við. Það var oft mjög viðkvæmt hvernig maður talaði við fólk, í múslimalöndum gátu menn misst hönd jafnvel höfuð ef þeir voru uppvisir að misferli eða stuldi. Í Asíu máttu menn ekki vamm sitt vita, misstu ella andlitið, eins og sagt er. En þá var úti um alla samvinnu.

Litið til baka

Íslenska starfspjálfunin og löggildingin reyndust mér gott veganesti þau 28 ár sem ég starfaði í innri-endurskoðunardeild SP. Vil ég þar fyrst nefna að ég tók löggildingarheitið mjög alvarlega og hafði það alltaf að leiðarljósi. Svo kom það sér vel að hafa þjálfast í handfærðu bókhaldi og að hafa fylgt þróuninni í vélfært bókhald og þaðan í tölvur. Að þessu leyti stóð ég framar mínum kollegum þegar ég mat og sannreynði



notkun fjármuna eftir uppgjöri og bókhaldi úr allskonar kerfum og stundum engum kerfum, en þar komu sér vel kynni mín af plastpokamönnum við Reykjavíkurtjörn. Öll þessi ár skrifaði ég ótal endurskoðunarskýrslur til að koma á breytingum og bótum, og oftast var þeim vel tekið.

Þegar ég lít til baka og skoða þær aðstæður sem ég lenti í á mörgum ferðunum, sérstaklega í upphafi starfstímans, og ferðum til gömlu Júgóslavíu, meðan stríðið geisaði, og sex mánaða dvöl í Afghanistan eftir innrás Bandaríkjanna 2001; þá geri ég mér grein fyrir hættunum, en ég gerði það ekki þá. Ég var "naive" - vonandi líka hugrakkur. Fyrir eina ferð til Addis Ababa, pakkaði ég í töskuna fyrir þrjár vikur, en sérstakt vinnuhópsverkefni teygðist í þrjá mánuði. Ég náði þó að skreppa heim til Nairobi eina helgi, en á eigin kostnað. Íslendingar taka því sem að höndum ber. Ég hafði einhvern tíma skotið úr haglabyssu á rjúpur, en það var það eina sem ég hafði komið nærri skotvopni. Ég er viss um að kollegar mínir, sem höfðu fengið herþjálfun, vissu hver hættan var, og þeir voru ekki að bjóða sig fram í þessi verk.

Starfslok

Eftir 28 ár hafði ég fengið nóg. Ég var þreyttur og leiður á ferðalögum um verstu staði í heiminum, oft einn, og í náinni snertingu við bágindi fólks. Í miðjum klíðum veturinn 2007 við undirbúning ferðar til Darfur svæðanna, langaði mig hreint ekkert að fara. Mig hafði dreymt að ég stæði frammi fyrir aftökusveit og beið eftir að hleypt yrði af þegar ég hrökk upp. Þessi draumur situr í mér og ég gleymi honum ekki.

Svo bauðst mér að hætta störfum þegar ég náði 55 ára aldri og fara á eftirlaun. Hefði reyndar ekki fengið að vera lengur en til 60 ára aldurs. Eftir nokkra umhugsun þáði ég boðið og hætti og sé ekki eftir því. Ég les og geri það sem mér þykir skemmtilegt; spila bridge og tennis og fer á skíði. Ég kem til Íslands eins oft og ég get, en bý áfram í Frakklandi þar sem fjölskylda mín unír sér vel. Við höfum ekki enn komist endanlega "heim" eftir 30 ára útivist.

Theodór Lúðvíksson

(Grein þessi er að öllu leyti á ábyrgð höfundar og lýsir hans skoðunum, og hefur ekkert að gera með skoðanir eða stefnu SP).

Fjölskyldubönd

Eins og fram hefur komið er í tilefni af 75 ára afmæli félagsins unnið að gerð æviskrár sem nær til allra sem hafa fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa á Íslandi. Meðal þeirra upplýsinga sem hefur verið safnað eru staðreyndir um fjölskyldutengsl innan stéttarinnar. Fram hefur komið að talsvert er um frændsystkin og eins finnast feðgar, feðgin, bræður og jafnvel hjón sem eru endurskoðendur. Kynningarnefnd tók tali bræður, feðga og hjón í endurskoðunarstétt til að forvitnast um þeirra hagi.

Birnir tveir, bræðurnir Friðbjörn og Ásbjörn Björnssynir

Fulltrúi kynningarnefndar tók þá bræður Friðbjörn og Ásbjörn Björnssyni tali á endurskoðunarstofunni en þeir starfa báðir hjá Ernst og Young hf. Friðbjörn fékk löggildingu árið 1975 en Ásbjörn árið 1991. Blaðamaður lagði fyrir þá nokkrar spurningar um starfið og starfsvettvanginn og hvort tengsl við ættingja hafi haft áhrif á valið.

Friðbjörn átti fyrst orðið og sagðist hafi valið þennan starfsvettvang vegna þess að hann fékk vinnu á endurskoðunarskrifstofu að loknu prófi í Verzló. Fór hann síðan yfir hvernig menntun endurskoðenda var á þeim tíma. Friðbjörn telur starfið mjög fjölbreytt og hefur starfað að mismunandi verkefnum tengdum starfinu og starfaði m.a. á lögfræði- og endurskoðunarskrifstofu í 6 ár en hann hefur starfað í faginu allt frá árinu 1968 og á síður von á því að hann skipti um starfsvettvang héðan af.



Ásbjörn aftur á móti sagði valið hafa staðið milli tölvunarfræði og viðskiptafræði þegar hann hóf nám í háskóla. Viðskiptafræðin varð fyrir valinu vegna fjölbreytninnar og þegar kom að því að velja sér svið innan hennar þá hafi endurskoðunarsvið orðið fyrir valinu vegna þess að þar með var ekki verið að útiloka neina möguleika í framtíðinni, því með námi á öðrum sviðum var ekki hægt að uppfylla menntunarkröfur til þess að verða endurskoðandi. Margir voru í viðskiptafræði á þessum tíma og eðlilega var horft til atvinnumöguleika í framtíðinni við valið. Hann sagðist ekkert hafa vitað fyrirfram um störf viðskiptafræðinga, hvað þá endurskoðenda og þau mál höfðu ekkert verið rædd sérstaklega við stóra bróður. Síðan þurfti Friðbjörn „vinnudýr“ á endurskoðunarstofuna hjá sér þegar hann var í skólanum og þar með hófust fyrstu kynni af starfinu. Þegar náminu var lokið og hann var að velja framtíðarstarf var hann í vafa um hvað hann ætti að gera en stóri bróðir taldi hann á að vera áfram og hefur hann verið starfandi sem endurskoðandi síðan. Ásbjörn sagðist aldrei hafa staldrað við til þess að velja fyrir sér hvort starfið stæði undir væntingum en starfið sé fjölbreytilegt og hann hafi kynnst mörgu góðu fólki og sér ekki eftir því að hafa valið sér þennan starfsvettvang.

Inntir eftir helstu kostum og göllum starfsins, nefndi Ásbjörn fjölbreytnina sem einn af kostum þess. Í þessu starfi fælust líka mikil samskipti við ólíka einstaklinga og reynslan af þeim samskiptum væri ómetanleg og nýtist bæði í starfinu og lífinu almennt. Þá nefnir hann að möguleikar á faglegri endurmenntun væru stöðugt að aukast og að tækifærin til þess að bæta við sig þekkingu séu fyrir hendi, þannig að óþarfi er að staðna og missa áhugann. Ókostur er hins vegar að yfirleitt er mikil tímapressa á verkefnum. Þótt vinnutími geti verið sveigjanlegur þá er það tímarammi verkefna sem er húsbóndinn. Þeir telja það líka ókost hvað lagaumhverfið er á fleygiferð með örum og oft illa ígrunduðum breytingum og þótt það sé verkefnaskapandi, er erfitt að starfa í slíku umhverfi. Stéttin glímir við það vandamál að það er ríkjandi vanþekking á verkefnum og hlutverki hennar og aðgreining stéttarinnar frá öðrum aðilum sem sinna verkefnum á sviði reikningsskila og bókhalds er ekki nægjanlega skýr í huga almennings. Af þeim sökum fá endurskoðendur oft að ósekju gagnrýni. Umræða um ábyrgð endurskoðenda hefur aukist eftir hrunið og mikilvægt er að sú umræða fari fram á faglegum nótum og að menn varist sleggjudoða. Umfjöllun eftir hrunið hefur einnig vakið umræður um ábyrgð og skyldur stjórnarmanna félaga og mun sú umræða vonandi auðvelda samskipti endurskoðenda við stjórnir þeirra þar sem þær geri sér e.t.v. betur grein fyrir ábyrgð sinni og skyldum annars vegar og ábyrgð og skyldum endurskoðandans hins vegar. Þeir voru sammála um að vinnustaður þeirra væri skemmtilegur og samstarfsfólkið frábært og í raun merkilegt hvað margt efnilegt ungt fólk getur hugsað sér að vinna hjá endurskoðunarfyrirtækjunum miðað við hvað stéttin hefur almennt verið talin óspennandi og leiðinleg.

Spurðir út í framtíðina, sagðist Ásbjörn sjá starf endurskoðenda þróast þannig að sérhæfingin verði meiri. Hann benti á að nú væru próf til löggildingar í endurskoðun þannig að eingöngu væri lagt fyrir eitt próf þar sem megináherslan væri lögð á endurskoðunina og minni áhersla á aðra þætti svo sem þekkingu á skattalögum. Þetta getur orðið til þess að við fáum endurskoðendur sem eru „leikmenn“ í skattamálum en ekki sérfræðingar. Sérfræðiþekkingin væri þá hjá lögfræðingum sem geta verið með ólíka nálgun á viðfangsefnið og hafa aðra menntun að baki. En er það rétt leið að aðskilja til dæmis reikningsskilapækkinguna og skattaþekkinguna, það eru þeir ekki svo vissir um. Íhaldssamt viðhorf, sem oft einkennir endurskoðendur, þekking á reikningskilum og glöggskyggni þeirra á tölur eru atriði sem viðskiptavinir horfa til þegar upp koma álitamál tengd sköttum. Margir viðskiptavinir gera kröfu um víðtæka þekkingu endurskoðanda síns og aukin sérhæfing mun fyrst og fremst nýtast í stærri verkefnum og þjónustu við stórfyrirtæki bæði innlend og erlend, þótt þeim innlendu hafi því miður stórlega fækkað að undaförnu. Þessi menntun verður áfram eftirsóknarverð vegna þess að með henni er aflað víðtækrar þekkingar sem nýtist víða. Sú þróun mun halda áfram að endurskoðendur starfi í ríkara mæli fyrir utan endurskoðunarstofurnar, ekki hvað síst til þess að forðast þá ábyrgð sem fylgir störfum á stofu, bæði faglega og fjárhagslega.

Þegar þeir voru inntir eftir lífinu utan vinnu var Friðbjörn snöggur til svars og sagði EKKERT. Þetta reyndist svo ekki alveg rétt. Hann á sumarhús á Siglufirði og skreppur í veiði þegar færi gefst. Hann er líka orðinn afi og á tvær afastelpur og spilar á gítar í rokkhljómsveit og spilaði badminton stift í mörg ár. Ásbjörn sagði ljóst að það væri líf utan vinnu og hann væri í alls konar sporti, badminton, knattspyrnu og golfi og er forgjöfin núna 23. Þeir bræður voru sammála um að þeir forðuðust að tala um vinnuna fyrir utan stofuna, enda væru þeir að vinna með viðkvæmar upplýsingar sem væru trúnaðarmál og ágæt regla að gefa vinnunni frí þegar komið er í annað umhverfi.

Endurskoðendahjónin, Hrefna og Kristján

Fulltrúi Kynningarnefndar tók þau hjónin Hrefnu Gunnarsdóttur og Kristján Björgvinsson tali í húsi þeirra í nýju hverfi langt uppi í uppsveitum Kópavogs. Hrefna er alin upp í Kópavogi og Kristján í Reykjavík. Þau hjónin eru bæði endurskoðendur, hann útskrifaður 1994 en hún 1996. Blaðamaður vildi forvitnast um hagi þeirra og leitaði því til þeirra með nokkrar spurningar.



Hrefna og Kristján ásamt börnum sínum

Hvernig er það Hrefna af hverju valdir þú þennan starfsvettvang og höfðu tengsl þín við maka áhrif á það? „Þegar ég valdi endurskoðunarsviðið á 4. ári í viðskiptafræðinni horfði ég m.a. til þess að hafa sem flesta möguleika opna að lokinni útskrift. Eftir útskrift var Kristján búinn að ráða sig til starfa á endurskoðunarskrifstofu en mér var sagt af endurskoðanda að það væri algjört óráð að við færum bæði að vinna á endurskoðunarskrifstofum. Eftir að hafa starfað í nokkra mánuði hjá ríkinu bauðst mér hins vegar starf á endurskoðunarskrifstofu sem mér þótti spennandi og ég sló því til.“ Þegar Kristján er inntur eftir sömu spurningu þá svarar hann því að hann hafi verið í vafa með hvort hann ætti að fara á fjármálasvið eða í endurskoðun en valdi það síðarnefnda út



af því að það væru meiri möguleikar í endurskoðuninni og gott starfsnám henni tengt. 15 árum síðar hefði hann farið aftur á skólabekk og farið í framhaldsnám í fjármálum.“

Nú starfið þið hvorug sem endurskoðendur. Hafði starfsálagið áhrif á það? „Já alveg örugglega. Þau ár sem við störfuðum bæði á endurskoðunarskrifstofum var vinnuálagið mjög mikið fyrstu 6 mánuði ársins og má segja að við höfum skipt helgunum og kvöldunum á milli okkar, annað okkar vann á laugardegi og hitt á sunnudegi auk þess sem sonur okkar fékk oft að gista hjá ömmu og afa í miðri viku þegar álagið var mest svo við gætum bæði unnið á kvöldin. Við hjónin sáumst því aðallega í dyragættinni heima þegar við skiptumst á vöktum. Þegar kom að því að sonur okkar átti að hefja skólagöngu þá ákváðum við að minnka við okkur vinnu til að geta sinnt honum betur.“ Kristján hætti í endurskoðuninni og Hrefna minnkaði starfshlutfall utan háannatíma. Þegar Hrefna ákvað að breyta um starfsvettvang hafði Kristján starfað utan fagsins í nokkur ár og þó starfið væri bæði áhugavert og skemmtilegt þá horfði hún öfundaraugum til þess að eiga svo til alltaf fri um helgar. Ástæðan fyrir því að Hrefna hætti störfum sem endurskoðandi var þó miklu frekar áhugi á að breyta til og prófa að starfa hinum megin við borðið.

Væntingar til námsins? Þegar þau hjónin eru innt eftir því hvort námið hafi staðið undir væntingum þá taka þau vel undir það. Kristján segir að þetta hafi verið góður skóli og dýrmæt reynsla ásamt því að verkefnin hafi verið mjög fjölbreytt. Að mati Hrefnu stóð námið að mestu undir væntingum þó það hefði verið örugglega til góða að hafa starfað á endurskoðunarstofu samhliða náminu og hún telur að starfsnám hefði verið æskilegt eins og var í lagadeildinni á sínum tíma.

„Við eignuðumst frumburð okkar í lok nóvember á 4. ári og eftir það skiptum við tímamætingu að hluta til á milli okkar – man að ég fékk flesta endurskoðunartímana og var mætt þar um leið og ég losnaði af fæðingardeildinni. Til að léttu okkur vinnuna á 4. ári lásu við valfögin utanskóla um sumarið og tókum prófin áður en haustönnin á 4. ári hófst. Það kom okkur heldur betur til góða um vorið þegar sonur okkar veiktist og var lagður inn á gjörgæslu um það leyti þegar prófin voru að byrja. Við vorum heppin því valfögin voru til prófs í upphafi próftímabilsins á sama tíma og sjúkráhusdvöl sonarins.“

Þau hjónin hafa mismunandi skoðun á því hvort þau sjái sig fyrir sér starfandi sem endurskoðendur í framtíðinni. Hrefna játar því og segist stundum sakna uppgjörsvinnunnar og kikksins sem því fylgir að klára uppgjör og loka vinnuöppunni. Henni fannst alltaf skemmtilegast þegar mest var að gera þó vinnuálagið hafi verið mikið. Starfsvettvangur innri endurskoðunar er að hennar mati heillandi og er frábært að kynnast því góða starfi sem unnið er hjá Félagi um innri endurskoðun og einnig hjá alþjóðlega félaginu IIA. Eiginmaðurinn er þó ekki á sömu skoðun um að hann fari aftur á starfsvettvang endurskoðunar þó svo hann viðurkenni að hafa gaman að því að koma að uppgjörum af og til.


Næsta spurning snéri að því hverjir væru nú helstu kostir og gallar starfsumhverfis endurskoðenda að þeirra mati hvað varðar vinnutíma, álag og samræmingu vinnu við einkalíf. Að mati Hrefnu eru kostirnir fyrst og fremst skemmtilegt og fjölbreytt starf. „Auðvitað komu leiðinleg verkefni inn á milli en maður vissi alltaf að þeim mundi ljúka og þá tæki eitthvað skemmtilegra við. Sveigjanlegan vinnutíma hef ég líka metið sem verulegan kost enda höfum við haft þann háttinn á s.l. 17 ár að ég byrja vinnudaginn kl. 7 á morgnana og hef því verið laus fyrir á daginn. Reyndar var það svo að þegar Kristján var hættur störfum á endurskoðunarskrifstofu fór ég oftast aftur í vinnuna um kl. 17 þegar hann kom heim frá vinnu. Ég hef líka verið mjög heppin með mína vinnustaði þar sem ég hef átt mjög góða vinnufélaga og vinnuaðstaða verið mjög góð.“ Kristján var sammála þessu og gat þess að vinnutíminn hafi geta verið nokkuð sveigjanlegur en aftur á móti hafi vinnuálagið verið fullmikið á ákveðnum tímum rétt eins og í öðrum störfum.

Hvernig sjáist þið starf endurskoðenda þróast í framtíðinni? „Það þarf að skipta endurskoðendum upp í tvo flokka eins og oft hefur verið rætt um, annars vegar þá sem eru að endurskoða í reynd og hins vegar þá sem eru í „ráðgjöf“ og uppgjörsmálum“ er haft eftir Kristjáni. Hrefna telur að störf endurskoðenda muni halda áfram að sérhæfast. Á þeim tíma þegar hún var að byrja í faginu var ekki mikið um að lögfræðingar störfuðu á stofum og voru því samskipti við skattstofur talsverður hluti af starfinu. Starfið var því blanda af skattskilum, reikningshaldi og endurskoðun. Þetta hefur gjörbreyst og á sjálfsagt enn eftir að þróast til meiri sérhæfingar.

Hvernig er lífið utan vinnunnar hjá ykkur hjónum? „Fjölskyldan og áhugamálin eru samtvinnuð. Við eigum 2 börn, 22 ára gamlan son og 13 ára dóttur. Sonurinn æfði fótbolta með Breiðablik til margra ára og síðan tók dóttir okkar við. Breiðablik er því okkar félag auk þess sem við erum miklir aðdáendur Skólahljómsveitar Kópavogs og þess góða starfs sem þar er unnið. Öll fjölskyldan spilar golf og þykir okkur nauðsynlegt að hafa golfsettin með í ferðalögum. Við erum heimakær og finnst fátt betra en að halda okkur innan Kópavogsins.“ Að þessum lokaorðum loknum kveður „blaðamaður“ og þakkar þeim heiðurshjónum fyrir ánægjulegt spjall.

Endurskoðandi eins og pabbi - feðgarnir Einar og Friðrik

Máltækið segir að það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Skyldi það vera svo í þeim tilfellum þar sem börn endurskoðenda hafa farið að þeirra fordæmi og gerst endurskoðendur? Við tókum feðga í endurskoðendastétt tali til að forvitnast um þeirra hagi hvað þetta varðar. Á vegi okkar urðu þeir feðgar Einar Sveinbjörnsson og sonur hans Friðrik Einarsson. Einar er fæddur árið 1952 og fékk löggildingu sem endurskoðandi árið 1994, árið sem Friðrik var fermdur. Friðrik fékk löggildinguna fyrir á þessu ári.



Fegðarnir Friðrik og Einar.

Hvernig var það Einar, hafðir þú tök á að taka þátt í fermingarundirbúningi drengsins? „Mig minnr að ég hafi tekið frí daginn fyrir ferminguna, þ.e. á laugardeginum, en man ekki eftir frekari aðkomu að þeim undirbúningi.“ Þess ber þó að geta að Einar gegnr auk endurskoðunarstarfsins því hlutverki, sem þykir mikill virðingarsess, að vera hringjari í Stokkseyrarkirkju ásamt því að syngja tenór í kirkjukórnum. Af þeim sökum dró hann drenginn með sér í Guðsþjónustur í kirkjunni í aðdraganda fermingarinnar.

Einar er fæddur og uppalinn á Stokkseyri, býr þar og hefur búið þar alla sína ævi að undanskildum þeim árum þegar hann stundaði nám við Háskóla Íslands. Friðrik ólst upp á Stokkseyri þangað til hann fór í háskólanám og hefur ekki skilað sér til baka enn sem komið er. Báðir starfa þeir hjá KPMG. Einar veitir skrifstofu félagsins á Selfossi forstöðu, en Friðrik vinnur á skrifstofu félagsins í Reykjavík.

Vinnið þið eitthvað saman í verkefnum, eða ráðfærið þið ykkur hvor við annan í ykkar störfum? Einar segir þá hafa unnið saman í einu litlu verkefni sem Friðrik hefur verið með í mörg ár og var kominn með áður en hann byrjaði hjá KPMG. Að öðru leyti hafa þeir ekkert hvor af öðrum að segja í vinnunni né heldur hvor yfir öðrum að segja. Vissulega ræða þeir saman um ýmis málefni sem snerta þeirra störf, en þegar Friðrik sótti um vinnu hjá KPMG tók Einar fram að hann yrði ekki undir hans verndarvæng heldur yrði að standa á eigin fótum. Einar telur að það hafi tekist og að ekki bæri á öðru en Friðrik hafi staðið sig nokkuð vel.

Aðspurðir um hvort þeir hafi starfað við eitthvað annað upplýsti Einar að hann hafi verið sveitarstjóri í 5 ár og aðalbókari í hraðfrystihúsi í 5 ár áður en hann fór út í endurskoðunina. Friðrik vann áður við bókhald og þar á undan starfaði hann sem þjónn.

Af hverju endurskoðundur? Eftir stúdentspróf fór Einar í Háskóla Íslands og lauk cand oecon prófi af endurskoðunarsviði. Eftir að hafa starfað við annað í nokkur ár hóf hann störf hjá Endurskoðun hf. (nú KPMG) árið 1988. Þá leiddi eitt af öðru og hann ákvað að skella sér í prófin, enda hafði hann uppfyllt skilyrði fyrir því. Friðrik segist hafa verið mjög góður í bókfærslu í grunnskóla, en hafði gefið það út að hann ætlaði ekki að verða endurskoðandi eins og pabbinn. Friðrik reyndi fyrir sér í verkfræðinni í Háskólanum, en ákvað svo að snúa sér að endurskoðun.

Einar, hefur þú reynt að hafa áhrif á starfsval sonarins? „Nei, ég setti mér það markmið að hlutast ekki til um starfsval barnanna minna, hvatti þau hvorki né latti í þessa átt.“ Einar segir að þegar Friðrik fór að tala um að þetta kæmi til greina þá ráðlagði hann syni sínum að sækja um starf við bókhald og byggja þannig upp góðan grunn sem myndi nýtast síðar. Friðrik fór að ráðum föður síns þarna og sér ekki eftir því.

Friðrik, hafði faðir þinn einhver áhrif á þitt starfsval, beint eða óbeint? „Hann sagði aldrei orð upphátt, en það leyndi sér ekki eftir að ákvörðunin var tekin að honum líkaði það vel. Ég reikna með að hann hafi fagnað gríðarlega án þess að ég sæi til.“

Friðrik, áttu einhverjar minningar frá bernskuárum um föður þinn sem endurskoðanda? „Bara það hefðbundna, að hann var alltaf í vinnunni á vissum tíma ársins. Eitthvað var ég að sniglast í kringum hann og einu sinni man ég eftir því að hafa aðstoðað hann við að slá inn bókhald í tölvu.“ Friðrik segist hafa komist að því eftir að hann byrjaði að vinna hjá KPMG að menn geta eitthvað sjálfir haft að segja með vinnuálagið. Svo tók hann fram að fljótlega eftir að hann byrjaði tók hann eftir því að fólk skráði sig einhverja dagana heima hjá veiku barni. „Ég man ekki eftir því að það hafi staðið til boða þegar ég var lítill“, segir Friðrik.

Einar, sýndi Friðrik einhverja tilburði sem barn og unglingur sem bentu til þess að hann myndi feta í þín fótspor? „Ég tók eftir því að drengurinn sýndi útgefnum ársreikningum sveitarfélaga mikinn áhuga strax á unga aldri. Þá var þessum ársreikningum dreift á öll heimili og Friðrik sökkta sér ofaní þá og spurði mig svo útúr.“

Þeir feðgar hafa stundað veiðar saman undanfarin ár. Einar hefur ekki hikað við að segja syni sínum til á þeim vettvangi, þó hann geri það ekki í vinnunni. „Ég er búinn að sýna honum fram á að það gengur ekki að standa út í miðri á með iPod við veiðar. Þannig nær maður engum árangri“ segir Einar.

Að lokum má geta þess að þeir hafa fengið nýtt sameiginlegt áhugamál nú í vetur, eftir að Friðrik gerði Einar að afa nú í febrúar. Þegar talið berst að því verður ekki hjá því komist að finna hve stoltir þeir eru af dóttur sinni og sonardóttur.



Hvar eru félagar í FLE árið 2010 ?

Eymundur Sveinn Einarsson er endurskoðandi hjá Endurskoðun og ráðgjöf ehf í Garðabæ

Í FLE fréttum árið 2006 var staðan tekin á því hvar endurskoðendur störfuðu á þeim tíma. Í sjálfu sér var ekki mikið sem kom á óvart í þeirri úttekt, þeir endurskoðendur sem störfuðu sjálfstætt voru að miklum meirihluta eldri karlmenn, ungt fólk fór annað hvort til starfa hjá alþjóðlegu stofunum eða út á markaðinn. Árið 2006 störfuðu 63% endurskoðenda við fagið miðað við 74% árið 2000. Það sem vakti helst athygli var að samdrátturinn virtist helst vera hjá stóru stofunum þar sem endurskoðendum fjölgaði ekki nema um 3% milli 2000 og 2006 meðan fjöldi endurskoðenda jókst um 24% á sama tímabili. Fyrir þessum tæpu fimm árum var spurningunni velt upp hvað orsakaði þessa lélegu nýliðun hjá þeim sem störfuðu við fagið og var skuldinni þá m.a. skellt á ríflæg launakjör sem endurskoðendum bauðst umfram þau sem voru í boði hjá endurskoðunarstofunum. Á árinu 2006 var hugtakið „starfsöryggi“ kannski ekki ofarlega í huga endurskoðenda.




Skipting milli vinnustaða, útskrifaðir 2005 - 2010

Á árunum 2005 til 2010 fengu alls 88 einstaklingar löggildingu í endurskoðun. Þar af voru 34 konur eða tæp 40% útskrifaðra. Þó nokkur meirihluti þeirra sem fengu löggildingu árin 2005 til 2010 eða rúm 72%, vinna við fagið nú, einu til fimm árum eftir útskrift. Þeir einstaklingar sem útskrifuðust 2005 til 2010 og starfa við fagið, vinna þrátt fyrir það eingöngu á stofum sem eru í alþjóðlegu samstarfi. Enginn virðist hafa lagt það fyrir sig að fara í sjálfstæðan rekstur.

Skipting milli vinnustaða er eftirfarandi og vekur helst athygli að rúmur helmingur allra karlmannna sem útskrifast og starfa við fagið vinna hjá Deloitte í dag en einungis 8% kvenna sem fékk löggildingu á sama tímabili.

Hvert fóru endurskoðendur 2005 til 2010?

Á tímabilinu 2005 til 2010 skiptu rúmlega 100 einstaklingar um vinnustaði eða um þriðjungur félagsmanna í FLE. Í



einhverjum tilfellum getur verið um að ræða „tæknilega“ breytingu á vinnustað en í þessari yfirferð var reynt að miða við þau tilvik þar sem um raunverulega breytingu var að ræða.

Skipting milli vinnustaða 1993 - 2010

Nú á árinu 2010 er nánast óbreytt hlutfall starfandi endurskoðenda við fagið eins og það var árið 2006 eða rúm

	Samtals	karlar	konur
Ernst og Young hf.	12	8	4
Grant Thornton ehf	6	5	1
Ríkisendurskoðun	5	3	2
Aðalendurskoðun sf	4	4	
DFK endurskoðun ehf	4	4	
Einyrkjar og samstarf	59	57	2
Samtals	90	81	9

60%. Hinsvegar fækkar þeim hlutfallslega sem starfa við fagið utan stóru stofanna þriggja og hefur hlutfall þeirra lækkað á 10 árum úr 31% árið 2000 í 24% árið 2010.

Aðrar stofur og einyrkjar

Um fjórðungur félagsmanna í FLE telst vera samkvæmt ofangreindri skilgreiningu „Aðrar stofur og einyrkjar“ eða með öðrum orðum vinna ekki á stóru stofunum þremur. Innan þessarar skilgreiningar eru ekki sjálfstæðir rekstrarráðgjafar og stoðfyrirtæki svo sem Fjárstoð og Fjárvakur. Einungis eru hér aðilar sem titla vinnustað sinn sem endurskoðunarstofu með einum eða öðrum hætti.

Hvar verða félagar í FLE?

Á tímabilinu 2005 til 2010 fóru 25 einstaklingar úr faginu (nettó) annað hvort til annarra starfa og eða létu almennt af

störfum sökum aldurs. Á sama tímabili komu að félaginu tæplega 90 nýútskrifaðir einstaklingar auk nokkurra sem skráðu sig í félagið sem voru ekki í því áður. Milli árana 2006 og 2010 fjölgaði félagsmönnum um 60 eða um 20%. Til samanburðar fjölgaði í félaginu um 40 milli 1996 og 2000 eða um 18%. Jöfn fjölgun félagsmanna eða um 5% á ári er því ánægjuefni fyrir stéttina sem heild auk þess sem þó nokkur meirihluti þeirra sem útskrifast eða 72% vinna við fagið á endurskoðunarstofu einu til fimm árum eftir löggildingu.

Þó hlýtur það að teljast varasöm þróun að þeir einstaklingar sem útskrifast með löggildingu í endurskoðun og hafa hugsað sér að starfa við fagið hafi einungis um þrjá til fjóra vinnustaði að velja. Slík einsleitni getur hvorki verið stéttinni né faginu til framdráttar.

Eymundur Sveinn Einarsson

Úr félagslífinu



Credit liðið á sumarráðstefnu 1991.



Slakað á í heita pottinum eftir leik.



Á flöt í Skotlandi og kirsuberjatrén í blóma.



Keppt er um veglegan bikar í meistaramóti FLE.



Formenn FLE í 75 ár


FLE
75 ÁRA



Björn E. Árnason
1935-1938, 1939-1941,
1944-1946, 1955-1958



Ari Ó. Thorlacius
1938-1939



Björn Steffensen
1941-1944, 1949-1954, 1955



Sigurður Jónsson
1946-1949



Jón Guðmundsson
(Nýja-Bæ)
1954-1955



Svavar Pálsson
1958-1961, 1962-1965



Eyjólfur Ísfeld
Eyjólfsson
1961-1962



Halldór V. Sigurðsson
1965-1968



Bjarni Bjarnason
1968-1970



Bergur Tómasson
1970-1973



Atli Hauksson
1973-1975



Geir Geirsson
1975-1977



Ólafur Nilsson
1977-1979



Kristinn Sigtryggsson
1979-1981



Sigurður Tómasson
1981-1983



Porvaldur K. Þorsteinsson
1983-1985



Eyjólfur K. Sigurjónsson
1985-1987



Helgi V. Jónsson
1987-1989



Árni Tómasson
1989-1991



Rúnar B. Jóhannsson
1991-1993



Þorsteinn Haraldsson
1993-1995



Tryggvi Jónsson
1995-1997



Þorvarður Gunnarsson
1997-1999



Símon Á. Gunnarsson
1999-2001



Guðmundur Snorrason
2001-2003



Sigurður B. Arnþórsson
2003-2005



Lárus Finnbogason
2005-2007



Margret G. Flóvenz
2007-2009



Þórir Ólafsson
2009-



Hjördís Ýr Ólafsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG hf.



Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton endurskoðun ehf.



Hörður Sigurjón Bjarnason, endurskoðandi hjá Deloitte hf.



Erik Ingvar Bjarnason, endurskoðandi hjá Pricewaterhouse Coopers hf.

Viðhorf yngri félagsmanna

Kynningarnefnd Félags löggiltra endurskoðanda fékk til liðs við sig nokkra félagsmenn, sem hafa lokið löggildingu á undanförunum árum, til að svara örfáum spurningum um starf sitt og áhugamál.

Hvers vegna varð þessi starfsvettvangur fyrir valinu ?

- Hjördís:** Ég valdi í raun bara námið út frá þeim fögum sem ég hafði mestan áhuga á í grunnskóla, svo var ég með frábæran kennara í Háskólanum, hann Stefán Svavarsson sem jók á áhugann. Foreldrar mínir eru báðir viðskiptafræðingar með cand.oecon gráðu og það hefur auðvitað haft áhrif.
- Davíð:** Í mínu tilviki, má segja að ég hafi fyrir tilviljun byrjað að starfa í þessum geira. Þannig er mál með vexti að eftir fyrsta árið mitt í HÍ þá bauðst mér starf á endurskoðunarskrifstofu og ég tók því boði. Ég fann mig mjög vel í starfinu og breytti því námsleiðinni minni úr fjármálum yfir í endurskoðun og þá var ekki aftur snúið.
- Hörður:** Það var engin sérstök ástæða, ætli það hafi ekki bara alltaf blundað lítið bókhaldsnörd í mér.
- Erik:** Áhuginn kviknaði þegar ég tók áfanga í reikningsskilum í framhaldsskóla. Það varð til þess að ég ákvað að loknu stúdentsprófi að fara í viðskiptafræði í Háskóla Íslands með áherslu á reikningshald og endurskoðun.

Er starfið að standa undir væntingum þínum og sérðu þig starfa í þessu fagi í framtíðinni?

- Hjördís:** Ég hef mjög gaman af starfinu mínu og mér finnst það vera virkilega fjölbreytilegt. Ég sé fyrir mér að ég starfi við þetta í framtíðinni.
- Davíð:** Starfið stendur svo sannarlega undir öllum mínum væntingum og ég get ekki séð mig starfa í öðru fagi í dag. Fjölbreytileikinn í faginu gerir það að verkum að maður er stöðugt að læra eitthvað nýtt og spennandi en það er að mínu mati stór hluti þess að ég sé mig ekki starfa í öðru fagi í framtíðinni.
- Hörður:** Ég hafði reyndar engar sérstakar væntingar þegar ég byrjaði að vinna við þetta. Hinsvegar þá kom það mér á óvart þegar ég hóf að vinna við endurskoðun hversu fjölbreytt starfið getur verið. Varðandi framtíðina þá er ekkert á dagskránni á næstunni heldur en að starfa áfram á þessum vettvangi.
- Erik:** Starfið hefur staðið undir væntingum. Í raun er það mun fjölbreyttara en ég hafði gert ráð fyrir. Þrátt fyrir hina hefðbundnu árstíðarsveiflur í starfinu eru líka alltaf önnur sérverkefni sem brjóta það upp. Starfið er líka krefjandi og maður er alltaf að takast á við eitthvað nýtt. Ég sé fyrir mér að starfa áfram í þessu fagi í framtíðinni.

Hverjir eru helstu kostir og gallar starfsumhverfisins (vinnutími, álag, samræming vinnu og einkalífs, sveigjanleiki, vinnuaðstaða, vinnumóral) ?

- Hjördís:** Það er gott að vinna hjá KPMG og mér finnst mórallinn vera góður. Ég er ótrúlega heppin með það að eiga skemmtilega samstarfsfélaga enda hefur það heilmikið að segja. Það var ekkert mál að koma aftur að vinna eftir fæðingarorlof því ég fékk að byrja í hálfu starfi og svo jók ég við mig í 80%. Ég sé fyrir mér að ég hefði hikað töluvert við það að byrja aftur að vinna ef ég hefði ekki mætt svona miklum skilningi. Einnig er vinnutíminn sveigjanlegur og yfirleitt ekkert mál að fá að skreppa frá ef þörf er á.
- Davíð:** Kostir starfsins: eru margir og augljóslega fleiri en ókostir, því annars myndi maður ekki starfa í þessum geira. Helsti kostur starfsins að mínu mati er fjölbreytileikinn í starfinu en hann gerir það að verkum að maður er alltaf að læra eitthvað nýtt. Einnig má nefna það að maður hefur eignast góða vini og starfsfélaga í gegnum þessi ár í faginu sem ég met mikils. Ókostir: Segja má að álagið sé oft á tíðum mikið og erfitt getur verið að samræma fjölskyldulíf og vinnu, sérstaklega yfir svokallaðar vinnutarnir.



- Hörður:** Helstu kostirnir eru klárlega sveigjanlegur vinnutími, einnig sakar ekki að mórallinn í vinnunni er mjög góður. Helsti „gallinn“ við þetta er kannski sá að það er alltaf nóg að gera og því getur verið svolítið snúið að samræma vinnuna og einkalífið. Maður upplifir þetta stundum eins og með heimalærdóminn þegar maður var í skóla. Maður er kannski heima að horfa á sjónvarpið en veit að maður gæti verið að læra (vinna).
- Erik:** Helstu kostir starfsins eru sveigjanleiki í vinnutíma og fjölbreytileiki í verkefnum. Gallarnir eru helst vinnuálagið sem getur verið ásamt meðfylgjandi kvöld- og helgarvinnu.

Hefurðu sérhæft þig á einhverju sérstöku sviði (endurskoðun, reikningsskil, skattskil, atvinnugreinar o.sv.frv.)?

- Hjördís:** Ég hef sérhæft mig í úrtaksaðferðum og verið í innleiðingarhópi eAudIT, sem er rafrænt vinnuumhverfi hjá KPMG.
- Davíð:** Það má segja að mín sérhæfing sé í fjármálageiranum, hvort sem um er að ræða endurskoðun aðila í þessum geira eða reikningsskil þeirra.
- Hörður:** Það vill svo til að fyrirtækin sem ég er með eru mjög fjölbreytt þannig að ég hef ekki farið að sérhæfa mig neitt enn sem komið er.
- Erik:** Sérhæfing mín hefur einna helst verið á sviði endurskoðunar.

Hvernig sérð þú starf endurskoðenda þróast í framtíðinni?

- Hjördís:** Það eru miklar breytingar núna hjá KPMG þar sem við erum að fara að vinna í rafrænu umhverfi, þetta hefur auðvitað mikil áhrif á starfið okkar. Störf endurskoðenda taka einnig sifelldum breytingum í takt við viðskiptalífið til að svara þeim kröfum sem til fagsins eru gerðar sem gerir starfið spennandi.
- Davíð:** Úff... erfið spurning.... sérstaklega í dag þegar stéttin stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum. Ég tel það líklegt að kröfur á stéttina muni aukast töluvert í náninni framtíð en starfið og hlutverk okkar mun í sjálfu sér ekki breytast. Töluverðan tíma mun taka fyrir stéttina að öðlast það traust aftur sem hún hafði fyrir svokallað hrun en ég er sannfærður um að stéttinni muni takast það með tímanum.
- Hörður:** Ætli það verði ekki meira sjálfbært gagnsæi í greininni þar sem vinnubrögð verða meira straumflínulöguð til að ná fram hámarksafköstum með lágmarkskostnaði.
- Erik:** Auknar kröfur og flóknara regluumhverfi mun að mínu mati kalla á aukna sérhæfingu innan stéttarinnar í framtíðinni.

Lífið utan vinnunnar (áhugamál, fjölskylda og fleira)?

- Hjördís:** Ég er í sambúð með Snæbirni Konráðssyni og eigum við dótturina Helenu Ásu sem er eins og hálfis árs. Helstu áhugamál eru að eyða tíma með fjölskyldunni, ferðast, snjóþretti, lesa bækur og hitta vini.
- Davíð:** Ég er giftur og á þrjú börn, tvö með núverandi konunni minni og átti eitt fyrir. Ég er mikið fyrir Skvass og ég hleyp töluvert.
- Hörður:** Ég er í sambúð með Emilíu Benediktu Gísladóttur og við eignuðumst okkar fyrsta barn (strák) þann 1. maí síðastliðinn. Annars þá er ég að spila með Þrótti í fótbolta og reyni að spila golf þegar tími gefst til, sem ég býst ekki við að verði mikill á komandi misserum.
- Erik:** Nýt þess að eiga góðar samverustundir með fjölskyldunni, horfa á kvikmyndir og lesta bækur.



Endurskoðun á tímamótum?

Ólafur B. Kristinsson er löggiltur endurskoðandi og starfar hjá PricewaterhouseCoopers hf.

Félag löggiltra endurskoðenda fagnar 75 ára afmæli á þessu ári. Þessi árafjöldi er drjúgur hluti mannsævinnar en í félagsstarfi gefur hann til kynna rótgróið og traust félag sem getur horft um öxl og fagnað því sem áhugasamir og samhentir félagsmenn hafa áorkað.

Á 60 ára afmæli félagsins var gefið út veglegt afmælisrit með miklum fróðleik um sögu félagsins fram til þess tíma og er full ástæða til þess að hvetja félagsmenn til þess að rifja þessa sögu upp á nýju afmælisári. Það er fleira en afmælisár sem marka tímamót og stundum vísað til þess þegar Vestmannaeyingar töluðu um tímann fyrir og eftir gos. Í dag eru fleiri stórvíðburðir sem marka tímamót svo sem stórgos í Eyjafjallajökli og bankahrunið. Tímamótaatburðir hafa tilhneigingu til þess að endurtaka sig og á það jafnt við um eldgos og fjármálakreppu. Það síðarnefnda hefur kallað fram spurningar um hvort bankahrunið og fjármálakreppan sem af því hlaut eða orsakaði það hafi ekki áhrif á störf endurskoðenda. Verða endurskoðendur ekki að horfa í eigin barm og meta hvort endurskoðun sem faggrein sé ekki á slíkum tímamótum að það hljóti að leiða til einhverra breytinga? Með það í huga mun ég hér á eftir leitast við að skoða nokkra þætti sem lúta að þróun endurskoðunar hér á landi og velja fyrir mér hvort ætla megji að komið sé að tímamótum endurskoðunar sem faggreinar.

Þróun endurskoðunar

Endurskoðun sem fag á sér aldalanga sögu og uppruna hennar má jafnvel rekja til forn-Egypta og til Kína þar sem fyrsti vísir varð til um það sem kalla má endurskoðun. Á þeim tíma hafði skapast þörf fyrir eftirlitsaðila sem gæti staðfest réttmæti upplýsinga um tilvist og rétta ráðstöfun eigna. Sem dæmi er nefnt að faraóar í Egyptalandi hafi tilnefnt sérstaka aðila til þess að fylgjast með kornbirgðum landsins og staðfesta það magn sem fór inn og út úr birgðageymslum. Einn eftirlitsaðili var fenginn til þess að staðfesta það sem inn fór í birgðageymslu og annar til þess að staðfesta það sem ráðstafað var af birgðunum. Ef ekki stemmdi milli þeirra voru þeir látnir gjalda ábyrgðar með lífi sínu. Það fylgir ekki sögunni hvort það sama hafi gilt ef ætla mætti að þeir hefðu ekki staðist væntingar sem til þeirra voru gerðar.

Helsta markmið endurskoðunar í öndverðu var sem sagt að leiða í ljós skekkjur og sviksemi og þannig var það fram á fyrri hluta síðustu aldar. Með tilkomu iðnbyltingarinnar fór fjármagn að flæða vítt og breitt um heiminn og þörfin fyrir endurskoðun breyttist í að sannreyna áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og þar með undirliggjandi gagna fremur en að ganga úr skugga um sviksemi. Um miðja síðustu öld var það svo orðið meginviðfangsefni endurskoðunar að sannreyna áreiðanleika

fjárhagsupplýsinga í formi reikningsskila.

Endurskoðun hér á landi hefur breyst mikið á þeirri tæpu öld sem liðin er frá því fyrsti endurskoðandinn tók til starfa á Íslandi. Í ágætri grein sem Sigurður Tómasson, endurskoðandi, skrifaði í 60 ára afmælisrit félagsins kemur fram að Indriði Einarsson sem lokið hafði hagfræðiprófi frá Háskólanum í Kaupmannahöfn hafi verið ráðinn til að endurskoða reikninga Íslands árið 1872 og var þess vegna kallaður „revisor“. Þar með hófst saga endurskoðunar og nokkrum árum síðar bættist annar endurskoðandi, Pétur H. Gunnarsson, í hópinn. Enn síðar komu svo tveir danskir endurskoðendur til landsins með stuttu millibili og annar þeirra Niels Manscher stofnaði hér endurskoðunarfyrirtæki ásamt öðrum. Það fyrirtæki var fyrsta íslenska endurskoðunarfyrirtækið sem hér tók til starfa. Sjálfsgagt er lítið vitað um þær endurskoðunaraðferðir sem þá voru notaðar en gera má ráð fyrir að endurskoðun hafi falist í því sem í dag myndi kallast fylgiskjalaendurskoðun ásamt gerð reikningsskila.

Lög um endurskoðendur nr. 9/1926 eru fyrstu lög sem sett voru um endurskoðendur. Næst voru sett lög um endurskoðendur nr. 89/1953 og því næst lög nr. 67/1976 sem voru undanfari núgildandi laga nr. 79/2008. Löggin frá árunum 1926 og 1953 kváðu á um þau skilyrði sem endurskoðendur þyrftu að uppfylla til þess að fá löggildingu sem endurskoðendur en innihéldu annars engin ákvæði um störf endurskoðenda. Störf þeirra lutu því starfsvenjum sem án efa mótuðust fyrst af áhrifum frá Danmörku og síðar, eftir stofnun Félags löggiltra endurskoðenda á árinu 1935, af erlendum samskiptum félagsins sem fylgdu í kjölfarið. Erlend áhrif á þróun endurskoðunar hér á landi fór seinna vaxandi þegar íslensk endurskoðunarfyrirtæki hófu samstarf við erlendar samsteypur endurskoðunarfyrirtækja.

Það vekur óneitanlega athygli að í lögum og reglum sem settar voru á grundvelli laganna er ekkert fjallað um samræmdar reglur um framkvæmd endurskoðunar. Þar með var treyst á að menntun til starfsins nægði til þess að samræming væri í störfum endurskoðenda.

Án efa hefur það verið rétt en allt bendir til þess að áhersla endurskoðenda fram undir síðasta hluta aldarinnar hafi verið á reikningsskil og skattarétt fremur en endurskoðun. Það hefur sjálfsgagt haft mikið að segja um það hvernig þessi þróun varð að vegna menntunar sinnar og reynslu urðu endurskoðendur helstu sérfræðingar landsins á sviði reikningsskila og skattaréttar. Þekking á þessum sviðum var ekki almenn í atvinnulífinu og var hlutverk endurskoðenda því að mestu að sjá um reikningsskil og skattamál fyrirtækja og annast framtalsgerð. Í þessu felst þó ekki að endurskoðun hafi verið

vanrækt en áherslan var ef til vill minni sem kemur fram í því að flest námskeið sem haldin voru á vegum félagsins voru á sviði reikningsskila og skattaréttar. Væntingar til endurskoðenda á þessum tíma voru fyrst og fremst á þessum tveim sviðum.

Sett voru ný lög um endurskoðendur nr. 67/1976. Talsverðar breytingar voru gerðar á menntunarkröfum til endurskoðenda með þessum lögum enda var starfsumhverfi endurskoðenda orðið ólíkt því sem áður hafði verið. Hér er þess í fyrsta sinn krafist að þeir sem vilja þreyta löggildingarpróf í endurskoðun skuli hafa lokið prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið. Lögin eru sett til þess að tryggja réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda en ekkert er vikið að því hvað felst í hugtakinu endurskoðun.

Í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög er, eftir því sem ég kemst næst, í fyrsta sinn getið um það í lögum hvað felist í störfum endurskoðenda. Þar segir í 83. gr. laganna: „Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu, í samræmi við góða endurskoðunarvenju.“ Þetta ákvæði fór sem næst óbreytt yfir í 63. gr. laga nr. 144/1994 um ársreikninga. Mér er ekki kunnugt um að hugtakið „góð endurskoðunarvenja“ hafi áður komið fyrir í lögum en það er athyglivert að þetta hugtak er ekki skýrt nánar. Góð endurskoðunarvenja var því lengi óskilgreint hugtak í lögum.

Þrátt fyrir að vísað sé til góðrar endurskoðunarvenju í ýmsum sérlægum er það fyrst í 42. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að finna má ákvæði um að Fjármálaeftirlitið skuli í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila sjá til þess að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju. Þessi skilgreining skuli þó sérstaklega eiga við um endurskoðun hjá lífeyrissjóðum. Samsvarandi ákvæði er svo að finna í 93. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að hlutafélagalögum nr. 32/1978 er vísað til þess að góð endurskoðunarvenja taki mið af fræðilegum aðferðum og venjum eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma. Fræðilegar skilgreiningar á aðferðum og framkvæmd endurskoðunar liggi fyrir meðal löggiltra endurskoðenda í nágrannalöndum okkar og hér á landi hafi löggiltir endurskoðendur unnið að hliðstæðum skilgreiningum.

Félag löggiltra endurskoðenda gaf út fyrstu leiðbeinandi reglur um endurskoðun í mars 1979 og brást þannig strax við þörfinni á faglegri skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu góð endurskoðunarvenja. Þessar leiðbeinandi reglur báru yfirskriftina „Grundvallaratriði endurskoðunar á ársreikningum hlutafélaga“. Ég tel að með þessum reglum hafi félagið markað viss tímamót þar sem gera má ráð fyrir að framkvæmd endurskoðunar hafi þegar verið farin að mótast með ólíkum hætti, annars vegar hjá þeim endurskoðendum, sem voru farnir að starfa samkvæmt starfsreglum alþjóðlegra fyrirtækja sem þeir voru í samstarfi við og hins vegar hjá þeim, sem ekki nutu slíks samstarfs. Í þessum reglum er gerð mjög góð grein fyrir því sem felst í hugtakinu góð endurskoðunarvenja og óhætt

er að fullyrða að þrátt fyrir allar þær breytingar sem orðið hafa með nýjum alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum eigi þessar grundvallarreglur ennþá við.

Á grundvelli þeirra laga sem vísað er til hér að ofan gaf Fjármálaeftirlitið út reglur um endurskoðun. Annars vegar voru gefnar út reglur um endurskoðun lífeyrissjóða nr. 685/2001 og hins vegar reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja nr. 532/2003. Báðar þessar reglur byggðust að verulegu leyti á þeim grundvallarreglum sem Félag löggiltra endurskoðenda hafði gefið út um áratug fyrr.

Endurskoðunarstaðlar

Þróun alþjóðlegra staðla um endurskoðun hófst á áttunda áratugnum og voru í fyrstu leiðbeiningar sem ætlaðar voru til þess að samræma störf endurskoðenda innan alþjóðasamtaka endurskoðenda og reikningsskilafræðinga IFAC (International Federation of Accountants). Þegar fyrirtæki fóru að sækja fjármagn utan heimalands (cross-border financing) var ljóst að þörf væri fyrir alþjóðlega staðla um endurskoðun. Til þess að mæta þessum kröfum fjármálamarkaðarins voru á árinu 1994 gefnir út alþjóðlegir staðlar um endurskoðun (International Standards on Auditing) á vegum IFAC í stað leiðbeinandi reglna og var áherslan á endurskoðun reikningsskila.

Alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir höfðu ekki mikil áhrif hér á landi til að byrja með enda íslensk fyrirtæki ekki farin að taka þátt í alþjóðlegum fjármálamarkaði eins og síðar varð. Helst gætti áhrifanna í gegnum endurskoðunarfyrirtæki sem höfðu stofnað til alþjóðlegra tengsla en þar var það fylgni við staðlana sem almennt féll undir hugtakið góð endurskoðunarvenja.

Segja má að Félag löggiltra endurskoðenda hafi tekið fyrsta skrefið í því að marka stefnu í fylgni félagsmanna almennt við alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana með útgáfu gæðahandbókar árið 2002. Þar er rakinn ferill endurskoðunar með tilvísun í þá staðla sem voru í gildi á þeim tíma. Gæðahandbókinni var ætlað að samræma störf endurskoðenda og uppfylla þörf minni endurskoðunarfyrirtækja sem ekki bjuggu við samræmt kerfi við endurskoðun. Jafnframt var með handbókinni lagður grunnur sem gæðaeftirlit félagsins hefur byggt á.

Áttunda félagatilskipun Evrópuráðsins sem innleidd var með nýjum lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 gerir ráð fyrir að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sé fylgt við endurskoðun hér á landi frá og með gildistöku laganna. Þó svo staðlarnir hafi ekki verið þýddir á íslensku leiðir af bráðabirgðaákvæði laganna að endurskoða skuli í samræmi við þá.

Áhættugrunnuð endurskoðun

Áhætta er einn af grunnþáttum endurskoðunar og felst í hættunni á því að áritun endurskoðanda á reikningsskil sé röng. Reikningsskil eru samkvæmt lögum á ábyrgð stjórnar og er endurskoðandi því ekki ábyrgur fyrir gerð og framsetningu reikningsskila. Ábyrgð endurskoðanda felst hins vegar í því áliti á reikningsskilunum sem hann lætur í ljós í áritun sinni og felst áhætta hans þess vegna í því að veita fyrirvaralaus áritun á reikningsskil sem í verulegum atriðum eru röng eða víkja frá fyrirvaralausri áritun á reikningsskil sem eru án verulegra annmarka. Hvort tveggja getur haft tjón í för með sér fyrir



þá upplýstu lesendur og notendur reikningsskila sem treysta áritun endurskoðandans.

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar ganga út frá þessari áhættu og byggja á því sem nefnt hefur verið áhættugrunduð endurskoðun (risk based auditing). Þar er lögð áhersla á að endurskoðandi meti frá upphafi til loka endurskoðunarinnar hættuna á því að reikningsskil sem hann endurskoðar séu í einhverjum veigamiklum atriðum röng vegna skekkju eða sviksemi. Reikningsskil geta verið mismunandi flókin og áhætta þeirra sem taka ákvarðanir á grundvelli þeirra getur verið ólík. Engu að síður eru meginreglurnar þær sömu og gera staðlarnir engan greinarmun að þessu leyti. Áhættugrunduð endurskoðun á alltaf við.

Við endurskoðun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum verður að horfa til þess að fylgja ber meginreglum staðlanna (principles based standards) þó víkja megi frá einstökum stöðlum eða hluta þeirra ef augljóst þykir að ákvæði þeirra eigi ekki við um tiltekin endurskoðunarverkefni. Heyrst hefur að einhverjir telji að þessir staðlar eigi bara við um stór verkefni og þeir séu alltof viðamiklir fyrir lítil eða meðalstór verkefni. Þetta er ekki alls kostar rétt því aðferðafræði staðlanna á alltaf við og alls ekki flókið að beita henni jafnvel á lítil endurskoðunarverkefni þó staðlarnir séu ekki skrifaðir með lítil og meðalstór verkefni í huga. Til þess að gera staðlana aðgengilegri og skýrari var farið í áttak (clarity project) á vegum alþjóðlegu endurskoðunarnefndarinnar IAASB (International Auditing and Assurance Standards Board) árið 2004 og lauk því verki á síðasta ári. Diane B. Hiller varaformaður nefndarinnar gerði ágætlega grein fyrir þessum breytingum á endurskoðendadegi félagsins þann 16. apríl síðast liðinn.

Er breytinga að vænta?

Endurskoðendur hafa komið að reikningsskilum allra stærstu fyrirtækjanna sem farið hafa í þrot eða orðið fyrir verulegum áföllum. Þess vegna hafa innan og utan raða endurskoðenda vaknað spurningar um það hvort afleiðingar fjármálakreppunnar leiði ekki til þess að endurskoðendur verði nú að líta í eigin barm og jafnvel breyta því sem fram að þessu hefur verið talið traust og eðlileg aðferðafræði við endurskoðun eða góð endurskoðunarvenja. Slíkum spurningum og fleirum verður ekki svarað með einföldum hætti en í mínum huga er enginn vafi á því að endurskoðendur verða að bregðast við hvort heldur sem það er á vettvangi félagsins eða starfa þeirra innan fyrirtækja og sem einstaklingar. Það felur ekki í sér að eitthvað í störfum eða starfsháttum endurskoðenda hafi brugðist en það er vissulega fullt tilefni til þess að skoða ítarlega hvort eitthvað hefði átt og mátt gera betur.

Hér að framan var víkið að því að endurskoðun væri áhættugrunduð og beindist því að verulegu leyti að áhættuþáttum í innra og ytra umhverfi fyrirtækja og áhættusömum liðum í reikningsskilum þeirra. Slíkt áhættumat er mikilvægt fyrir endurskoðunina en jafnframt mjög vandasamt. Það er ekki hægt að styðjast eingöngu við einfalda gátlista eða stöðluð endurskoðunarfyrirmæli til þess að leiða í ljós verulega áhættuþætti. Þar reynir á þekkingu og starfsreynslu

endurskoðandans sem í endurskoðunarstöðlum er nefnt faglegt mat (professional judgement) og fagleg tortryggni (professional scepticism). Þar sem báðir þessir þættir eru meira eða minna huglægir er hætta á því að þeir víki við aðstæður þar sem unnið er undir miklu vinnuálagi og tímaramminn þröngur. Hér má vafalaust gera betur en hafa verður í huga að erfitt og nær ógerlegt er fyrir endurskoðendur að greina áhættu sem stafar af ásetningsbrotum æðstu stjórnenda ef um þau er að ræða. Endurskoðun byggir á gagnkvæmu trausti.

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið endurskrifaðir eins og nefnt var hér á undan og endurbætt útgáfa kom fram um það bil sem fjármálakreppan skall á. Þetta voru ekki viðbrögð við breyttum aðstæðum á fjármálamarkaði heldur fremur tilviljun. Staðlarnir í nýjum búningi eru miklu aðgengilegri en áður og munu gera notkun þeirra auðveldari. Markvissari og meiri notkun staðlanna en áður er leið til úrbóta.

Tilkoma endurskoðunarnefnda í einingum tengdum almannahagsmunum er til mikilla bóta fyrir samskipti endurskoðenda við stjórnendur. Þar er vettvangur til þess að gera grein fyrir störfum og starfsháttum endurskoðenda auk þess sem endurskoðunarnefnd veitir endurskoðendum tiltekið aðhald. Þessi samskipti eiga eftir að hafa jákvæð áhrif á traust og ímynd endurskoðunar.

Gæðaeftirlit félagsins undanfarin ár hefur skilað góðum árangri en markmið þess hefur ekki síst verið að leiða í ljós það sem betur mátti fara, benda á lausnir og fylgja þeim eftir. Með nýjum lögum um endurskoðendur flyst ábyrgð á framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda frá félaginu sjálfu til endurskoðendaráðs. Stefnt er að því að þetta eftirlit verði með svipuðu sniði og það er á öðrum norðurlöndum.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt er nauðsynlegt að endurskoðendur horfi með gagnrýnum augum til annarra þátta í störfum sínum og gæti að því sem betur má fara.

Að lokum

Endurskoðun er lifandi fag sem eðli máls samkvæmt þarf bæði að gæta íhaldssemi og taka nauðsynlegum breytingum. En hér eins og annars staðar er ekki þörf breytinga breytinganna vegna heldur vegna mikilvægis endurskoðunar fyrir viðskiptalíf.

Eitt af því sem endurskoðun býr við nú eins og áður er hið margrædda væntingabil sem aldrei verður eins augljóst og þegar almenn umræða skapast um störf endurskoðenda. Það hefur reynst erfitt að brúa þetta bil en erfiðast er að una því þegar stjórnendur fyrirtækja, fræðimenn og stjórnvöld hafa ekki skilning á hlutverki og störfum endurskoðenda. Með einhverjum hætti þarf að stuðla að því að þessir aðilar geri sér ljóst að endurskoðun er faggrein og umfjöllun um hana krefst lágmarks þekkingar á greininni. Að lokum vil ég hvetja félagið til þess að beina þeim tilmælum til háskólanna að fagleg þekking á endurskoðun verði hluti af menntunarkröfum þeirra háskólanema sem stefna á stjórnunarstörf í framtíðinni.

Ólafur Kristinsson, endurskoðandi

Úr félagslífinu



Hádegisverðarfundir eru haldnir mánaðarlega.



Fylgst með að áhuga.



Nýjstu tækni beitt á Endurskoðunardegi 2010.



Unnið við verkefni á Morgunkorni.



Félagar í pallborði á ráðstefnu.



Bórir og Gerður taka á móti ráðstefnugestum í Salnum.



Prófaneind á góðri stund.



Frá árshöfi á Akureyri 2003.



Árnaðaróskir til FLE í tilefni af 75 árunum.



Árnaðaróskir til FLE í tilefni af 75 árunum.
DFK Endurskoðun, Skipholt 50d, 105 Reykjavík
Gunnar M. Erlingsson, Guðmundur Hannesson
og Hjalti Magnússon

BOKABÜÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



Árnaðaróskir til FLE í tilefni af 75 árunum.



Aðalendurskoðun

Bíldshöfði 14
110 Reykjavík
Sími 5757-200
Fax 5757-201

Árnaðaróskir til FLE í tilefni af 75 árunum.
Aðalendurskoðun - Björn Ó. Björgvinsson



F J Á R S T O Ð

Fjárstoð sendir FLE hamingjuóskir
með 75 árin.

Halldór Arnarsson, Ívar Guðmundsson

Endurskoðun
og reikningshald



Árnaðaróskir til FLE í tilefni af 75 árunum.
ENDURSKOÐUN OG REIKNINGSHALD
Guðmundur R. Óskarsson, endurskoðandi, Bíldshöfða 12



Íslandsbanki

Árnaðaróskir til FLE í tilefni af 75 árunum.

Skil sf.
sendir

FLE árnaðaróskir í tilefni af 75 árunum.

Erum til húsa í Borgartúni 24, 105 Reykjavík,
Birgir Ólafsson og Þórdís K. Guðmundsdóttir

Endurskoðunarstofa JPH

óskar FLE til hamingju með 75 ára afmælið.
Jón Þór Hallsson, Smiðjuvöllum 7, 300 Akranesi

TEG endurskoðun ehf
Tryggvi E. Geirsson

löggitur endurskoðandi.

Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. S. 568 0744



*Sendum félagi löggiltra
endurskoðenda bestu
afmæliskeðjur í tilefni
75 ára afmælisins.*

ÞREP ehf endurskoðun.
Reynir Ragnarsson
Pétur Guðbjartsson



*Óskum FLE til hamingju
með 75 árin.*

Endurskoðun Vestfjarða veitir
endurskoðunar, reikningsskila
og skattaþjónustu.

Starfsstöðvar eru á Aðalstræti 19,
Bolungarvík og á 2. hæð í húsnæði
Neista á Ísafirði.
Jón Þorgeir Einarsson
Guðmundur E. Kjartansson



Bókun sf
ENDURSKOÐUN
HAMRABORG 1 – 200 KÓPAVOGI
sendir FLE bestu afmæliskeðjur.

Guðmundur Jónsson
Guðmundur Jens Þorvarðarson
Jón H. Skúlason





Traust og persónuleg þjónusta

Endurskoðun og ráðgjöf ehf starfar á sviði endurskoðunar og bókhalds ásamt skattaráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga.

Við leggjum metnað okkar í að veita faglega og umfram allt persónulega þjónustu.

**Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.**

Garðatorgi 7 • 210 Garðabær
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is

Við óskum FLE til hamingju með 75 ára afmælið

Davíð A. Einarsson
Eyjólfur Brynjólfsson
Guðrún Torfhildur Gísladóttir
Ólafur G. Sigurðsson
Sigurður Ámundason
Theodór S. Sigurbergsson



- II ÚTVISTUN BÓKHALDS
- II ÚTVISTUN LAUNAVINNSLU
- II ÚTVISTUN INNHEIMTU
- II ÚTVISTUN REIKNINGAGERÐAR
- II ÚTVISTUN FJÁRMÁLASTJÓRNUNAR



VILTU LÆKKA KOSTNAÐ?

Hafðu samband við okkur og fáðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki. Við greinum fjármálaferlana í þínu fyrirtæki og gerum tilboð í valda ferla þér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga. Nánari upplýsingar eru á www.fjarvakur.is

Fjarvakur er leiðandi fyrirtæki í umsjón fjármálaferla með rúmlega 100 starfsmenn. Fyrirtækið er hluti af Icelandair Group og sérhæfir sig í fjármálaþjónustu fyrir meðalstór og stærri félög.

FJÁRVAKUR
FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

ICELANDAIR-HÚSINU || REYKJAVÍKURFLUGVELLI || 101 REYKJAVÍK || Sími 50 50 250 || FAX 50 50 259 || FJARVAKUR@FJARVAKUR.IS

dk Viðskiptahugbúnaður

dk Viðskiptahugbúnaður

Er sérhæft bókhalds- og upplýsingakerfi fyrir flestar gerðir fyrirtækja. Kostir kerfisins eru þeir helstir að hægt er að velja saman þær kerfiseiningar sem henta í byrjun og bæta seinna við eftir þörfum. Öflug og hraðvirk greiningartól eru stolt okkar en þau auðveldar stórnendum yfirsýn yfir rekstur fyrirtækja.

dk Pos

Er heildstætt og öflugt afgreiðslukerfi fyrir verslanir og aðra afgreiðslu- staði. Auðvelt er að setja upp sölufærslur auk þess sem öll umsýsla er einföld og úrvinnslan sjálfvirk. Notendaviðmót og vinnsluhraði dk Pos er með því besta sem gerist.

dk Viðskiptahugbúnaður

Fjárhagskerfi
Viðskiptamannakerfi
Lánardrottnakerfi
Sölukerfi
Birgðakerfi
Innkaupakerfi
Verkbókhaldskerfi
Launakerfi
Hótelbókunakerfi
Félagakerfi
og fleira...

dk notendur eru :

Apótek
Arkitekta- og verkfræðistofur
Auglýsingastofur
Endurskoðunar- og bókhaldsstofur
Félagasamtök
Fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki
Framleiðslufyrirtæki
Heildsölur
Hótel
Smásölur
Sveitarfélög
Veitingastaðir



dk hugbúnaður ehf - Hlíðasmára 17 - 201 Kópavogur - S. 510 - 5800 - dk@dk.is - www.dk.is

PRICEWATERHOUSECOOPERS

„Hér leggjast allir á eitt við að skila faglegri vinnu” ...

Margrét Inga Guðnadóttir, viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði PwC

... „Starfið hjá PwC er bæði fjölbreytt og krefjandi. Sem viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði fæst ég aðallega við endurskoðun og aðra sérfræðipjónustu fyrir stærri og smærri fyrirtæki. Í þessu felast mikil samskipti við viðskiptavinum og samstarfsmenn. Ábyrgðin er mikil en hér leggjast allir á eitt við að skila faglegri vinnu og það er sönn ánægja að sinna viðskiptavinunum í svo öflugu teymi”.

Deloitte.

Til hamingju með 75 árin

- Endurskoðun
- Reikningsskil
- Fjármálaráðgjöf
- Skattaráðgjöf
- Lögfræðiráðgjöf
- Áhættuþjónusta



LÍF ÁN TAKMARKANA



ÖSSUR ER ALÞJÓÐLEGT HÁTÆKNIFYRIRTÆKI Á HEILBRIGÐISSVIÐI,
SKRÁÐ Í KAUPHÖLL NASDAQ OMX Á ÍSLANDI OG Í KAUPMANNAHÖFN

●● WWW.OSSUR.COM



Life Without Limitations®

Fyrsti dagurinn allt er tilbúið

Fyrsti dagurinn. Þú ætlar að sanna þig, takast á við nýjar áskoranir og komast á næsta stig. Að sjálfsögðu ætti fyrsti dagurinn þinn að vera hjá Ernst & Young.

Framtíðin er björt!
ey.is



ERNST & YOUNG
Quality In Everything We Do

Við horfum til framtíðar



Til hamingju
með árin 75

Um árabíl hefur KPMG verið leiðandi á markaði endurskoðunar- og ráðgjafarfirmatækja og veitir mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins þjónustu. Við horfum með opnum huga til framtíðar og erum reiðubúin að takast á við þau krefjandi verkefni sem við blasa.

KPMG býr yfir vel þjálfuðu starfsfólki sem er opið fyrir innlendum sem erlendum straumum þekkingar. Við leitumst við að vera aðlaðandi vinnustaður og veitum fólki möguleika á að þróa hæfileika sína og þekkingu í samfélagi fagfólks.

Einn meginilgangur félagsins er að veita fyrirtækjum og einstaklingum sérhæfða þjónustu sem grundvallast á áreiðanleika, fagmennsku og öryggi. Með markvissu samstarfi kryfjum við málin til mergjar.

www.kpmg.is

Dagur	Viðburður	Staður	Form	Efni	Einingar
16. júlí	Afmæli FLE	Hótel Borg	Afmælisveisla	Fagnaður	
1. sept	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
23. sept	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
24. sept	Afmælisráðstefna	Hilton Rvk. Nordica hótél	Ráðstefna	Endurskoðun Reikningsskil	3
6. okt	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
21. okt	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	2
3. nóv	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
5. nóv	Haustráðstefna	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningsskil	4
5. nóv	Aðalfundur	Grand hótél	Fundur	Endurskoðun Siða / fagleg	3
18. nóv	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	2
1. des	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Siða / fagleg	
10. des	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skatta / félaga	3
5. jan	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
13. jan	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
14. jan	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skatta / félaga	4
2. feb	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
17. feb	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	2
2. mars	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
17. mars	Hádegisfundur	Grand hótél	Námskeið	Morgunkorn	2
6. apríl	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
14. apríl	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
15. apríl	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
4. maí	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
19. maí	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið	Skatta / félaga	2
1. júní	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	2